

skoðun 16

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
föstudagur
POPP







ÞITT

# FRÉTTABLAÐIÐ

FÖSTUDAGUR

25. júní 2010 — 147. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



**Lentu í klóm hrappa**

*Voru rændar tvisvar sinnum sama daginn á Indlandi.*

**fólk 34**

**Glaðst í Garðakirkju**

*Einum hjúskaparlögum fagnað með messu í Garðakirkju á Garðaholti.*

**tímamót 20**



**Ítalir sendir heim**

*Heimsmeistarar Ítalíu eru úr leik á HM í Suður-Afríku.*

**íþróttir 30**

**veðrið í dag**




**BJART MEÐ KÖFLUM** víða um land í dag. Lítils háttar skúrir gætu fallið á Suðvestur- og Suðurlandi. Vindur verður hægur víða um land og hiti yfirleitt á bilinu 12 til 18 stig.

**VEÐUR 4**

# Hjálpar þúsundum heimila

**Alþingi samþykkti í gær fimm frumvörp sem miða að því að bæta stöðu skuldsettustu heimilanna. „Gerum fólki kleift að losna undan skuldum sem það ræður ekki við,“ segir félagsmálaráðherra. Talsmenn heimila, lánþega og neytenda fagna úrræðum en hefðu viljað meira. Sagt nýtast fimm þúsund heimilum.**

**EFNAHAGSMÁL** Alþingi samþykkti í gær heimilispakkann svokallaða, fimm lagafrumvörp sem miða að því að aðstoða fjárhagslega verst stöddu heimilin í landinu.

Félagsmálaráðherra telur lögin koma til með að styðja við þúsundir heimila. Allt að 22 þúsund heimili í landinu þurfi á umtalsverðum skuldbreytingum að halda og með nýju lögunum fækki umtalsvert í þeim hópi. Allt að fimm þúsund heimili munu nýta sér úrræðin, að mati varaformanns félags- og tryggingamálanefndar.

Talsmenn heimila, lánþega og neytenda fagna þessum áfanga, en telja að lengra mætti ganga.

Meðal nýrra laga eru lög um umboðsmann skuldara, sem skal sinna hagsmunagæslu fyrir skuldsett fólk, til dæmis í samningaviðræðum við lánastofnanir. Umboðsmaður skal setja sanngirnisviðmið í samningum og leiða fólk í gegnum greiðsluaðlögun.

„Þetta var mikill gleðidagur,“ segir félagsmálaráðherra, Árni Páll Árnason. Umboðsmaðurinn geti hafið störf í ágúst. „Það er grundvallarbreyting að við náum að gera fólki kleift að losna undan óviðráðanlegum skuldum,“ segir ráðherra, en greiðsluaðlögunarúrræði hafa verið milduð og stytt í tíma.

Aðlögunin tekur nú að hámarki þrjú ár og eiga lánardrottnar nú síður að sjá sér hag í því að fara með málin fyrir dóm.

Árni segir umboðsmanninn nauðsynlegan því ekki hafi gengið eftir að láta kröfuhafa semja við skuldara án milligöngu ríkisins.

Lög sem leyfa fólki með tvær fasteignir að setja aðra þeirra upp í skuldir voru einnig samþykkt í gær. Einnig má nefna breytingar á tekjuskattslögum, sem kveða á um skattfrjálsar afskriftir skulda, upp að vissu marki.

Friðrik Ó. Friðriksson, formaður stjórnar Hagsmunasamtaka heimilanna, segir öll málin mikilvæg til að bæta stöðu fólks í greiðsluerfiðleikum. „Þetta eru miklar framfarir í okkar samfélagi. Það er enginn sem deilir um það,“ segir hann. Úrræðin forði því þó ekki að fleiri lendi í vanda.

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segist fagna öllum réttarbótum. „En ég hef nú kallað eftir heildstæðari lausn. Ég held að eftir efnahagshrun þurfi að gera meira,“ segir hann. Allt séu þetta samt skref í rétta átt.

Guðmundur Andri Skúlason, formaður Samtaka lánþega, gleðst sömuleiðis yfir því að komið sé til móts við vanda heimilanna. Hvert skref skipti máli: „Aftur á móti finnst okkur þetta langt frá því að vera nægilega langt gengið.“

- kóþ, þeb / sjá síðu 6



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SVALI Í SUMARHITA** Elstu börnin á leikskólanum Vinagerði í Bústaðahverfinu verja sumrinu að miklu leyti á ferðalögum. Í gær svöluðu þau þorstanum við vatnshana í Öskjuhlíð, eftir ferð í Nauthólsvíkina.

Fundu fornleifar í Danmörku:

## Höll blátannarkonungs fundin

**DANMÖRK Fornleifafræðingar í Danmörku hafa fundið konungshöll Haraldar blátannar, sem var konungur yfir Danmörku á síðari hluta tíundu aldar. Hann ríkti einnig yfir hluta Noregs í nokkur ár að því er talið er um 970.**

**Rústir fjögurra gamalla viðarbygginga hafa fundist. Byggingarnar fundust í Jellinge á suðurhluta Jótlands, þar sem mikið af leifum frá tímum víkinga hafa fundist.**

**Þar er meðal annars að finna leifar rúnasteins sem lýsir kristnitökunni í Danmörku, sem átti sér stað á tímum Haraldar.**

**Mads Jessen, sem leiddi uppgröftinn á svæðinu, segist telja að fleiri minjar séu undir kirkjunni í Jellinge.** - þeb

Vestur-íslenski leikstjórinn Guy Maddin uppgötvaði Athenu Rögnu Júlíusdóttur á Facebook:

## Leikur með Rossellini og Patric

**FÓLK** „Ég hélt fyrst að þetta væri eitthvert rugl,“ segir Athena Ragna Júlíusdóttir nýstúdent um hvernig hún brást við þegar vestur-íslenski leikstjórinn Guy Maddin bauð henni hlutverk í kvikmyndinni Keyhole sem skartar stórleikurunum Isabellu Rossellini og Jason Patric í aðalhlutverkum. Maddin hafði samband við hana gegnum Facebook og tók það smá tíma áður en Athena áttaði sig á því að þetta væri alvöru tilboð. „Ég gat ekki sagt nei við þessu tækifæri. Ég var að fá flugmiðann í hendurnar í vikunni og fæ að lesa handritið um helgina,“ segir Athena sem heldur á vit ævintýranna með stórstjörnunum hinn 24. júlí.

Upptökur á myndinni fara fram í Kanada og er áætluð frumsýning á næsta ári.

- áp/sjá bls.34



ATHENA RAGNA JÚLÍUSDÓTTIR

**Gefðu boltann!**

1.500 króna sending til þurfandi í Afríku

Keyptu tauboltа og styrktu munaðarlaus börn í Afríku

Salan hefst 26. júní í öllum helstu verslunarkjörnum

Sóley & félagar

Reikningsnúmer 301-13-304799
soleyogfelagar.is






## SPURNING DAGSINS



*„Þorgerður, er gengið á eftir ykkur með grasið í skónum?“*

„Já, og í öllum náttúrunnar litum.“

Þorgerður Hlöðversdóttir textíllistakona heldur námskeið í jurtalitun ásamt Sigrúnu Helgadóttur, líf- og umhverfisfræðingi. Í vor og sumar hefur orðið algjör sprenging í áhuga á jurtalitun og anna þær varla eftirspurn.

Siv Friðleifsdóttir leggur fram frumvarp um að umræðutími verði styttur og umræðuhefðin bætt á Alþingi:

# Málþófið á Alþingi heyri sögunni til

**ALÞINGI** Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, lagði fram lagafrumvarp á Alþingi í gær um þingsköp Alþingis. Frumvarpið á að bæta umræðuhefð þingmanna og koma í veg fyrir málþóf. Siv sækir fyrirmyndina til norska þingsins þar sem hún segir að málþóf sé hætt og umræðuhefðin mun betri.

„Áður en umræða hefst er ákveðið hvað hún á að standa lengi, en þó má ekki takmarka ræðutíma svo mikið að hann standi skemur en þrjá tíma,“ segir Siv. „Með þessu myndi málþóf leggjast af og umræðurnar yrðu markvissari og skilvirkari.“

Siv segist finna fyrir nokkrum mótbyr gagnvart frumvarpinu meðal þingmanna og sé hann reistur á þeim rökum að málþóf hafi verið tæki stjórnarandstöðunnar til að ná fram árangri.

„Því hefur alltaf verið beitt, af öllum flokkum, og það er tilhneiging fólks að vilja ekki sleppa því sem hefur virkað áður,“ segir hún.

Undantekningar eru í breytingartillögunum, en ekki er farið fram á takmarkaðan umræðutíma á frumvörpum um breytingar á stjórnarskrá eða til fjárlaga.

„Ferskir vindar blása nú um Alþingi,“ segir Siv. „Það verður að koma til móts við bæði þingmenn og almenning með því að bæta umræðuhefðina.“ - sv



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** vill takmarka umræðutíma þingmanna.

Dómur Hæstaréttar ræddur:

## Funduðu í stjórnarráðinu

**EFNAHAGSMÁL** Farið var yfir stöðu mála vegna dóms Hæstaréttar um gengistryggingu lána á fundi í stjórnarráðinu í gærkvöldi, segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

Gylfi, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra funduðu með fulltrúum Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans, vinnumarkaðarins, verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda.

„Það var aldrei ætlunin að taka neinar ákvarðanir á þessum fundi,“ segir Gylfi. Hann segir alla sem að fundinum komu vilja greiða úr þeim flækjum og þeirri óvissu sem hafi skapast vegna dómsins. - þeb/sjá síðu 12



**OBAMA OG MEDVEDEV** Ánægðir með fund sinn. NORDICPHOTOS/AFP

Fundur forseta tókst vel:

## Bæta samband milli ríkjanna

**BANDARÍKIN, AP** **Bandaríkjamenn og Rússar ætla að styrkja efnahagsleg tengsl og auka samvinnu í baráttunni gegn hryðjuverkum. Þetta sagði Barack Obama Bandaríkjaforseti að loknum fundi með Dmitry Medvedev Rússlandsforseta í gær.**

**Forsetarnir funduðu í um sjö klukkustundir í Washington í gær. Þeir tilkynntu að þeim hefði tekist að „endurræsa“ samskiptin milli ríkjanna. Þá gaf Obama það út að Rússar ættu að vera hluti af Alþjóðaviðskiptastofnuninni. Rússar hafa lengi viljað gerast aðilar að stofnuninni.** - þeb

# Styttist óðum í stóru ferðahelgarnar

**Undanfarin ár hafa orðið til langar umferðarteppur á álagstímum við jaðra höfuðborgarsvæðisins. Þeim sem vilja sleppa við umferðarteppur er ráðlagt að leggja af stað fyrr út úr bænum á föstudegi og fyrr af stað heim á sunnudegi.**

**FERÐALÖG** „Stærstu helgarnar hafa verið fyrsta helgin í júlí og verslunarmannahelgin en umferð í júní hefur verið að aukast. Álagstímabilið er því frá lokum júní til verslunarmannahelgar,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Undanfarin fimm til tíu ár hefur umferð til og frá höfuðborginni á sumrin aukist til mikilla muna. Hefur hún raunar verið svo mikil að vegakerfi höfuðborgarsvæðisins og nágrennis hefur illa ráðið við hana. „Vegirnir bera ekki meira en þeir eru hannaðir til. Þeir eru hannaðir fyrir dagleg umferð en ekki toppana,“ segir Guðbrandur.

Helgin sem hefst í dag, sú síðasta í júní, hefur oft verið fyrsta stóra ferðahelgin. Árið 2007 sköpuðust sunnudagskvöldið 24. júní raðir upp á tugi kílómetra að Reykjavík. Á Vesturlandsvegi náði bílaröð alla leið frá Grundartanga að Mosfellsbæ og á Suðurlandsvegi náði hún frá Hveradölum að Reykjavík. Í fyrra skapaðist mikil umferðarteppa við lok 2+1 kaflans á Suðurlandsveginum á Hellisheiði sunnudagskvöldið 28. júní.

Aðspurður hvernig komast mætti hjá því að lenda í umferðarteppum sagði Guðbrandur enga töfralausn vera til staðar. Á venjulegri ferðahelgi færu flestir úr bænum á sama tíma, eftir að vinnu lýkur á föstudegi, og svo væru flestir á sama tíma á leiðinni til borgarinnar aftur á sunnudagskvöldi. „Þeir sem vilja losna við umferðarteppur leggja fyrr af stað. Fara heim á hádegi á sunnudag og taka sér jafnvel frí eftir tólf í vinnunni á föstudegi og leggja fyrr af stað,“ sagði Guðbrandur enn fremur.

Skýringin á aukinni umferð undanfarin ár er aðallega sú mikla fjölgun skráðra ökutækja sem varð allt fram að bankahruninu haustið 2008. Annað sem hefur haft áhrif er aukinn straumur ferðamanna til landsins, en þeir leigja margir bílaleigubíla, og gífurleg fjölgun ferðavagna svo sem fellihýsa í eigu Íslendinga.

Mikil umferð hefur ekki í för með sér meiri slysahættu því umferðin verður þung og hæg. Lögreglan varar hins vegar eindregið við glæfralegum framúrakstri við þessar aðstæður og biður fólk að hafa eftirfarandi spakmæli í huga: minni hraði, minni skaði.

magnusl@frettabladid.is

### Álagspunktar og krókaleiðir




Á kortinu má sjá þá staði þar sem umferðarteppur hafa oftast myndast undanfarin ár. Mesta álagið er þar sem Suðurlands- og Vesturlandsvegur tengjast höfuðborgarsvæðinu en eins geta myndast raðir við gjaldhlið Hvalfjarðarganganna og jafnvel austur á Selfossi.

Treysti fólk sér til þess er hægt að fara aðrar leiðir að höfuðborginni svo sem í gegnum Þorlákshöfn og svo Krýsuvíkurleiðina inn í Hafnarfjörð frá Suðurlandi eða Bláfjallaveginn frá Suðurlandsvegi og inn í Hafnarfjörð en þar er um að ræða malarvegi að hluta sem bera ekki mikla umferð.



**LYKLINUM HAMPAÐ** Anna Kristín Ólafsdóttir stjórnarformaður Vatnajökulsþjóðgarðs, Svandís Svavarsdóttir og Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður.

Snæfellsstofa opnuð í gær:

## Umhverfisvæn húsbygging

**FERÐAMÁL** **Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra tók Snæfellsstofu á Skriðuklaustri í notkun í gær. Snæfellsstofa er ný gestastofa fyrir austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og í tilefni dagsins var einnig opnuð umhverfisfræðslusýningin Veraldarhjólið í stofunni.**

**Vatnajökulsþjóðgarður var friðlýstur hinn 7. júní 2008 og er Snæfellsstofa fyrsta umhverfisvottaða húsbygging á Íslandi, en framkvæmdir hófust fyrir rúmu ári. Stofan er um 700 fermetrar og kostnaður framkvæmda um 350 milljónir króna.** - sv

Málning á Suðurlandsvegi:

## Skemmdir á tuttugu bílum

**UMFERÐ** Hvítar málningarslettur á Suðurlandsveginum, rétt hjá Litlu kaffistofunni, skemmdu hátt í tuttugu bíla í gær. Sumir bílanna urðu óökufærir. Málningin hafði hellst á veginn úr fötu við vegarkantinn og biðu ökumenn í meira en tvo tíma eftir aðstoð lögreglunnar.

Talið er að málningarfatan hafi dottið af bíl á veginn. Lögreglan gaf eigendum bílanna þau svör að tjónið væri á þeirra ábyrgð, þar sem enginn sökudólgur fannst. Að sögn lögreglunnar er ólíklegt að málið leysist í bráð. - sv






Hross óðum að ná sér segir formaður hagsmunasamtaka í hestamennsku:

# Stefnt að hrossaútflutningi í ágúst

**HESTAMENNSKA** Stefnt er að því að hefja hrossaútflutning á nýjan leik um miðjan ágúst segir Kristinn Guðnason, formaður Félags hrossabænda. Það verði þó ekki gert nema heilsufar hrossanna sé komið í fullkomið lag en útflutningur hefur legið niðri vegna hóstaveiki sem herjað hefur á velflest hross hér á landi undanfarið. Þetta var niðurstaða fundar hagsmunaaðila sem haldinn var í gær.

„Það sem er að gerast núna er að þeim fer fjölgandi hrossunum sem eru að ná sér,“ sagði Kristinn í gær og kvaðst vera bjartsýnni en áður. Spurður um stöðu hrossaræktenda í landinu sagði Kristinn að góður gangur væri í folaldafæðingum og menn færu óhikað með hryssur sínar undir hesta. „En staða fjármála hjá þeim sem eru einkum að vinna við hross og hafa tekjur af þeim er mjög slæm. Margt af þessu fólki er ungt og með miklar fjárhagsskuldbindingar. Sumir eru að byggja upp og aðrir með dýra staði á leigu en hafa litlar sem engar tekjur.“

Hann sagði þrjár kynbótasýningar nú fyrirhugaðar. Búið sé að skrá tæp 200 hross í þær. Þegar væri búið að sýna um 240 hross í sumar, en á sama tíma landsmótsárið 2008 hefði verið búið að sýna um 1.500 hross á sama tíma.

Kristinn sagði að það væru skýr skilaboð frá Matvælastofnun að aðgát yrði höfð við lengri hestaferðir sem nú væru að hefjast og héraðsdýralæknar fylgdust með hrossunum. -jss



**Hrossarækt** Folaldafæðingar hafa verið í góðu lagi í vor og sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



10stk
Stjúpur
795
20stk
Stjúpur
1295
...saman í
40 ár
Afmælistilboð
í Blómavali
Stór
Afmælis-
blómvöndur
1990
Birki
í pottum
70-100 cm
799
120-180
1199
Allar
bakkaplöntur
2990
Birki - Stafafura
Blágreni - Reyniviður
Sitkabastarður
Sitkagreni
Allir
garðálfar
30%
AFSLÁTTUR
Allir
garðrósir
30%
AFSLÁTTUR
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

## GENGIÐ 24.06.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,79 | 128,39 |
| Sterlingspund | 191,23 | 192,15 |
| Evra | 156,9 | 157,78 |
| Dönsk króna | 21,078 | 21,202 |
| Norsk króna | 19,658 | 19,774 |
| Sænsk króna | 16,398 | 16,494 |
| Japanskt jen | 1,4275 | 1,4359 |
| SDR | 188,56 | 189,68 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
202,5814

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir ekkert ákveðið um áskorun vegna nímenninga:

# Vilja að Alþingi taki afstöðu til ákæru

**ALÞINGI** Engin ákvörðun hafði verið tekin í gær um hvernig verður brugðist við áskorun sjö hundruð manna til forseta Alþingis, um að ríkið felli niður mál gegn nímenningunum svokölluðu, eða að allir þeir sem réðust á Alþingi haustið 2008 verði ákærðir.

Þessi níu hafa verið ákærð af ríkissaksóknara eftir 100. grein hegningarlaga fyrir árás á Alþingi. Viðurlög eru að lágmarki eins árs fangelsisvist. Þessi sjöhundruð lýsa í raun yfir samsekt í málinu.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, ákvað á sínum tíma að biðja lögregluna um að rannsaka það þegar fólkið, sem nú er kallað nímenningar, lenti í stimpingum í alþingishúsinu og starfsfólk þingsins slasaðist.

Um hvort senda eigi undirskriftalistann sömu leið, segir hann að forseti Alþingis ákveði það væntanlega. Henni hafi verið afhentur listinn.

Bryndís Björgvinsdóttir, sem var við afhendinguna segir að Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, hafi tekið við listanum og lýst því yfir að málið væri henni óviðkomandi. Ekki náðist í Ástu í gær.

Viðar Þorsteinsson heimspekingur segir mikilvægt að forseti Alþingis taki afstöðu.

„Hún þarf að segja hvort þessir atburðir í þinginu teljist vera árás á Alþingi í pólitískum skilningi laganna,“ segir hann. **- kóþ**



**Á AUSTURVELLI** Þær Bryndís Björgvinsdóttir og Ragnheiður Ásta Pétursdóttir afhenda Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur, forseta Alþingis, áskorunina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Biðlistar hafa styst:

## Engin bið eftir skurðaðgerðum

**HEILBRIGÐISMÁL Enginn biðlisti er nú eftir almennum skurðaðgerðum né aðgerðum vegna krabbameins. Biðlistar eftir kransæðaaðgerðum, sem voru talsverðir fyrir nokkrum árum, eru nú nánast horfnir. Þetta kemur fram í athugun Landlæknis.**

**Bið vegna aðgerðar á augasteini hefur styst mjög, enda þær aðgerðir gerðar í auknum mæli utan spítala. Bið eftir gerviliðaaðgerð á hné hefur lengst samanborið við undanfarin ár. - jss**



**MINNI AFLI** Samdrátturinn nemur 24,8 prósentum frá árinu 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýjar tölur frá Fiskistofu:

## Heildarafli hefur minnkað

**SJÁVARÚTVEGUR** Heildarafli íslenska fiskiskipaflotans fyrstu níu mánuði fiskveiðiársins var tæp 747 þúsund tonn af fiski. Þetta er minni afli en á sama tímabili í fyrra þegar hann var tæp 845 þúsund tonn. Þetta kemur fram í nýjum tölum frá Fiskistofu.

Á þessu tímabili hafa íslensk skip veitt tæp 140 þúsund tonn af þorski og rúmlega 54,5 þúsund tonn af ýsu. Þorskveiði er 2,6 prósentum meiri en á sama tíma í fyrra en ýsuveiði 24,8 prósentum minni. Aflamarksskip hafa aðeins fullnýtt aflaheimildir sínar í einni tegund þessa níu fyrstu mánuði fiskveiðiársins en það er í loðnu. **- mþl**

# Segja meirihlutann ganga á svig við lög

**Minnihlutinn í Reykjavík segir meirihlutann fjölga launuðum stjórnendum Orkuveitunnar með því að ráða stjórnarformanninn. Borgarstjóri segir þetta tryggja hagsmuni eigenda fyrirtækisins og hagrætt verði til að mæta kostnaði.**

**REYKJAVÍK** „Þessi ákvörðun er í mikilli andstöðu við fyrri stefnumörkun og þá viðleitni hjá Reykjavíkurborg að lækka launa- og stjórnendakostnað.“ Þetta segir minnihluti borgarráðs um þá ráðstöfun meirihlutans að ráða Harald Flosa Tryggvason í fullt starf, sem starfandi stjórnarformann Orkuveitu Reykjavík, sem Fréttablaðið greindi frá í gær.

Þá segir minnihlutinn að þetta gangi á svig við nýsamþykkt lög frá Alþingi, þar sem segir að formaður félagsstjórnar skuli ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljist eðlilegur hluti starfa hans sem stjórnarformanns.



HARALDUR FLOSI TRYGGVASON



JÓN GNARR

Jón Gnarr borgarstjóri segir að lögin gildi ekki í þessu tilfelli, því sem Haraldur verði stjórnarmaður í fullu starfi. Hann vísar því á bug að um pólitíska ráðningu sé að ræða. Til að mæta kostnaði verði hagrætt innan fyrirtækisins.

„Við fylgjum því sem við höfum talað fyrir að skipa ekki pólitískt heldur faglega í embætti. Við erum að ráða þarna inn fólk sem hefur þekkingu og hæfni, en er um leið okkar trúnaðarfólk. Það er þrá okkar að Orkuveitan þjóni eigendum sínum betur og við tryggjum það betur með því að hafa stjórnarformann í fullu starfi.“



**BORGARRÁÐ** Hart var tekist á í borgarráði í gær um þá ráðstöfun meirihlutans að ráða stjórnarformann Orkuveitu Reykjavíkur í fullt starf sem starfandi stjórnarformann. Minnihlutinn segir það á svig við gildandi lög. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Við erum að ráða þarna inn fólk sem hefur þekkingu og hæfni, en er um leið okkar trúnaðarfólk.
>
> JÓN GNARR
> BORGARSTJÓRI REYKJAVÍKUR

Fulltrúar meirihlutans í borgarráði hafna því að verið sé að gera stjórnarformanninn að hluta af framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Meirihlutinn hafi fengið „þriggja manna teymi reynslumikils fagfólks til að leiða umfangsmikla endurskipulagningu á starfsemi og rekstri Orkuveitu Reykjavíkur með því að taka sæti í stjórn fyrirtækisins“. Minnihlutinn gefur lítið fyrir þau rök og minnir á að stjórn Orkuveitunnar sé fjölskipað stjórnvald. Það sé því óeðlilegt að tala sérstaklega um þrjá af sex stjórnarmönnum, ábyrgðin sé þeirra allra.

Í bókun meirihlutans segir að launakjör stjórnarformannsins muni taka mið af næstu undirmönnum borgarstjórans í Reykjavík. Það þýðir föst mánaðarlaun upp á 789.240 og 116.634 í kjaranefndareiningar að auki, samtals 905.874 krónur samkvæmt upplýsingum frá Ráðhúsi Reykjavíkur.

kolbeinn@frettabladid.is



**ÁLFTANES** Flestir íbúar vilja sameinast annaðhvort Reykjavík eða Garðabæ.

Viðræður hafnar í borgarráði:

## Álftanes vill sameiningu

**STJÓRNSÝSLA** Möguleg sameining sveitarfélagsins Álftaness og Reykjavíkur er í skoðun. Var þetta samþykkt á borgarráðsfundi í gærmorgun. Skoðanakönnun sem gerð var meðal íbúa Álftaness leiddi í ljós að flestir vilja að sveitarfélagið sameinist annaðhvort Garðabæ eða Reykjavík. Í framhaldi af því óskaði bæjarstjórn Álftaness eftir samningaviðræðum við fulltrúa Reykjavíkurborgar.

Samstarfssamningur Samfylkingar og Besta flokksins leggur áherslu á að Reykjavíkurborg taki forystu í umræðum um nánari samvinnu og sameiningu sveitarfélaga á svæðinu. **- sv**

Fingralangur dæmdur:

## Stal kökudropum og bikiníi

**DÓMSMÁL Karlmaður um fimmtugt hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að stela fjórum glösum af kardimommudropum og bikiníi.**

**Dropunum stal hann í Hagkaupum í Kringlunni en bikiníinu stal hann úr versluninni Adam og Evu.**

**Maðurinn var einnig sakfelldur fyrir að bera öxi á almannafæri þar sem hann gekk eftir Hverfisgötunni í janúar síðastliðnum.**

**Maðurinn játaði brot sín fyrir dómi. Fangelsisdómurinn var skilorðsbundinn til tveggja ára. - jss**






## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**HELGIN**
Það lítur út fyrir ágætisveður á landinu um helgina. Vindur verður víða fremur hægur og vætan í lágmarki. Best verður veðrið að öllum líkindum á Norðurlandi þar sem sólskin verður væntanlega mest.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 19° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 25° |
| Mallorca | 26° |
| New York | 31° |
| Orlando | 35° |
| Ósló | 22° |
| París | 26° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*

ÍSLENSKA
HAMBORGARAFABRIKKAN
2010

# GRILL
## HAMBORGARAR FABRIKKUNNAR

*Fabrikkuborgarinn er stolt Hamborgarafabrikkunnar*

*Hann er 120 gr. úr 100% fyrsta flokks ungnautakjöti*

*Í pakkanum eru tveir Fabrikkuborgarar, tvö ferhyrnd Fabrikkubrauð, Fabrikkusósa, salt og pipar*

HAMBORGARAFABRIKKAN
ER KOMIN Í HAGKAUP!



ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN 2010
995 kr. pakkinn
HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*



Holta — TILBOÐ 25% afsláttur við kassa — 1.796 kr/kg. Merkt verð 2.395.-

V·S·O·P LAMBAKJÖT — TILBOÐ 20% afsláttur við kassa — 1.998 kr/kg. Merkt verð 2.498.-

Holta — TILBOÐ 30% afsláttur við kassa — 594 kr/kg. Merkt verð 849.-

ÍSLANDS NAUT — TILBOÐ 20% afsláttur við kassa — *Aðeins 4% fita!* — 1.438 kr/kg. Merkt verð 1.798.-

**Kjúklingabringur**
í Texas kryddlegi

**VSOP lambatvírifjur**
VSOP kryddlegnar

**Heill kjúklingur**
ferskur

**Ungnautahakk**
aðeins 4% fita!



Eld Bökuð

# TILBOÐ
16" PIZZA
+ 2 LÍTRA COKE
**1.098 kr**

*Ómissandi með vængjunum!*

NÝTT

TILBOÐ — KJÚKLINGA VÆNGIR 2 TEG. — 399 kr/pk.

*Ekta gráðostasósa*

TILBOÐ — ÖMMUBAKSTUR FLATKÖKUR — 119 kr/pk.

*Frábært í ferðalagið!*

TILBOÐ — KÓKOS BOLLUR — 329 kr/pk.

TILBOÐ — AMERÍSK SÚKKULAÐIKAKA — 1.199 kr/stk

*Sérvalinn stór humar*

TILBOÐ — SÉRVALINN STÓR HUMAR — 3.449 kr/pk.

*Fanta exotic*

TILBOÐ — FANTA EXOTIC 0.5 LTR. — 99 kr/stk.

TILBOÐ — REX BITAR FRÁ FREYJU — 329 kr/pk.

OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 27. júní á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Þarf að auka hlut kvenna í umfjöllun RÚV um HM í knattspyrnu?*

| | |
|---|---|
| Já | 28,2% |
| Nei | 71,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er réttlætanlegt að hafa starfandi stjórnarformann í Orkuveitu Reykjavíkur?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Hópur ungs fólks gekk í veg fyrir hraðlest á Jónsmessunótt á Spáni:

# Tólf létu lífið í lestarslysi

**SPÁNN, AP** Að minnsta kosti tólf týndu lífi í alvarlegu lestarslysi í bænum Castelldefels suður af Barcelóna á Spáni í fyrrinótt. Nokkrir eru alvarlega slasaðir.

Slysið varð á lestarstöð í smábænum Castelledefeles þegar fólk sem steig af héraðslest reyndi að stytta sér leið yfir nærliggjandi brautarteina, en gekk þá beint í veg fyrir hraðlest sem var á fullri ferð og átti ekki að stoppa á lestarstöðinni.

Lík hinna látnu voru illa farin og erfiðleikum bundið að bera kennsl á þau. Hin látnu voru flest frá Suður-Ameríku, ungt fólk frá Ekvador, Chile, Kólumbíu og Bólivíu, sem hafði ætlað sér í Jónsmessuteiti á ströndinni.

„Fagnaðarlætin yfir því að komast úr lestinni breyttust skyndilega í öskur," segir Cardona, 34 ára gamall Bólivíumaður. Hann sagðist hafa séð „limlest fólk og blóð út um allt".

Þetta er mannskæðasta lestarslys á Spáni frá árinu 2003. **- gb**



**HÖRMULEGT SLYS** Lögregla og björgunarfólk skoða vettvang slyssins. NORDICPHOTOS/AFP

Opnun Langár á Mýrum:

# Met í laxveiði

**VEIÐI Metveiði var á opnunardegi Langár á Mýrum í fyrradag. 66 laxar veiddust á þessum fyrsta degi og segir Mjöll Daníelsdóttir, eigandi veiðihússins við Langá, mörg ár vera síðan áin hafi verið svo gjöful á þessum árstíma.**

**„Það var rosalega góð veiði. Á sama tíma í fyrra veiddust um 40 laxar," segir Mjöll. „Ég er mjög bjartsýn með sumarið."**

**Mjöll hvetur alla laxveiðimenn til að sleppa tveggja ára laxi í árnar í sumar, en hún telur sleppingar veiðimanna vera ástæðuna fyrir góðri veiði í sumar. - sv**

Nefnd sem bregst við skýrslu:

# Ragnheiður er hæf í nefndina

**ALÞINGI** Formaður þingnefndar sem á að fjalla um og bregðast við skýrslu rannsóknarnefndar, segir að hugsanlegt vanhæfi nefndarmannsins Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, þingmanns Sjálfstæðisflokks, hafi verið yfirfarið af nefndinni.



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR**

„Viðkomandi mál hefur að mínu [mati] ekki áhrif á setu hennar í þingmannanefndinni," segir formaðurinn, Atli Gíslason, í tölvuskeyti. Atli er þingmaður Vinstri grænna.

Sonur Ragnheiðar, Ríkharður Daðason, krafðist nýlega þrjátíu milljóna króna frá þrotabúi Kaupþings vegna vangoldinna launa, en hann starfaði þar allt fram að hruni. **- kóþ**

Tvö ungmenni ákærð:

# Börðu og spörkuðu í lögreglu

**DÓMAMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tvö ungmenni í tveimur aðskildum málum fyrir árásir á lögreglumenn við skyldustörf.

Piltinum, sem er tæplega tvítugur, er gefið að sök að hafa í lögreglubifreið við Yrsufell sparkað í bringu, vinstra læri og vinstri framhandlegg lögreglumanns og í kjölfarið hótað honum lífláti.

Ungu konunni er gefið að sök að hafa utandyra í Kópavogsbæ slegið lögreglumann sem þar var við skyldustörf, með flötum lófa á vinstri kinn með þeim afleiðingum að hann marðist á kinnbeinsboga. **- jss**

# Þing samþykkir lagafjöld í þágu hinna verst stöddu

**Alþingi setti lög í gær, sem einkum er ætlað að þjóna þeim skuldurum sem verst standa. Meðal annars á að stofna embætti, sem hafi hagsmuni skuldara í forgangi. Greiðsluaðlögun milduð og stytt, þannig að ólíklegra er að fólk þurfi að fara fyrir dóm. Þingmaður telur að fimm þúsund heimili geti nýtt úrræðin.**

**ALÞINGI** Fimm frumvörp sem miða að því að aðstoða þá skuldara sem verst standa fjárhagslega voru samþykkt á Alþingi í gær á sérstökum þingfundi vegna þeirra mála.

Sett voru lög til að gera fólki í greiðsluvanda kleift að ná tökum á vandanum. Samkvæmt þeim sækir skuldari um aðlögun sem á að taka allt að þrjú ár, eftir samkomulagi skuldara og lánara. Að þeim tíma liðnum skulu kröfurnar afskrifaðar, nema um annað hafi verið samið. Þó skal enn greitt af veðkröfum sem rúmast innan matsvirðis eignarinnar.



**SIGRÍÐUR INGIBJÖRG INGADÓTTIR**

„Þetta þýðir að fólk þarf ekki að fara fyrir dóm, heldur í frjálsa samninga við lánardrottna," segir Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, varaformaður félags- og tryggingamálanefndar. Nú sé búið að hátta málum þannig að kröfuhafar hafi ekki sérstakan hag af dómstólaleiðinni.

Greiðsluaðlögun hefur verið stytt þannig að í stað þess að hún taki þrjú til fimm ár tekur hún nú eitt til þrjú ár. Þeir verst stöddu geta jafnvel fengið bót mála innan árs.

Þá var samþykkt að stofna sérstakt embætti umboðsmanns skuldara, en sá á að veita fólki í verulegum fjárhagsvandræðum ókeypis aðstoð.

Umboðsmaðurinn á meðal annars að hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna, með hagsmuni skuldara að leiðarljósi. Umboðsmaður á að fara með framkvæmd greiðsluaðlögunar og ná eins hagstæðri lausn og hægt er fyrir skuldarann. Embættið heyrir undir félagsmálaráðherra.

Sigríður Ingibjörg segir þetta afar mikilvægt, enda komi umboðsmaður þessi til með að setja sanngirnisviðmið í samningum, þegar að greiðsluaðlögun kemur. Þá komi hann að ákvörðunum um greiðslugetu einstaklinga.

Ný lög um tímabundin úrræði einstaklinga, sem eiga tvær fasteignir til heimilisnota, voru einnig samþykkt í gær. Þau eru hugsuð til aðstoðar því fólki, sem að öðru leyti kann að vera í góðum málum, en hafði keypt nýja húseign áður en það seldi sitt eigið húsnæði, þegar efnahagslífið fór á hliðina. Samkvæmt lögunum má nú setja aðra eignina upp í skuldir. Félags- og tryggingamálaráðuneytið áætlar að allt að 1.500 heimili séu í þessari stöðu.

Alþingi bætti einnig nýjum ákvæðum við lög um tekjuskatt. Þau fjalla um skattalega meðferð á eftirgjöf skulda, bæði hjá lögaðilum og einstaklingum, og setja þak, þrjátíu milljónir króna, á skattskyldu slíkra afskrifta.

Ráðstafanir þessar eru tímabundnar og tilgangur frumvarpsins er að aðstoða einstaklinga sem alla jafna gætu staðið í skilum og forða þeim frá greiðsluþroti.

Sigríður segir mjög erfitt að meta áhrif þessara aðgerða. Nú þegar hafi um 800 heimili nýtt sér úrræði um greiðsluaðlögun.

„Ég gæti trúað að þetta yrðu milli þrjú og fimm þúsund heimili, þótt enn fleiri þyrftu kannski í raun að nýta sér úrræðin," segir hún. Lögin séu hugsuð fyrir þau heimili sem með engu móti ráða við skuldsetningu sína. Þau séu því miður ótrúlega mörg.

Sigríður segir, spurð hvort frekari aðgerða í þágu heimilanna megi vænta frá ríkisstjórninni, að það sem meginmáli skipti sé að endurreisa efnahagslífið, afnema gjaldeyrishöft og blása fólki von í brjóst. „Erfitt efnahagsástand er náttúrlega ennþá erfiðara ef þú hefur enga von um að það batni," segir hún.

klemens@frettabladid.is



**Í ÞINGSAL** Fámennt var í sal Alþingis þegar ljósmyndara blaðsins bar að garði í gær. Jón Gunnarsson stendur í pontu, en í forsæti er Ragnheiður Ríkharðsdóttir. Ögmundur Jónasson lítur yfir salinn, þar sem sitja þeir Atli Gíslason og Pétur H. Blöndal. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Helma Jóhannesdóttir
Viðskiptastjóri Borgartúni

Íslendingar velja **MP banka**

*Heimild: Frétt Viðskiptablaðsins 16. júní

Við erum stolt af niðurstöðum nýrrar könnunar Capacent Gallup sem sýnir að MP banki er fyrsti valkostur Íslendinga þegar kemur að bankaviðskiptum.*

Hafðu samband í síma 540 3200, á www.mp.is eða komdu í heimsókn í útibú okkar. Við tökum vel á móti þér.

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is



# RÓMUÐ METSÖLUBÓK

# EYJAFJALLAJÖKULL

## Stórbrotin náttúra | Untamed Nature

★★★★

Matthías Árni Ingimarsson, Morgunblaðið



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON
Jarðeðlisfræðingur og rithöfundur



RAGNAR TH. SIGURÐSSON
Ljósmyndari




1. Sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

**GLÆSILEG LJÓSMYNDA- OG FRÆÐIBÓK** um eldgosin tvö á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli vorið 2010 – aðdraganda þeirra, eðli og áhrif. Önnur prentun er þegar komin í verslanir.

**MAGNAÐAR MYNDIR** eftir einn okkar kunnasta ljósmyndara, **Ragnar Th. Sigurðsson**, njóta sín til fulls í stóru broti. Einnig myndir eftir Sigurð Stefnisson og Kjartan Guðmundsson.

**ÍTARLEGUR OG AÐGENGILEGUR TEXTI** eftir hinn víðkunna **Ara Trausta Guðmundsson**, jarðeðlisfræðing og rithöfund, opnar ásamt myndum Ragnars skýra sýn á þessa örlagaríku viðburði sem höfðu áhrif á alla heimsbyggðina.

**HEIMA OG ERLENDIS**. Allur texti bókarinnar er bæði á ensku og íslensku. Allir þekkja Eyjafjallajökul! Tilvalin gjöf til vina og samstarfsaðila, hvar í veröldinni sem er.

**METSALA OG GÓÐIR DÓMAR**. Síðan bókin kom út hefur hún setið í **fyrsta sæti** á metsölulista Eymundsson-verslananna. Í Morgunblaðinu fékk hún **fjórar stjörnur** í lofsamlegum ritdómi.

Uppheimar | Vesturgötu 45 | 300 Akranes | 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is

UPPHEIMAR

UPPHEIMAR




Undirbúningur á uppgreftri Bobbys Fischer langt kominn:

# Tjaldað yfir opna gröfina

**LÖGREGLUMÁL** Lík Bobbys Fischer verður grafið upp á næstu dögum. Tjaldað verður yfir gröfina á meðan hún stendur opin og lífsýni úr líkinu sótt.

Eftir lát Fischers komu fram kröfur í faðernismáli gegn dánarbúi hans og er uppgröfturinn af þeim sökum.

Verkáætlun á framkvæmdinni er farin að mótast og gert er ráð fyrir að sýslumaður, sóknarprestur, læknir, réttarmeinafræðingur, lögmenn og lögreglumenn verði viðstaddir. Ekki er talin þörf á að flytja líkið af staðnum, en Fischer er grafinn í kirkjugarðinum að Laugardælum. - sv



**BOBBY FISCHER** Hæstiréttur heimilaði að sótt yrðu lífsýni í lík hans.



**Á LEIÐ TIL TORONTO** David Cameron, nýr forsætisráðherra Bretlands, sækir leiðtogafund G20-ríkjanna í fyrsta sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ágreiningur fyrir fundinn

**Leiðtogar G20-ríkjahópsins hafa ekki átt jafn auðvelt með að koma sér saman um aðgerðir í efnahagsmálum eins og á fundi sínum á síðasta ári.**

**KANADA, AP** Nú um helgina ætla leiðtogar tuttugu auðugustu ríkja heims að hittast á fundi í Kanada til að ræða efnahagsvandann í heiminum.

Á síðasta ári komu þeir sér saman um nokkuð róttækar aðgerðir til að örva efnahagsvöxt í kjölfar kreppunnar miklu, sem þá var nýskollin á. Nú virðast þeir hins vegar eiga erfiðara með að tala einni röddu, enda hafa málin þróast á ólíkan veg eftir löndum, þannig að þau standa frammi fyrir ólíkum vandamálum nú á efnahagssviðinu.

Hluti spennunnar felst í því að leiðtogaskipti hafa orðið á síðustu vikum í þremur ríkjanna, Bretlandi, Japan og nú síðast Ástralíu.

Spennan hefur þó verið einna mest milli Þjóðverja og fleiri Evrópuríkja, sem hafa boðað strangar sparnaðaraðgerðir til að draga úr fjárlagahalla, og svo Bandaríkjanna og fleiri ríkja sem vilja halda áfram að örva hagvöxt með örlæti í ríkisútgjöldum.

Evrópuríkin hafa mörg hver miklar áhyggjur af gríðarlegri skuldasöfnun og þeirri hættu sem hún hefur í för með sér, ekki síst fyrir evruna, hina sameiginlegu mynt sextán Evrópusambandsríkja. Vandi Grikkja hefur heldur betur hrist upp í stjórnvöldum stærri Evrópusambandsríkjanna, sem hafa boðað harkalegan niðurskurð.

Fyrir utan þetta áhyggjumál hafa ríkin 20 ólíkar hugmyndir um það hvernig best sé að styrkja eftirlit með fjármálakerfinu til að tryggja að ekki verði nýtt bankahrun. Ólíklegt þykir að þær deilur verði allar leystar.

Viðræðurnar hefjast strax í dag á fundi G8-ríkjahópsins skammt norður af Toronto, en síðan bætast hin ríkin í hópinn á laugardag þegar G20-fundurinn sjálfur hefst í Toronto-borg og stendur hann fram á sunnudag. - gb

## Leiðtogafundir auðugustu ríkja heims

Samráðsvettvangur helstu iðnríkja heims hófst í kjölfar olíukreppunnar 1973 þegar Bandaríkin buðu fjármálaráðherrum Bretlands, Vestur-Þýskalands, Japans og Frakklands til skrafs og ráðagerða í Washington árið 1974. Árið eftir bauð Frakklandsforseti leiðtogum þessara fimm ríkja og Ítalíu að auki til fundar, og var þá ákveðið að leiðtogar þessara sex ríkja myndu eftirleiðis hittast árlega.

Nokkrum árum eftir hrun Sovétríkjanna árið 1991 þótti ástæða til að kalla Rússa að borðinu, og frá árinu 1997 hafa leiðtogar þessa átta ríkja hóps hist reglulega.

Smám saman jókst þrýstingur á að taka að auki bæði áhrifamestu ríki þróunarheimsins og leiðtoga Evrópusambandsins sérstaklega með í hópinn. Síðasta haust var svo ákveðið að G20-hópurinn yrði helsti vettvangur samráðs helstu leiðtoga heims í efnahagsmálum, en hann er skipaður leiðtogum eftirtaldra ríkja:

| | | |
|---|---|---|
| Argentína | Indland | Mexíkó |
| Ástralía | Indónesía | Sádi-Arabía |
| Bandaríkin | Ítalía | Suður-Afríka |
| Brasilía | Japan | Suður-Kórea |
| Bretland | Kanada | Tyrkland |
| Evrópusambandið | Kína | Þýskaland |
| Frakkland | Rússland | |

Frelsi – ábyrgð – umhyggja

39. landsfundur Sjálfstæðisflokksins

25. & 26. júní

2010

Föstudagur 25. júní

Setningarfundur er öllum opinn – málefnastarf aðeins fyrir landsfundarfulltrúa

16.00 Setning – ræða formanns í beinni útsendingu á xd.is
17.00 Framsaga um stjórnmálaályktun.
17.15 Tillögur viðbragðshóps Sjálfstæðisflokksins.
18.00 Málefnavinna hefst.
21.30 Málefnavinnu lýkur.

(Hægt verður að kaupa kvöldmat á staðnum.)

Laugardagur 26. júní

Fundurinn er í beinni útsendingu á xd.is

9.00 Skýrsla framkvæmdastjóra.
9.15 Frambjóðendakynningar.
10.00 Kynning á niðurstöðum málefnavinnu.
11.00 Tillögur viðbragðshóps Sjálfstæðisflokksins.
Breytingar á skipulagsreglum. Umræður.
13.30 Kosning formanns.
14.00 Jafnréttisstefna Sjálfstæðisflokksins. Umræður.
15.00 Kosning varaformanns.
15.30 Stjórnmálaályktun.
17.00 Fundarslit – ávarp formanns.

20.00 Landsfundarhóf í Gullhömrum, Grafarholti, haldið af Sambandi ungra sjálfstæðismanna í tilefni af 80 ára afmæli sambandsins.

Húsið verður opnað kl. 20.00 en borðhald hefst klukkan 20.30.

Veislustjóri kvöldsins er Ari Eldjárn og eftir kvöldverð leikur hljómsveitin Tríkot fyrir dansi.



Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
FRÉTTABLAÐIÐ www.visir.is/posthusid – sími 585 8330




KJARNAFÆÐI
SUMARLEIKUR
KJARNAFÆÐIS
2010
Sápukúlur
Fótbolti
Sippuband
Frisbee
Jójó með ljósi
SAFNAÐU BOLTUM OG FÁÐU
SKEMMTILEG SUMARLEIKFÖNG
Safnaðu boltunum sem eru á pylsupökkunum frá Kjarnafæði og fáðu skemmtileg sumarleikföng.
Settu boltana á þátttökuseðilinn og afhentu það í afgreiðslustöð Kjarnafæðis og veldu leikfang.
Allir þátttakendur lenda í lukkupotti og úr pottinum verða dregnir glæsilegir grillvinningar á Bylgjunni í sumar.
Fáðu nánari upplýsingar á www.kjarnafaedi.is eða í síma 460-7400.
KJARNAFÆÐI PYLSUR
ALLTAF Í SÓKN!

# Spara í umhverfis- og forvarnamálum

**Tvær stöður verða lagðar niður hjá Árborg í umhverfismálum og á fjölskyldusviði. Illa unnið og stefnulaust segir fulltrúi minnihlutans. Nefndarformaður sótti um stöðu umhverfissérfræðings sem nú verður lögð niður.**

**ÁRBORG** Stöður sérfræðings í umhverfismálum og verkefnisstjóra í íþrótta-, forvarna- og menningarmálum í Árborg verða lagðar niður, gangi hugmyndir meirihlutans eftir. Tillögur þess efnis verða lagðar fram á fundi bæjarráðs í dag. Þá verður staða starfsmannastjóra lögð niður, en enginn hefur gegnt henni í tvö ár.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var einnig rætt við tvo yfirmenn á Fjölskyldumiðstöð, en ekki hefur verið tekin ákvörðun um að leggja þær stöður niður.

Elfa Dögg Þórðardóttir, formaður framkvæmda- og veitustjórnar, segir að þetta sé hluti af sparnaðaraðgerðum nýs meirihluta. Sveitarfélagið sé þannig sett að gera þurfi ákveðnar breytingar. Búið sé að ákveða að leggja þessar stöður niður og ræða við viðkomandi. Önnur svið séu einnig til skoðunar, en hún búist ekki við fækkun þar.



**ÁRBORG** Lagt verður til á fundi bæjarráðs í dag að leggja niður tvær stöður á sviði umhverfismála og íþrótta-, forvarna og menningarmála. Þá stendur einnig til að leggjan niður stöðu starfsmannastjóra sem enginn hefur gegnt í tvö ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ragnheiði Hergeirsdóttur, oddvita Samfylkingarinnar og fyrrum bæjarstjóra, líst illa á málið. Hún segir aðferðafræðina dapurlega og vandséð hví liggi svona á.

„Það liggur ekki fyrir nein stefna eða hugmyndir um það hvernig skipulagið á að vera í kjölfarið, hvert þau verkefni sem þarna er verið að leggja niður eiga að fara, hvort það eigi að hætta að sinna þeim eða fela það öðrum starfsmönnum. Mér finnst það lágmarkskrafa þegar fólk fer í skipulagsbreytingar með niðurlagningu starfa, að það liggi fyrir í hvaða átt á þá að halda.“

Elfa Dögg segir breytingarnar hins vegar vera gerðar að yfirlögðu ráði og þeim verkefnum sem viðkomandi aðilar sinntu hafi verið komið fyrir annars staðar.

Tómstundafulltrúi sveitarfélagsins er hættur og Elfa Dögg segir að gerðar verði breytingar á þeim sviðum. Ráðinn verði nýr starfsmaður sem taki yfir tómstunda- og íþróttamál.

Staða sérfræðings í umhverfismálum var stofnuð fyrir tveimur árum og var Elfa Dögg þá einn umsækjenda. Hún segir að sveitarfélagið hafi ekki efni á að halda þeirri stöðu úti núna. Hún segir að umhirðumál í sveitarfélaginu muni falla beint undir þá nefnd sem sjái um framkvæmda- og veitustjórnina, sem hún er í forsvari fyrir.

Ragnheiður segir dapurlegt að leggja niður stöður í þessum málaflokkum, gott starf hafi verið unnið á þeim sviðum sem sveitarfélagið hafi fengið viðurkenningar fyrir. „Mér finnst þetta bera vott um að fólk sé ekki búið að setja sig inn í málin.“ **kolbeinn@frettabladid.is**


FASTUS

Ansell

**Ansell einnota hanskar**

Fastus hefur tekið yfir sölu og dreifingu á Ansell einnota hönskum.
Erum með gott úrval af nítríl og latex einnota hönskum.



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

**FYRIR VANDLÁTA**



Ryð-frítt

79.900

FULLT VERÐ 95.000

16,5 kw/h

**Frábært grill**
**fyrir íslenskar aðstæður**

- Mikil orka 16,5 kw/h
- Grillgrindur úr pottjárni
- 3 brennarar úr pottjárni
- Hitadreifarar úr pottjárni
- Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
- Vönduð og sterk viðargrind
- Innbyggð neistakveikja
- Skúffa fyrir fitu
- Grillflötur: 64 x 49cm
- Stærð: 145 x 108 x 62 cm

LANDMANN
Er frá Þýskalandi

Opið laugardag til kl. 14

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400

FÆST EINNIG HJÁ
ORMSSON -
ÁRVIRKINN SELFOSSI
MODEL AKRANESI
RADÍÓNAUST AKUREYRI
GEISLA Í EYJUM




Þjónustulán 0% vextir

**Láttu þinn Audi njóta sín í sumar**

**Vaxtalaust 100% þjónustulán**

Elías og félagar sjá til þess að Audi bíllinn þinn njóti sín til fulls í sumar. Þú getur fengið vaxtalaust 100% lán fyrir því sem þarf til að gera með sveigjanlegum greiðslum til allt að tólf mánaða*. Láttu okkur gera betur við bílinn þinn.

*Lán geta numið að hámarki 500 þús, að lágmarki 60 þús. Lántökugjald: 3%.

Val um upprunalega eða ódýrari varahluti | Sérstök hraðþjónusta í boði | Ókeypis forgreining

Reynslan er góð!

Þjónustuver og þjónustumóttökur: Opið frá 8-17 alla virka daga · Pantanasími 590 5030 · thjonusta@hekla.is. Netspjall á www.hekla.is.

Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

Embætti ríkislögreglustjóra og lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins létu rannsaka heimilisofbeldi:

# Flest tilfelli heimilisofbeldis á höfuðborgarsvæðinu

**LÖGREGLUMÁL** Flest tilfelli af heimilisofbeldi eru skráð á höfuðborgarsvæðinu, eða 76 prósent ofbeldismála og 81 prósent ágreiningsmála. Þetta eru niðurstöður viðamikillar rannsóknar sem Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hafa látið gera á heimilisofbeldi.

Í rannsóknarskýrslunni um heimilisofbeldi, sem er skilgreint sem annaðhvort ofbeldi eða ágreiningur milli skyldra og tengdra, var unnið með samtals 993 mál sem tilkynnt voru til lögreglu á árunum 2006-2007. Rannsóknina gerðu þær Guðbjörg S. Bergsdóttir, félagsfræðingur hjá embætti ríkislögreglustjóra, og Rannveig Þórisdóttir, deildarstjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu.

Flest tilvikin áttu sér stað á heimili eða einkalóð, eða í 92 prósentum tilvika. Flest atvikin voru tilkynnt um helgar, eða 47 prósent. Oftar bárust tilkynningar á kvöldin á virkum dögum en eftir miðnætti og fram eftir nóttu um helgar.

Gerendur voru 787 og komu þeir við sögu í 950 tilvikum. Í 76 prósentum tilvika voru karlar gerendur og í 24 prósentum tilvika konur. Meðalaldur gerenda var 35 ár.

Forsaga var þekkt í um helmingi tilvika. Þegar þau tilvik voru skoðuð kom í ljós að í um 30 prósentum tilvika var heimilisofbeldi rakið til skilnaðar eða sambandsslita. Áfengis- eða vímuefnaneysla var hluti af forsögu rúmlega 18 prósenta ofbeldismála og 12 prósenta ágreiningsmála.

- jss

**92%** tilvika á höfuðborgarsvæðinu áttu sér stað á heimili eða einkalóð.

**76%** gerenda voru karlmenn en 24 prósent konur.

RANNSÓKNARSKÝRSLA UM OFBELDI



**ALLIR Í VERKFALLI** Um allt Frakkland lagði fólk niður störf í gær til að mótmæla áformum stjórnarinnar um að hækka eftirlaunaaldur upp í 62 ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**GODFRIED DANEELS** Lögreglan segir hann hafa sýnt fulla samvinnu.
NORDICPHOTOS/AFP

Lögregla rannsakar presta:

## Húsleit á heimili erkibiskups

**BELGÍA, AP** Belgíska lögreglan gerði í gær húsleit á heimili fyrrverandi erkibiskups kaþólsku kirkjunnar í Belgíu, Godfrieds Daneels, í tengslum við rannsókn á barnaníðingshætti kaþólskra presta þar í landi.

Að húsleit lokinni hurfu lögreglumenn á braut með tölvu biskupsins og bunka af skjölum.

Hvorki lögregla né saksóknari í Belgíu vildu segja hvort Daneels sjálfur væri grunaður um kynferðisbrot gegn börnum, eða hvort rannsóknin hafi eingöngu beinst að því að afla upplýsinga.

- gb

Nýr forsætisráðherra í Ástralíu:

## Fyrst kvenna í embættið

**ÁSTRALÍA Julia Gillard tók í gær við embætti forsætisráðherra Ástralíu af Kevin Rudd. Gillard er fyrsta konan sem sest í stól forsætisráðherra í Ástralíu.**

**Julia Gillard er 48 ára lögmaður að mennt. Hún er fædd í Wales á Bretlandi en flutti með foreldrum sínum til Ástralíu þegar hún var barn að aldri. Gillard var fyrst kosin á þing fyrir Verkamannaflokkinn árið 1998. Hún varð aðstoðarforsætisráðherra í ráðuneyti Rudds árið 2007.**



**JULIA GILLARD**

Tólf mánuðir á skilorði:

## Braut gegn fjórtán ára stúlku

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður hefur verið dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness í tólf mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn barni. Þá var hann dæmdur til að greiða stúlkunni 200 þúsund í miskabætur.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa tvívegis haft samræði við fjórtán ára stúlku.

Maðurinn játaði brot sitt.

Honum var gert, auk ofangreinds, að greiða tæplega hálfa milljón króna í málsvexti.

- jss


36 farfuglaheimili um allt land bjóða ykkur velkomin



# Farfuglaheimili eru frábær kostur fyrir alla fjölskylduna

Farfuglaheimilin eru öllum opin. Þau bjóða gestum sínum góða gistingu á hagkvæmu verði.
Á farfuglaheimilum er heimilisleg stemning sem hentar vel fjölskyldum á leið sinni um landið.

Nánari upplýsingar um einstök farfuglaheimili er að finna á vef Farfugla www.hostel.is
Einnig er hægt að fá upplýsingar um heimilin í bæklingi sem liggur frammi á flestum upplýsingamiðstöðvum landsins.



Alls eru starfandi 36 farfuglaheimili hér á landi.
Þau bjóða upp á einstaklings- og fjölskylduherbergi
og á öllum þeirra er eldunaraðstaða fyrir gesti.

Bókaðu gistingu á farfuglaheimilum í sumar
– það næsta er aldrei langt undan.
Verið velkomin!

HOSTELLING INTERNATIONAL

**Farfuglar** | Borgartúni 6 | 105 Reykjavík | Sími 575 6700 | info@hostel.is | www.hostel.is

FRÉTTASKÝRING: SKIPTAR SKOÐANIR UM FRAMHALD EFTIR HÆSTARÉTTARDÓM

# Tveir andstæðir pólar í gengislánamáli

**Tvær fylkingar takast á um næstu skref eftir að Hæstiréttur úrskurðaði ólögmæti gengistryggðra bílalána fyrir viku. Annar hópurinn segir vaxtatöflu Seðlabankans eiga að taka við af gengistryggingunni. Hinn krefst þess að upphaflegir samningsvextir standi.**

Menn greinir mjög á um hvað taki við í kjölfar úrskurðar Hæstaréttar frá í síðustu viku að gengistryggð bílalán Lýsingar og SP Fjármögnunar væru ólögmæt. Níu ár eru síðan slíkt var óheimilt án þess að nokkur eftirlitsaðili hafi gripið í taumana.

Sama dag og úrskurðurinn féll lagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra það til í samtali við Fréttablaðið að í stað gengistryggingar skyldi miða við hagstæðustu vexti Seðlabankans, hvort heldur er verðtryggða eða óverðtryggða, í stað þeirra samningsvaxta sem kveðið sé á um í lánasamningum fjármögnunarfyrirtækjanna.

Undir þetta hafa fleiri í stjórnsýslunni tekið, svo sem Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra. Hann og Már Guðmundsson seðlabankastjóri telja báðir að verði lendingin sú að miða við samningsvexti gengisláná og afnema tryggingar sem fólust í genginu geti það sett bankakerfið á hliðina.

Már dró upp svarta mynd af efnahagshorfum hér verði lendingin sú að miða við samningsvexti í stað einhvers forms verðtryggingar. Sú spá tók mið af víðtækustu skilgreiningu á gengislánum.

Arion banki og Íslandsbanki sendu frá sér tilkynningar í gær, þar sem fram kemur að nái skilgreiningin á gengistryggðu lánunum jafnframt til íbúðalána muni það ekki leiða til þess að eiginfjárhlutföll bankanna fari undir þau sextán prósenta mörk sem Fjármálaeftirlitið setur þeim. Landsbankinn er veikastur bankanna með 16,3 prósenta eiginfjárhlutfall en Íslandsbanki sterkastur. Eiginfjárhlutfall hans er 19,8 prósent. Landsbankinn vísaði því ekki á bug opinberlega í gær að hann væri varinn gegn víðtækari úrskurði Hæstaréttar.

Forsvarsmenn fjármögnunarfyrirtækjanna tveggja auk Avant og Íslandsbanka Fjármögnunar og bankanna þriggja hafa fundað sleitulítið frá því dómur Hæstaréttar féll. Þeir hafa frá upphafi sagt ekki liggja fyrir hvað muni taka við af gengistryggingunni. Hefur hópurinn kallað eftir tilmælum frá stjórnvöldum til að brúa bilið þar til Hæstiréttur dæmir í sambærilegum málum sem skorið geta bæði úr um það hvort skilgreining á gengistryggðum lánum nái til íbúðalána og hvað taki við af gengistryggingunni. Fjármögnunarfyrirtækin hafa sett greiðsluseðla í salt þar til skorið verður úr óvissunni.

Heimildir Fréttablaðsins herma að bæði innan dyra fjármögnunarfyrirtækjanna og bankanna hafi verið settir fram útreikningar, sem fela í sér nokkra möguleika. Þeir sem rætt hefur verið við segja að þótt ríkisstjórnin hafi ekki sett fram opinber tilmæli um það við hvaða útreikninga eigi að miða kunni svo að fara að vaxtatafla Seðlabankans verði ofan á þar til Hæstiréttur sker úr um annað.



**BÍLAR TIL SÖLU** Óvíst er hvað tekur við af gengistryggðum bílalánum fjármögnunarfyrirtækjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
jab@frettabladid.is


## Hagstæðustu vextir Seðlabankans

**Hverjir:** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri og fleiri.

**Krafan:** Fjármálafyrirtækin skulu miða útreikninga sína á gengistryggðum lánum í krónum við hagstæðustu vexti Seðlabankans, hvort heldur er óverðtryggða vexti eða verðtryggða. Vextir óverðtryggðra lána Seðlabankans standa nú í 8,25 prósentum en verðtryggðir vextir lána eru 4,8 prósent.

**Rökin:** Gengistryggð lán hafa verið óheimil samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu frá 2001. Reikna á lánin ýmist með verðtryggðum eða óverðtryggðum vöxtum.

Már Guðmundsson seðlabankastjóri sagði á vaxtaákvörðunarfundi í fyrradag óvíst hvort bankarnir geti staðið undir áfallinu á þá verði ákveðið að láta samningsvexti gengistryggðra lána standa. Fari svo að skilgreiningin á gengistryggðum lánum nái til íbúðalána gæti þurft að setja nýtt fé inn í bankakerfið. Það myndi lenda á kröfuhöfum gömlu bankanna sem eiga þá nýju. Ríkið á rúm áttatíu prósent í Landsbankanum en talsvert minna í Arion banka og aðeins fimm prósent í Íslandsbanka. Þetta mun svo hamla því að bankarnir geti sett fé inn í hagkerfið. Það getur dregið kreppuna á langinn.


**MÁR GUÐMUNDSSON**

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, sagði á Alþingi í gær óásættanlegt að hluti Íslendinga fái lán á vildarkjörum á kostnað samborgara sinna. Bankakerfið hafi verið búið undir að gengistryggðu lánin innheimtust ekki að fullu. Ekki hafi verið gert ráð fyrir því að samningsvextir myndu standa. Höggið á bankana muni óhjákvæmilega falla á ríkissjóð, skattgreiðendur og notendur opinberrar þjónustu. Hann sagði í samtali við Fréttablaðið í fyrradag vaxtakjör gengistryggðra lána ekki í neinum tengslum við íslenskan veruleika.

## Samningsvextir skulu standa

**Hverjir:** Hagsmunasamtök heimilanna, Samtök lánþega og talsmaður neytenda og fleiri.

**Krafan:** Niðurstaða Hæstaréttar frá síðustu viku um ólögmæti gengistryggðra lána breytir engu nema um annað sé samið eða dæmt. Þau vaxtakjör sem samið var um við gerð lánasamninga skulu standa. Þeir eru á bilinu 2,0 til 3,0 prósent að viðbættu álagi viðkomandi banka eða fjármálafyrirtækis sem gerði lánasamninginn.


**GÍSLI TRYGGVASON**

**Rökin:** Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, segir þá sem hafi tekið gengistryggð mál hafa mátt þola nóg vegna eigenda og stjórnenda bankanna fyrir hrun. Hann stendur gegn því að þeir verði látnir taka á sig klyfjar til að koma ríkinu og eigendum bankanna frá því að þurfa að endurfjármagna þá. Öðrum vöxtum sem rætt hefur verið um að komi í stað gengistryggingar líkir hann við endurfjármögnun bankanna.

**Endurgreiðsla:** Gísli sagði, sama dag og dómur Hæstaréttar féll í síðustu viku, fólk sem tekið hafi gengistryggt bílalán geta átt von á endurgreiðslu hafi það greitt of mikið, líkt og kveðið er á um í neytendalögum. Fari fjármögnunarfyrirtækin á hliðina vegna þungrar endurgreiðslubyrði geta lántakar átt von á að tapa kröfum sínum.




Lánveitingar bankanna:

## Skulda tvö þúsund milljarða

■ Heildarútlán viðskiptabankanna námu 1.700 milljörðum króna í fyrra. Rúmur helmingur þeirra var gengisbundinn, að því er fram kemur í riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleiki 2010.

■ Lán viðskiptabankanna til fyrirtækja námu um 63 prósentum af heildarútlánum bankanna en um 23 prósent voru til einstaklinga.

■ Gengisbundin lán banka og fjármálafyrirtækja námu 912,7 milljörðum króna í marslok, samkvæmt nýjustu hagtölum Seðlabankans. Þar af námu gengisbundin lán til einstaklinga 116 milljörðum króna.

■ Í riti Seðlabankans kemur fram að gengisbundin lán fyrirtækja og einstaklinga voru í flestum tilfellum tekin þegar gengi íslensku krónunnar var sterkt. Skuldsetning þessara aðila fyrir fjármálaáfallið var í mörgum tilvikum orðin mikil. Stór hluti lántaka hefur fengið greiðslufrest eða lánafrystingu.





BT
Heimsklassa tilboð
Bluray spilari
SAMSUNG
Samsung bluray
SABDC6900
3D Bluray spilari
FullHD afspilun
DVD upconversion
USB margmiðlunarspilari
internet@tv,Youtube,
Facebook, Twitter o.fl
79.999
Heimsins fyrsti 3D bluray spilari
Fylgir 16.999
40" 3D sjónvarp
SAMSUNG
Samsung 40" 3D LED
SAUE40C7705WS
FullHD 3D LED
1920 x 1080
6.000.000:1
200Hz
Internet, upptaka og
afspilun á USB, Skype o.m.fl
Fyrsta 3D LED tæki í heiminum!
397.999
Fylgir 16.999
3D gleraugu
SAMSUNG
3D gleraugu
16.999
Auka gleraugu fyrir gestina
32" LCD sjónvarp
SAMSUNG
Samsung 32" LCD
SALE32C455E1W
HD Ready LCD
1366 x 768
High Contrast
50Hz
SRS TruSurround HD
Frábært verð
127.999
42" Plasma sjónvarp
SAMSUNG
Samsung 42" Plasma
SAPS42C455B1W
HD Ready Plasma
1024 x 768
2.000.000:1
600Hz
Anynet+,Game mode,Auto
Channel Search
177.999
Flott í fótboltann
40" LED sjónvarp
SAMSUNG
Samsung 40" LED
SAUE40C6005RW
FullHD LED
1920 x 1080
4.000.000:1
100 Hz
WiFi Ready, USB 2.0 Movie
277.999
Ótrúlega þunnt
Nintendo
Wii
Sports Resort og Motion plus fylgir
Fylgir
44.999
54.999
Var að lenda
Super Mario Galaxy 2
Sá vinsælasti í dag
11.499
New Super Mario Bros. Wii
kominn aftur
9.999
NINTENDO DSi XL
37.999
Frábær í ferðalagið
7.999
7.999
7.999
BT SKEIFAN - BT GLERÁRTORG S: 550-4444 - www.bt.is

# 30% afsláttur



Ryðfríar Skrúfur

Festingar & vinklar



# 25% afsláttur

SIMPSON Strong-Tie

# ALLT FYRIR PALLINN Á

# LÆGRA VERÐI




3 ltr. 2.990

Jotun pallaolía 3 ltr.
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.
7049123-33-37

Vinsælasta pallaolía á Íslandi




13.995 ~~15.995~~

100 Bör, 1300W
5 metra slanga

Háþrýstidæla Nilfisk C.100 3 ltr.
Vnr. 5254240

NILFISK

TRÖPPU-KJÁLKAR TAX FREE



Vnr. 601755 — 2.590 ~~3.264~~

Vnr. 601756 — 4.690 ~~5.942~~

Vnr. 601757 — 6.290 ~~7.926~~

**Hattur á staura**
120x120 mm
Vnr. 600028



499

**Undirstaða fyrir staura**
100MM HG 75cm
Vnr. 5085644



1.995 ~~2.429~~

**Pappahólkar**
3,7 m á lengd
20/25/30 cm í þvermál
Vnr. 226920/25/30

Verð frá 5.990



Verð frá 980

**Blikkhólkar**
20/25/31 cm í þvermál, lengd 75 cm
Vnr. 227128/31

**Steypustöplar fyrir sólpalla og minni garðhús. Auðvelda uppsetningu á sólpöllum.**

**Fæst aðeins í Húsasmiðjunni.**



Undirstaða fyrir smáhýsi, hæð 90 sm, kónn 50 - 20 cm.
Vnr. 601340 — 5.990

Steyptur 20 sm stöpull, hæð 80 cm. BMF gataplata. Vnr. 601320 — 3.990

Steyptur 20 sm stöpull, hæð 80 cm. BMF súluskór. Vnr. 601310 — 5.990

Steyptur 20 sm stöpull, hæð 80 sm. 2 flatjárn.
Vnr. 601330 — 5.990

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Gildir til 1. júlí

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs




# TAX FREE!
## Pallaefni

**TAX FREE AF ÖLLU FÚAVÖRÐU TIMBRI FYRIR SÓLPALLINN**

**GILDIR EINNIG AF LERKI, SKJÓLVEGGJUM OG VATNSKLÆÐNINGU!**

Látum verkin tala!

HÚSASMIÐJAN

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samanburður á skólum á að vera opinber.

## Hvatning til úrbóta

Það var þarft framtak hjá Háskóla Íslands að gera könnun meðal stúdenta og spyrja hvernig þeir telji framhaldsskólann hafa búið þá undir háskólanám. Kallað hefur verið eftir slíkum könnunum talsvert lengi, enda er opinbert leyndarmál að fólk kemur ákaflega misvel undirbúið til háskólanáms og í háskólunum hafa menn talið sig greina verulegan mun eftir framhaldsskólum.

Könnunin, sem Fréttablaðið sagði frá í gær, staðfestir þetta; mikill munur er eftir því hvaðan fólk hefur lokið stúdentsprófi á því hvernig það telur sig búið undir háskólanám. Um sjötíu prósent að meðaltali telja sig vel undirbúin, en það hlutfall er miklu lægra hjá stúdentum sumra skóla og miklu hærra hjá öðrum. Þá er áberandi að margir telja sig hafa fengið litla æfingu í að skrifa ritgerðir og skýrslur, sem er lykilatriði í háskólanámi. Sumir telja enskukunnáttunni áfátt, flestir eru sammála því að efla þurfi gagnrýna hugsun í framhaldsskólunum og þannig mætti áfram telja.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það kemur út af fyrir sig ekki á óvart að skólar, sem standa á gömlum merg, komi einna bezt út. Skólar með bekkjakerfi skara flestir fram úr, þótt undanfarna áratugi hafi bekkjakerfið oft þótt púkalegt og langflestir nýir framhaldsskólar byggi á fjölbrautakerfinu.

Róbert Haraldsson, formaður kennslumálanefndar HÍ, segir í Fréttablaðinu í gær að forðast verði að oftúlka niðurstöður könnunarinnar, enda séu stúdentahópar úr sumum skólum fámennir í hópi svarendanna. Það er rétt, en ekki má heldur horfa framhjá þeim vísbendingum, sem könnunin gefur.

Einhverra hluta vegna hefur það verið tabú að menntamálayfirvöld geri samanburð á skólum og birti, til þess að nemendur og foreldrar þeirra geti glöggvað sig á því hvar viðkomandi skóli stendur í samanburði við aðra og stjórnendur skólanna fái hvatningu til að bæta úr, sé árangri þeirra ábótavant. Könnun HÍ var gerð í apríl og hefur verið kynnt fyrir skólameisturum framhaldsskólanna, en ekki stóð til að gera hana opinbera áður en Fréttablaðið fékk veður af því að hún hefði verið gerð. Auðvitað væri eðlilegast að menntamálaráðuneytið stæði fyrir slíkum könnunum og birti opinberlega.

Í frétt blaðsins í gær kom fram að í haust yrði gerð í Háskóla Íslands svokölluð námsgengiskönnun, þar sem árangur nemenda í HÍ og brottfall yrði kannað og borið saman við úr hvaða skólum fólk kemur. Róbert Haraldsson segir að slík könnun sýni betur en viðhorfskönnunin hver staða framhaldsskólanna sé. Mikilvægt er að þessar niðurstöður verði birtar opinberlega.

Opinber birting kannana og samanburðar af þessu tagi er ekki aðeins í þágu nemenda og foreldra, sem eiga þá auðveldara með að taka upplýstar ákvarðanir um val á framhaldsskóla. Nú þegar peningar skattgreiðenda eru af skornum skammti, skiptir máli að vita hvort t.d. fólk úr sumum framhaldsskólum frekar en öðrum nær litlum árangri í háskóla og ílengist þar á kostnað skattborgaranna án þess að ljúka prófi.

Skólarnir eiga ekki að óttast birtingu slíkra upplýsinga, jafnvel þótt þeir séu ekki í toppsætunum, heldur eiga þeir að líta á þær sem hvatningu til að gera betur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hvað með Nató-ferðir?

Friðbjörn Orri Ketilsson og félagar á AMX býsnast nú yfir því að Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, ritstjóri Smugunnar, hafi farið til Brussel í boði Evrópusambandsins. Spyrja þeir í kjölfarið hvort Þóra geti fjallað á hlutlausan hátt um málefni ESB. Þetta er ágæt spurning og allrar athygli verð og allir blaðamenn ættu að íhuga hana og líta í eigin barm. Þeir sem til dæmis hafa þegið ferðir til Brussel eða Bandaríkjanna í boði Nató, ættu einnig að spyrja sig hvort þeir geti í kjölfarið fjallað um hernaðarbandalagið. Á það við um einhvern á AMX?

### Kóngasamba

Nokkur styr hefur staðið um þá tilhögun að ráða Harald Tryggva Flosason sem starfandi stjórnarformann Orkuveitunnar og tala sumir um óhóf. Það verður þó trauðla af sama kalíberi og í myndbandi Júpíters, Kóngasamba, hvar hefðarfólk slafraði í sig kræsingar við gnægtaborð með gullglingri. Haraldur lék einmitt í þeirri eðlu sveit.





### Gæði eða innræting?

Frétt Fréttablaðsins um viðhorf háskólanema til framhaldsskólanna sinna vakti nokkra athygli, ekki síst afstaða nemenda „gömlu skólanna", MR og MA. Nyrðra voru 98 prósent ánægð með skólann sinn en í gamla Lærða skólanum við Lækjargötuna voru 93,4 prósent himinlifandi með skólann sinn. Nemendur annarra skóla kipptu sér lítt upp við þetta, töldu þetta frekar dæmi um innrætingu skólanna en gæði. Ekki væri legið á þeirri skoðun, á hvorum stað fyrir sig, að einmitt sá skóli væri bestur.

kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR




## Verjum heilbrigðisþjónustuna

Kjaramál



Álfheiður Ingadóttir
heilbrigðisráðherra

Launakjör lækna hafa verið til umræðu í fjölmiðlum undanfarið. Kveikjan eru fregnir af fyrirsjáanlegum læknaskorti, enda treysti læknar sér ekki til þess að starfa á þeim kjörum sem þeim bjóðast á Íslandi í kjölfar bankahrunsins.

Á Íslandi eru ívið fleiri læknar miðað við fólksfjölda en í nágrannalöndunum og blessunarlega er staðan sú að læknaskortur hefur ekki gert vart við sig í kjölfar kreppunnar. Raunar telur landlæknir að ekki verði erfitt að manna stöður lækna á sjúkrahúsum þrátt fyrir aðhaldsaðgerðir á þessu ári og þeim næstu. Hitt er óbreytt, að erfitt er að manna stöður heilsugæslulækna.

Í kjölfar efnahagshrunsins hafa stjórnvöld lagt áherslu á að verja lægstu launin og lækka þau sem hærri eru. Hins vegar blasir við öfugþróun þegar meðallaun heilbrigðisstétta frá hruni eru skoðuð: Þeir sem höfðu lægstu launin fyrir, hafa lækkað hlutfallslega mest. Í tölum sem heilbrigðisráðuneytið tók saman í tilefni fyrirspurnar á alþingi sést að meðallaun lækna hafa að meðaltali lækkað um 7%, ljósmæðra um 9,2% , hjúkrunarfræðinga um 9,6% og sjúkraliða um 10,2%. Launabreytingar lækna eru mismiklar eftir vinnustað. Á sjúkrahúsum hafa meðallaun lækna lækkað um 8%, lækna í heilsugæslu um 5,5% og meðallaun lækna á heilbrigðisstofnunum á landsbyggðinni um 1,9%, en á fyrsta ársfjórðungi 2010 voru þau um 1.450 þúsund krónur á mánuði.

Steinn Jónsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, saknar þess að í umræðunni hafi ekki komið fram að í fyrra hafi sérfræðilæknar fallið frá 9,4% hækkun eingingaverðs. Engum dylst hvaða áhrif það hefði haft á vinnumarkaði vorið 2009 ef svo rífleg hækkun hefði komið til lækna, á tímum atvinnuleysis og almennra launalækkana. Því er vert að hrósa Læknafélagi Reykjavíkur fyrir þá ábyrgu afstöðu um leið og það er miður að ekki tókust samningar um að sérfræðilæknar féllu frá 1,9% umsaminni hækkun á þessu ári. Hún kom því til framkvæmda 1. júní síðastliðinn.

Þrengingar í kjölfar hrunsins hafa snert allan almenning. Fólk úr ýmsum starfsstéttum á kost á vel launuðum störfum í útlöndum og nýtir sér margt slík tækifæri. Heilbrigðiskerfið okkar hrundi sem betur fer ekki með bönkunum og nú blasir við að verja innviði þess. Ég er bjartsýn á að það takist og líka á það að þegar við erum komin í gegnum kreppuna muni íslenskir læknar, sem nú lengja veru sína við nám og vinnu erlendis, koma aftur heim til starfa.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Með A4 innanklæða

Dómsmál

Bryndís Björgvinsdóttir
þjóðfræðingur



*Hver sá sem ræðst á Alþingi, svo að því eða sjálfræði þess er hætta búin, lætur boð út ganga, sem að því lýtur, eða hlýðir slíku boði, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár, og getur refsingin orðið ævilangt fangelsi, ef sakir eru miklar.*

*– 100. gr. almennra hegningarlaga.*

**Gestagangur**

Að morgni dags þann 8. desember 2008 bar ókunnugan gest að garði Alþingis. Hann bankar á dyrnar sem leiða upp á áhorfendapalla almennings. Þingvörður opnar fyrir gestinum og hleypir honum inn. Á meðan gesturinn tekur af sér lætur annar gestur vita af sér við dyrnar. Þingvörðurinn opnar fyrir honum, sem og tveimur öðrum gestum sem koma aðvífandi. Einn þessara gesta staðnæmist í dyragættinni á meðan enn fleiri gestir birtast að baki honum – og skyndilega eru rúmlega tuttugu manns í anddyrinu og á leið upp á palla. Fleiri þingverðir koma að. Þeir ákveða að meina gestunum leið á pallana, og ýta eða toga þá niður stigana. Gestirnir ýta á móti og segjast hafa rétt á að fara upp á pallana – þar sem einn þeirra hyggst lesa upp tilkynningu fyrir þingheim. Samkvæmt frásögn eins þingvarðar hreyta sumir gestanna „svívirðingum“, en „beita engu valdi eða ofbeldi“.

**Með A4 innanklæða**

Stuttu eftir að þingverðir og gestir taka að moðast um anddyri og stigaganga kemur lögreglan að og lokar gestina af inni í húsinu. Tveir þeirra komast þó upp á áhorfendapallana þar sem annar þeirra dregur upp eina árásarvopn heimsóknarinnar: A4-blað – með stöfum á. Hann nær að lesa niðurlag tilkynningarinnar áður en hann er dreginn í burtu af vöskum lögreglumanni. „Út,“ kallar gesturinn yfir þingheim, „drullið ykkur út. Þetta hús þjónar ekki tilgangi sínum lengur.“

Lögreglan heldur gestunum í stiganum nokkra hríð, gerir síðan sumum frjálst að fara en ber aðra út í járnum og undarlegum stellingum. Í kjölfarið gerist tvennt: Þingmenn fresta fundi um sem nemur tvöföldum ljósabekkjatíma. Og níu manna slembiúrtak úr gestahópnum er ákært fyrir brot á 100. grein hegningarlaga, að hafa gert árás á Alþingi.

**Óraplága**

„Ekki var hægt að útiloka að einhverjir í hópnum væru með eitthvað innanklæða sem gæti skaðað alþingismenn og starfsmenn,“ skrifar Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, til lögreglustjóra í kjölfar uppákomunnar. Þar með er mál nímenninganna hjúpað efasemdum: Ljóst er að nímenningarnir voru ekki einir um að trufla þingstörf veturinn 2008-2009, en stefnan er sett á að refsa þeim fyrir eitthvað sem þeir hefðu getað gert – eitthvað sem þeir hefðu getað verið með innanklæða.

Engar eignir voru skemmdar. Engar gangstéttarhellur flugu um anddyrið. Engan ásetning um ofbeldi eða hótanir má finna í sönnunargögnum. Einn gestanna er sagður hafa bitið í leðurhanska lögregluþjóns sem hafði gripið um andlit hans. Þingvörður meiddist á þumli. Loks sætir einn útbornu gestanna ákæru fyrir að hafa hrint þingverði á ofn. Í vor sýndi Kastljós Sjónvarpsins hins vegar upptöku úr öryggismyndavél, þar sem þingvörður sést draga gestinn aftur á bak svo hann fellur eins og dómínókubbur á annan þingvörð sem þá fer utan í ofninn. Þrátt fyrir myndbandið hafa ákærurnar á hendur nímenningunum ekkert breyst.

Segjum að í ljós kæmi myndband sem sýndi að þeir ellefu meintu vændiskaupendur, sem bráðum verður einnig réttað yfir, hefðu alls ekki snert konurnar á þann hátt sem þeir eru sakaðir um. Yrði samt krafist ákæru fyrir að „ekki hafi verið hægt að útiloka“ að þeir hefðu getað keypt konurnar? Að karlmennirnir hefðu getað verið með pening innanklæða sem þeir hefðu getað notað ólöglega?

> Órarnir afhjúpa þá staðreynd að nímenningana á að gera að blórabögglum: Það eru ekki beinlínis þeir sem verið er að sækja til saka, heldur allir þeir sem trufluðu þinghald veturinn 2008-2009 með ítrekuðum mótmælafundum og búsáhaldabyltingu.

Eins og í Lúkasarmálinu svokallaða lykta ákærurnar á hendur nímenningunum af ofsóknum og órum um hvað þeir hefðu getað gert. Órarnir afhjúpa þá staðreynd að nímenningana á að gera að blórabögglum: Það eru ekki beinlínis þeir sem verið er að sækja til saka, heldur allir þeir sem trufluðu þinghald veturinn 2008-2009 með ítrekuðum mótmælafundum og búsáhaldabyltingu.

**Bunki af A4**

40 dögum eftir heimsóknina á áhorfendapallana loguðu eldar við Alþingishúsið. Þá sindraði á piparúða og skuggar féllu á húsið af skiltum, pönnum og lögreglukylfum. Þá daga hrópuðu gestirnir að Alþingi tímunum saman – þar til þingmenn loks raunverulega „drulluðu sér út“ í gegnum leynigöng og undir lögregluvernd. 700 þátttakendur í mótmælunum hafa skrifað undir kröfu um að ákærurnar á hendur nímenningunum verði látnar niður falla. Að öðrum kosti verði þeir allir einnig sóttir til saka fyrir árás á Alþingi – í sama skilningi og nímenningarnir: Þeir sóttu Alþingi heim, án vopna og án ofbeldis, en með mun háværari tilkynningum en gestirnir sem fóru á undan. Þann 24. júní voru þinginu afhentar þessar undirskriftir, meitlaðar í það eina sem nímenningarnir reyndust vega að Alþingi með eftir allt saman – bunka af A4.

Þann 29. júní nk. verður réttað yfir nímenningunum fyrir héraðsdómi. Rétt eins og í máli vændiskaupendanna verður aðgangur almennings að þinghaldinu takmarkaður og þinghaldið sjálft varið af lögreglu, en ekki að ósk hinna ákærðu – eins og í tilviki vændiskaupendanna – heldur til að halda fólki af sama sauðahúsi og nímenningarnir frá dómsalnum. Svona fólki sem gæti verið með eitthvað í vösunum.

Betri notaðir bílar

TOYOTA

Úrvalsbílar

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Land Cruiser 120 GX
3000 dísil sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 92.000 km
Verð: 5.690.000 kr. Skr.nr. PO 560
Betra verð: 4.990.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Auris
1400 bensín beinsk.
Á götuna: 06.08 Ekinn: 43.000 km
Verð: 2.290.000 kr. Skr.nr. EH G84

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Yaris
1000 bensín beinsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 28.000 km
Verð: 1.960.000 kr. Skr.nr. HJJ 44

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Rav4 GX
2000 bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.08 Ekinn: 45.000 km
Verð: 3.960.000 kr. Skr.nr. MMN 51

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Corolla
1600 bensín beinsk. MM
Á götuna: 06.07 Ekinn: 48.000 km
Verð: 2.590.000 kr. Skr.nr. OI 733
Betra verð: 2.390.000 kr.

ÚRVALSBÍLL/KÓPAVOGI



Toyota Aygo
1000 bensín beinsk.
Á götuna: 11.07 Ekinn: 7.000 km
Verð: 1.670.000 kr. Skr.nr. KJV 60

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
www.toyotakopavogi.is

Today Tomorrow Toyota

Heiðmörk 60 ára

Afmælishátíð Skógræktarfélags Reykjavíkur
25. og 26. júní

Ráðstefna í Heiðmörk
Elliðavatni föstudaginn 25. júní frá kl 14-17

14.00 Formaður setur ráðstefnu
14.10 Efnahagslegt verðmæti Heiðmerkur
Daði Már Kristófersson og Kristín Eiríksdóttir
14.50 Áhrif skógræktar á vatn og vatnsgæði
Bjarni Diðrik Sigurðsson
15.20 Hlé. Nýbakað kerfilsbrauð og silungur úr vatninu
15.40 Deiliskipulag Heiðmerkur
Óskar Örn Gunnarsson og Yngvi Þór Loftsson
16.20 Framtíðarsýn
Lena Rut Kristjánsdóttir og Helga Sigmundsdóttir
17.00 Ráðstefnuslit

Tónleikar með Kríu Brekkan, Steinari og Eitthvað Boybandi
í Dropanum við Furulund frá kl 21-01. Rúta frá Lækjartorgi.

Fjölskylduhátíð í Heiðmörk
Vígsluflöt laugardaginn 26. júní frá kl 13-16

13.00 Formaður flytur ávarp
13.10 Borgarstjóri flytur ræðu og gróðursetur tré
13.30 Rathlaupsfélagið Hekla stendur fyrir rathlaupi (orienteering)

Þrautabraut, skógarleikir Helenu Óladóttur,
Brasstríóið Mora, Amlóði, Hálfsterkur og Fullsterkur,
lúpínuviðureign á milli fylkinga og tréskurðarlistamenn að störfum.
Gómsætar veitingar á góðu verði

Nánari upplýsingar á www.heidmork.is

# Meirihluti presta ætlar að gifta

Hjúskaparlög



Guðrún Karlsdóttir
prestur



Sigrún Óskarsdóttir
prestur

Sunnudagurinn 27. júní er hátíðisdagur. Þá fær hjónabandið meira vægi og verður réttlátari stofnun. Hjónaband, sáttmáli tveggja einstaklinga. Við erum prestar sem fögnum þessum tímamótum og erum stoltar af því að vera Íslendingar. Við erum líka stoltar af því að tilheyra Þjóðkirkjunni og þar fagnar meirihluti presta, guðfræðinga og djákna nýjum lögum með okkur.

Það er eðlilegt að í kirkjunni séu skoðanir skiptar eins og annars staðar. Þjóðkirkjan endurspeglar margbreytileg viðhorf. Prestar eru vissulega ekki sammála um allt. Það hefur verið klifað á því á kaffistofum, í fjölmiðlum og í bloggheimum að „ótrúlegur fjöldi presta ætli ekki að gefa saman samkynhneigð pör í hjónaband“. Þetta er ekki rétt.

Eftir mikil skoðanaskipti á prestastefnu í vor var gerð könnun meðal starfandi presta Þjóðkirkjunnar um afstöðu þeirra til einna hjúskaparlaga.

Niðurstaðan er að meirihluti presta styður þá útvíkkun hjónabandsskilningsins og mun því gefa saman fólk af sama kyni. Í mörgum söfnuðum Þjóðkirkjunnar verður guðsþjónusta sunnudagsins á einhvern hátt tileinkuð þessari lagabreytingu og hægt er að finna upplýsingar um þær á heimasíðu guðfræðinga, djákna og presta sem styðja ein hjúskaparlög. Vefslóðin er einhjuskaparlog.tumblr.com/

Fögnum og gleðjumst yfir mikilvægum áfanga í átt að réttlátara samfélagi.




# Bréf til hægrimanna

Stjórnmál



Jóhann Páll Jóhannsson
óflokksbundinn menntaskólanemi



Ólafur Kjaran Árnason
óflokksbundinn menntaskólanemi

Kæru hægrimenn.

Hugsjónir ykkar hafa átt stóran þátt í lífskjarabótum og framförum síðari alda. Því er brýnt að á Alþingi Íslendinga sitji traustir og marktækir málsvarar einstaklingsframtaks og markaðsfrelsis.

Sjálfstæðisflokkurinn er eini stjórnmálaflokkurinn á Íslandi sem kennir sig við hægristefnu. Þingmenn flokksins eru sextán talsins. Þeirra á meðal eru Ásbjörn Óttarsson, sem játaði að hafa greitt sér tugi milljóna í arðgreiðslur með ólöglegum hætti, Árni Johnsen, dæmdur þjófur og Sigurður Kári Kristjánsson sem þáði 4,6 milljónir í prófkjörsstyrki en neitar að upplýsa hverjir styrkveitendurnir voru. Einnig situr Guðlaugur Þór Þórðarson enn á þingi, en hann þáði tæplega 25 milljónir í styrki fyrir prófskjörsbaráttu sína árið 2006, að mestu leyti frá útrásarvíkingum. Sama ár hafði hann milligöngu um 30 milljón króna styrk frá FL Group og 25 milljón króna styrk frá Landsbankanum til Sjálfstæðisflokksins. Styrkirnir eru sérstaklega vafasamir í ljósi þess að styrkveitendur höfðu beinna hagsmuna að gæta í ýmsum deilumálum þessara ára. Þegar þannig er í pottinn búið leitar orðið mútur óhjákvæmilega á hugann. Formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, tók þátt í milljarðabraski ásamt Wernersbræðrum skömmu fyrir hrun þegar hann var stjórnarformaður N1, eins stærsta olíufyrirtækis á Íslandi. Fleiri framámenn flokksins tengjast ýmsum vafasömum viðskiptaævintýrum fortíðarinnar, en erfitt er að ímynda sér að fólk í slíkri stöðu geti með trúverðugum hætti tryggt heilbrigða samkeppni í anda hægristefnu.

Sjálfstæðismenn hafa haft undirtökin á Íslandi síðustu áratugi. Eftirfarandi dæmi eru lýsandi fyrir starfshætti flokksins. Í valdatíð hans stóðu stjórnvöld tryggilega vörð um kvótakerfið með tilheyrandi braski, veðsetningu aflaheimilda og skuldsetningu í sjávarútvegi. Þá skal nefna þau forkastanlegu vinnubrögð sem viðhöfð voru við einkavæðingu bankanna, en eins og Rannsóknarskýrsla Alþingis varpar ljósi á voru lögmál markaðarins þar að engu höfð. Að sögn Steingríms Ara Arasonar sem sat í Einkavæðingarnefnd var hér um pólitíska ákvörðun að ræða; Landsbankinn var ekki einu sinni seldur hæstbjóðanda heldur hreinlega afhentur flokksgæðingum. Meðan Sjálfstæðisflokkurinn sat við völd var Ísland gert að stuðningsaðila ólöglegs innrásarstríðs í Írak sem kostað hefur hundruð þúsunda óbreyttra borgara lífið. Loks ber að geta REI-málsins þegar reynt var að koma orkufyrirtækjum í hendur útrásarvíkinga á undirverði. Stuttu síðar afhjúpuðu sjálfstæðismenn valdagræðgi sína með meirihlutasamstarfinu við Ólaf F. Magnússon. Ofangreind vinnubrögð hljóta að misbjóða öllu heiðvirðu fólki.

Nú er landsfundur Sjálfstæðisflokksins á næsta leiti. Undirritaðir hvetja sjálfstæðismenn til að horfast í augu við afglöp liðinnar tíðar, uppræta spillinguna og gera róttækar breytingar á starfsháttum og forystu flokksins. Takist það ekki hljóta heiðarlegir og réttsýnir hægrimenn að segja skilið við Sjálfstæðisflokkinn. Ef hægrimenn vilja láta taka mark á sér er kannski eðlilegast að þeir stofni nýtt stjórnmálaafl. Öllum ætti að vera ljóst að það er gjörsamlega ósamrýmanlegt að berjast fyrir betra þjóðfélagi en styðja um leið spilltan og siðlausan stjórnmálaflokk.

# Fíkniefnaleit í skólum

Forvarnir



Helgi Helgason
stjórnmálafræðingur og faðir menntaskólanema

Hinn 3. júní birtist í Fréttablaðinu klausa sem vakti mann til umhugsunar. Fréttin var um það að menntamálaráðherra hefði sent frá sér umsögn sem ekki er hægt að túlka á annan hátt en að veikja varnir forráðamanna skólanna gegn fíkniefnum. Þessi umsögn er reyndar að mínu áliti hvorki fugl né fiskur og rökin eftir því en niðurstaðan sláandi. Hún er sú að almenn fíkniefnaleit í framhaldsskólum sé ekki forvörn.

Það sér það hver hugsandi maður að auðvitað eru óvæntar fíkniefnaleitir í framhaldsskólum forvörn. Munu fíkniefnasalar ekki hugsa sig um ef þeir eiga það á hættu að vera gómaðir fyrirvaralaust? Auðvitað.

Eins merkilegt og það nú er þá þótti umboðsmanni alþingis, Róberti Spanó, það vera ákaflega brýnt verkefni að taka óvænta fíkniefnaleit í Tækniskólanum, upp að eigin frumkvæði og semja um það álit. Og óhætt er að segja að álitið er vatn á myllu fíkniefnasala í framhaldsskólum. Í áliti sínu, sem lögfræðingar menntamálaráðuneytisins eta svo upp eftir honum, er vitnað í mannréttindi og hversu óþægilegt það er fyrir hinn almenna nemanda að lenda í slíkri leit.

Ég sem foreldri framhaldsskólanema hafna þessum rökum alfarið og tel að umboðsmaður, menntamálaráðuneytið og menntamálaráherra snúi hlutunum á haus. Eru það ekki mannréttindi foreldra og nemenda að skólayfirvöld og lögregla sjái til þess að fíkniefnum sé úthýst úr skólum landsins? Þjónar það mannréttindum nemenda og foreldra að fíkniefnasalar geti komið og farið að vild í framhaldsskólunum? En geta svo haldið sig fjarri vegna þess að lögreglu og skólayfirvöldum er óheimilt annað en að tilkynna fíkniefnaleit með góðum fyrirvara skv. umboðsmanni og menntamálaráðherra?

Með sömu rökum hlýtur umboðsmaður að komast að þeirri niðurstöðu að það sé ekki hluti af forvörn gegn fíkniefnum að leita að fíkniefnum á farþegum við komuna til Keflavíkur. Eða það, að lögregla stoppi ökumenn í umferðinni, til að taka drukkna ökumenn úr umferð, sé ekki forvörn gegn ölvunarakstri.

Álit umboðsmanns alþingis og lögfræðinga menntamálaráðuneytisins held ég að sýni ekkert annað en þeirra eigin skoðun á þessum málum. Því finna þeir lögfræðileg rök sem henta þessari skoðun.

Ég sem foreldri skora á skólastjóra framhaldsskólanna að halda sínu striki og láta framkvæmda óvæntar fíkniefnaleitir í skólunum. Það eru mannréttindi mín og minna barna að það sé gert.

**ARKITEKTAR** sem hafa nýlokið framhaldsnámi í byggingarlist erlendis, opna sýningu á útskriftarverkefnum sínum í dag í gömlu Frónverksmiðjunni að Skúlagötu 28. Arkitektarnir, sjö talsins, eiga það sameiginlegt að hafa allir stundað grunnnám í arkitektúr við Listaháskóla Íslands. Sýningin stendur til 29. júní.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447





4ra rétta tilboðsseðill

Kryddlegin bleikja
*með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu*

Humarsúpa
*rjómalöguð, með Madeira og grilluðum humarhölum*

Fiskur dagsins
*það ferskasta hverju sinni; útfærður af matreiðslumönnum Perlunnar*

*** eða / Or ***

Lambatvenna
*með steinseljurótarmauki, aspas, rófu, soðkartöflu og basil-myntu gljáa*

Kókoshnetu Tapioca
*með steiktu mangói og lychee sorbet*

**Verð aðeins 7.290 kr.**

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is

Hringbrot


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


Júlía er yngsti þátttakandi í listahátíðinni Jónsvöku. MYND/ARNÞÓR

# Dreymdi um kaffihús

**Júlíu Runólfsdóttur og bestu vinkonu hennar dreymdi um að opna kaffihús í Suður-Frakklandi þegar þær voru litlar. Vinkonan bjó í Suður-Frakklandi og þeim fannst franskan svo skemmtilegt tungumál.**

„Ég gerði vefju með kjúklingi og grænmeti úr garðinum og smoothie með berjum, mangó og bönunum," segir Júlía Runólfsdóttir, yngsti þátttakandi á listahátíðinni Jónsvöku. Hún opnaði ljósmyndasýningu ásamt Huga Hlynssyni í gær í Gallerí Tukt í Hinu húsinu sem stendur yfir næstu tvær vikurnar.

Þegar Júlía er innt eftir því hvaðan hugmyndin að réttinum sé fengin segir hún: „Þegar við besta vinkona mín vorum litlar þá ætluðum við að búa til kaffihús í Suður-Frakklandi og selja alls konar smoothie. Okkur fannst svo gaman að gera eitthvað svona," segir Júlía sem bætir við að hún hafi þó ekki haft mjög mikinn áhuga á matargerð um árin. „Við ætluðum bara að hafa kaffihúsið frekar krúttlegt."

Grænmetið í vefjunni er fengið úr garðinum heima hjá Júlíu. Hún segir mömmu sína aðallega stunda ræktunina en þær hjálpast þó að. „Þetta er klettasalat, graslaukur og spínat," útskýrir Júlía en hún segist gera vefju með heimaræktuðu grænmeti talsvert oft.

martaf@frettabladid.is

## SUMARLEGUR SMOOTHIE OG VEFJA JÚLÍU

**fyrir tvo**

**Smoothie**
1 banani
2 msk. ananasþykkni
Hálft mangó
100 g bláber
Nokkur jarðarber
Nokkrir klakar

*Öllu blandað saman í blandara.*

**Vefja**
Magn fer eftir fjölda kvöldverðargesta.
Tortilla
Sýrður rjómi
Graslaukur
Salat úr garðinum, til dæmis klettasalat og spínat
Avókadó
Paprika
Kjúklingur
Kryddað að eigin vild

*Aðferð:*
*Steikið kjúklinginn.*
*Skerið grænmetið og hitið tortilluna. Smyrjið sýrða rjómanum á og bætið grænmetinu og kjúklingnum við.*
*Kryddið að eigin smekk og vefjið saman.*






**BÓKASAFN KÓPAVOGS** býr yfir notalegri tímaritadeild og kaffikrók miðsvæðis á þriðju hæð þess. Þar má finna íslensk og erlend tímarit ásamt dagblöðum og heitt kaffi er á könnunni.




# Nytjalist úr ranni Gerðar

**Í Kópavogi leynist gullkista fyrir listelskar sálir sem hafa yndi af fögrum listmunum til skrauts og handagangs, en hún er í safnabúð Gerðarsafns þar sem fást minjagripir byggðir á verkum Gerðar Helgadóttur.**

„Það fæddist góð hugmynd á aðventunni fyrir tíu árum þegar Kristín Ísleifsdóttir leirlistakona varpaði fram þeirri spurningu við mig hvort ekki væri gaman að gera muni til sölu í Gerðarsafni, sem unnir væru út frá verkum Gerðar Helgadóttur, myndhöggvara og glerlistamanns," segir Guðbjörg Kristjánsdóttir forstöðukona Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns í Kópavogi, um tilurð minjagripanna fjölbreyttu í safnbúð Gerðarsafns.

„Fljótt var hafist handa við þetta nýsköpunarverkefni, en það er í fyrsta sinn á Íslandi sem listasafn lét hanna minjagripi í anda listaverka í eigu þess, eins og tíðkast víða á söfnum erlendis. Sérstakur samningur var gerður á milli Gerðarsafns og einstakra hönnuða sem teljast samhöfundar Gerðar Helgadóttur," segir Guðbjörg, en alls hafa fimmtán íslenskir hönnuðir hannað hluti síðan verkefnið fór af stað.

Í upphafi verkefnisins unnu sex hönnuðir skartgripi, slæður, boli, töskur, glös, kort og fleira, en form og litir voru sótt í verð Gerðar, þótt stíll og handbragð hönnuðanna setti mark á endanlegt útlit gripanna."

„Þetta tilraunaverkefni lofaði strax góðu og var skemmtileg viðbót við safnastarfið, en markmið þess var að leggja rækt við verk og minningu Gerðar Helgadóttur, og til sanns vegar má færa að hálfrar aldar gömul listaverk hennar gengu í gegnum endurnýjun lífdaga í meðförum hönnuða samtímans, sem svo sannarlega heilluðust af verkum þessarar framúrskarandi listakonu."

*thordis@frettabladid.is*



Guðbjörg Kristjánsdóttir, forstöðukona Gerðarsafns, í safnbúðinni þar sem finna má margar gersemar íslenskra hönnuða. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Falleg skrifblokk eftir Kristínu Þóru Guðbjartsdóttur.

Æðisleg taska með útsaumuðum perlum eftir Katrínu Þorvaldsdóttur.

Forkunnarfagur kross með steini eftir Steinunni Jónsdóttur.

Skvísuleg, bleik slæða eftir Rögnu Fróða.














Sundlaug Kópavogs hefur verið talsvert endurbætt frá því að hún var fyrst tekin í notkun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Buslað í blíðviðrinu

**Sundáhugafólk hefur það gott í Kópavogi en tvær sundlaugar er að finna í bæjarfélaginu.**

Eldri sundlaugin er við Rútstún í vesturbæ Kópavogs en hún hefur verið endurbætt í þrígang frá því hún var fyrst tekin í notkun árið 1967.

Fyrsta laugin við Rútstún var 17 metrar að lengd og þrír heitir pottar voru á laugarbakkanum. Árið 1991 var stærri laug tekin í notkun við hlið þeirrar gömlu, 50 metra löng keppnislaug.

Heitum pottum var fjölgað og rennibraut komið fyrir við litla hliðarlaug og búningsaðstaða færð í nýja klefa. Árið 2008 var elsta laugin ekki lengur til en ný 25 metra keppnislaug, með áhorfendabekkjum innanhúss, komin í hennar stað. Einnig er nú að finna vaðlaug innanhúss og búningsaðstaða hefur einnig tekið breytingum.

Sundlaugin Versölum nýtur ekki síður vinsælda á meðal bæjarbúa, en hún samanstendur af aðallaug, iðulaug, innilaug og tveimur pottum auk rennibrautar sem er breiðari en flestar sambærilegar brautir.

Til að forvitnast um hvenær sundlaugarnar eru opnar má fara inn á vefsíðuna www.sund.kopavogur.is. *- rat*

# Úrræði í atvinnu

**Atvinnulausum Kópavogsbúum gefst nú kostur á sérhæfðri ráðgjöf en tveir atvinnufulltrúar hafa verið ráðnir til bæjarfélagsins.**

Kópavogsbær hefur í samstarfi við Vinnumálastofnun og félagsmálaráðuneytið ráðið tvo atvinnufulltrúa til starfa, þau Gerðu Björgu Hafsteinsdóttur og Þorstein Ingimarsson, með það að markmiði að aðstoða þá sem hafa verið lengi atvinnulausir.

Margvísleg úrræði eru í boði fyrir atvinnuleitendur í bæjarfélaginu á vinnumarkaði eða til náms. Eins hafa atvinnufulltrúarnir vakið athygli fyrirtækja í Kópavogi á því að þau geti ráðið til sín starfsmann á atvinnuleysisskrá og fengið framlag frá Vinnumálastofnun á móti upp í laun starfsmannsins. Skilyrði er þó að starfið, sem ráða á í, sé nýtt.

Atvinnufulltrúarnir eru til húsa að Fannborg 2, í Kópavogi, á 4. hæð og geta allir þeir sem óska eftir aðstoð þeirra haft samband við þá í síma eða kíkt inn frá klukkan 9 til 15 alla daga nema föstudaga, en þá eru þau til viðtals frá klukkan 9 til 12. *- rat*



Kópavogsbær veitir nú atvinnulausum sérhæfða ráðgjöf.







SUMAROPNUN SUNDLAUGA KÓPAVOGSBÆJAR



Frá og með 1. júní til 31. ágúst 2010 verður þjónustutími sundlauga Kópavogsbæjar eftirfarandi.

**Sundlaugin í Versölum**

| | |
|---|---|
| Mánudaga til fimmtudaga | kl. 06.30–21.30 |
| Föstudaga | kl. 06.30–20.00 |
| Laugardaga og sunnudaga | kl. 09.00–19.00 |

Versölum 3 · 201 Kópavogur · S. 570 0480

**Sundlaug Kópavogs**

| | |
|---|---|
| Mánudaga til fimmtudaga | kl. 06.30–21.30 |
| Föstudaga | kl. 06.30–20.00 |
| Laugardaga og sunnudaga | kl. 08.00–18.00 |

Borgarholtsbraut 17 · 200 Kópavogur · S. 570 0470

ÍTK ÍÞRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ KÓPAVOGS









Elsta ritaða heimildin um byggð í landi Kópavogs er frá árinu 1234. Sveitarfélagið Kópavogur var svo stofnað árið 1948 en byggð hafði hins vegar farið að þéttast á svæðinu upp úr 1936. Kaupstaðarréttindi fengust árið 1955.

www.ferlir.is









Starfið hefur blómstrað með dyggum stuðningi Kópavogsbæjar segir Íris Björg Kristjánsdóttir, ein umsjónarmanna Molans. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Skapandi starf í ungmennahúsi

**Molinn býður upp á aðstöðu fyrir ungt fólk í Kópavogi til að vinna að ýmsum verkefnum og til að hanga. Skapandi sumarstarf er eitt verkefna Molans sem ungt fólk með eigin hugmyndir sækir um.**

„Molinn er ungmennahús, rekið af Kópavogsbæ og tók til starfa 2008, fyrir krakka á aldrinum 16-25 ára," útskýrir Íris Björk Kristjánsdóttir, ein þriggja umsjónarmanna Molans. Hún segir skapandi starfið í Molanum byggjast upp á umsóknum frá bæði einstaklingum og hópum sem fari fyrir bæjarráð. Umsóknin verði að innihalda lýsingu á verkefninu og verkáætlun og þurfi að bjóða upp á samfélagslegan ávinning.

„Verkefnin eru sérstaklega mörg í ár og fjölbreytt, allt frá skrifum og tónlistaratriðum til dans- og myndlistarsýninga. Hér í Molanum er mjög góð aðstaða fyrir fundahöld og klúbbastarfsemi og til að hittast. Starfið hefur blómstrað enda erum við vel studd af Kópavogsbæ."

Þeir félagarnir Hjörtur Freyr Jónsson og Róbert Dan Sigurðsson voru í hópi þeirra sem sóttu um og fengu skapandi sumarstarf hjá Molanum. Meðal verkefna sem þeir vinna að í sumar er að talsetja kvikmyndina Rocky 4 á íslensku og taka ljósmyndir á heimagerða myndavél.

„Við tölum sjálfir fyrir meirihluta persónanna, með bjagaðri rödd en svo fengum við fleiri til að tala inn á. Reyndar þurftum við að skipta um Rocky í miðri mynd en það er allt í lagi, þetta á ekkert að vera grafalvarlegt," segir Hjörtur en stefnt er á að sýna myndina í Molanum í dag. Strákarnir fengu einnig aðstöðu til að vinna að ljósmyndaverkefnum og hafa meðal annars tekið myndir víða um Kópavog með Mackintosh-bauk.

„Í raun er hægt að nota hvaða myrka hlut sem er, bora á hann gat og líma ljósnæman pappír aftast. Svo opnar maður fyrir gatið í nokkrar sekúndur og lokar aftur til að taka mynd. Við fengum líka að útbúa eitt klósettið í Molanum sem myrkraherbergi og framköllum myndirnar sjálfir þar."



Hjörtur Freyr Jónsson og Róbert Dan Sigurðsson taka myndir á heimatilbúnar myndavélar og sýna í Molanum.

Hjörtur og Róbert eru mjög ánægðir með starfið og aðstöðuna sem boðið er upp á í Molanum en þeir sýna vinnu sína þar jafnóðum. Hóparnir í skapandi starfinu hittast alla mánudaga og gera eitthvað skemmtilegt saman og oft verður til samvinna milli hópa. „Til dæmis langaði okkur að vinna myndband og þá var annar hópur sem vantaði myndband við tónlistaratriði og við fórum þá í samstarf við þann hóp," segir Hjörtur.

Nánar má kynna sér starfið í Molanum á síðunni www.molinn.is

*heida@frettabladid.is*



# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 25. júní 2010



# Skemmtir sér á sviðinu

Hildur Kristín Stefánsdóttir syngur og spilar á selló með hljómsveitinni Rökkurró

+ ANOTHER SCORPION + DAZED AND CONFUSED FJALLAR UM LYKKJUR + DANSVERK FRUMSÝND Á JÓNSVÖKU + HEIMA HJÁ MYNDLISTARKONU





SUMARTILBOÐ

UNITED 640GB 720/1080i

Kr. 22.750

SJÓNVARPSFLAKKARI

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# núna

✻ það er allt að gerast



**helgin MÍN**

## BJÖRN STEFÁNSSON TÓNLISTARMAÐUR

Ég verð með tónleika með Stóns í Hlégarði í kvöld. Þar munum við leika öll helstu Rolling Stones-lögin. Síðan verður gufu-maraþon í Vesturbæjarlauginni á morgun og stefni ég á fjóra tíma án þess að koma út. Um kvöldið verður haldið upp á það með gufusoðnum laxi í selskap vel valinna manna.

### Íslenskur dans í Póllandi

Á þriðjudaginn kemur verður verk dansarans Sigríðar Soffíu Níelsdóttur frumsýnt í Bytom í Póllandi. Verkið heitir Colorblind en það er hluti af danshöfundaskiptum milli Silesian Dance Theater í Póllandi og Íslenska dansflokksins. Sigríður Soffía samdi verk fyrir Silesian Dance Theater en Jacek Luminski samdi verk fyrir Íslenska dansflokkinn. Bæði verkin verða hins vegar frumsýnd á einu stærsta dansfestivali í Póllandi í næstu viku. Í verkinu dansa 6 dansarar Silesian Dance Theater en tónlist og búningar voru í höndum Jóhanns Friðgeirs Jóhannssonar og Ingibjargar Sigurjónsdóttur myndlistarmanns.



**þetta HELST**

### Frumsýnir tvö verk

Þeir sem ekki komast til Póllands til að njóta dansdýrðarinnar þurfa ekki að örvænta því nóg verður dansað í Reykjavík um helgina líka. Ragnheiður Bjarnason dansari sýnir tvö frumsamin dansverk á listahátíðinni Jónsvöku sem nú stendur yfir. Fyrra verkið heitir Þráðarhaft og verður sýnt á morgun, laugardag, klukkan 18. Það seinna, Kyrrja, verður sýnt á sunnudaginn klukkan 14. Báðar sýningarnar verða í Nýlistasafninu og það er frítt inn.



Vefrit tímaritsins Dazed and Confused heimsækir Norræna húsið:

# BLAÐAMENN HEILLAST AF PRJÓNALIST

Sýningin Lykkur – Prjónalist í Norræna húsinu hefur vakið þónokkra athygli bæði hér á landi og erlendis og komu meðal annars blaðamenn frá vefritunum Dazeddigital og Coolhunting til landsins um síðustu helgi til þess að fjalla um sýninguna.

Dazeddigital er vefrit hins vinsæla tímarits Dazed and Confused en vefritið Coolhunting einsetur sér að fylgjast með öllu því heitasta sem gerist innan tísku- og hönnunarheimsins í dag. Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnastjóri Norræna hússins, segir blaðamennina hafa verið mjög hrifna af sýningunni. „Norræna húsið fékk styrk til að bjóða blaðamönnum til landsins og við kusum að bjóða blaðamönnum frá Dazeddigital, Coolhunting og prjónatímaritinu Knitting Magazine. Vefsíðurnar eru mjög lifandi og leggja mikla áherslu á myndefni og þess vegna fannst okkur kjörið að bjóða blaðamönnum þeirra hingað til lands. Þau voru öll mjög hrifin af sýningunni að mér skilst og fannst nálgunin á henni fersk og skemmtileg.“

Að sögn Ilmar hefur umfjöllun í tímaritum sem þessum mikla þýðingu fyrir Norræna húsið þar sem ferðamenn leiti í auknum mæli til Netsins í leit að upplýsingum. „Umfjöllun sem þessi er afskaplega góð auglýsing fyrir okkur og við vonumst með þessu að fleiri ferðamenn heimsæki Norræna húsið meðan á dvöl þeirra stendur,“ segir Ilmur.

Umfjöllun Coolhunting er þegar komin á netið og má sjá hana á forsíðu vefritsins www.coolhunting.com. *- sm*



**Metaðsókn** Ilmur Dögg Gísladóttir, verkefnastjóri Norræna hússins, segir gott að fá umfjöllun á vefritum sem Dazeddigital og Coolhunting.








Auglýsingasími

512 54 01




Allt sem þú þarft...




**Hannar barnaflíkur** Linda Ósk Guðmundsdóttir hannar skemmtilegar barnapeysur undir heitinu Another Scorpion. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Linda Ósk Guðmundsdóttir hannar peysur á börn:

# Ekki bleik og krúttleg

Ég er frekar nýbyrjuð að hanna barnaföt. Upphaflega ætlaði ég bara að sauma nokkrar flíkur á dóttur mína en ákvað svo að byrja að selja þetta af því mér fannst vanta öðruvísi barnaföt,“ segir Linda Ósk Guðmundsdóttir sem hannar undir heitinu Another Scorpion. Hún hannar peysur fyrir börn frá sex mánaða til tveggja ára en segist einnig taka við pöntunum fyrir eldri börn.

Í sumar ætlar Linda Ósk að hanna kjóla og annan sumarlegri fatnað á börn. Flíkurnar fást í Collective of Young Designers sem er í kjallaranum á kaffihúsi Hemma og Valda við Laugaveg. *- sm*

✻ augnablikið



**Á GLASTONBURY** Gestur á Glastonbury-tónlistarhátíðinni teygir sig á móti sólinni og nýtur lífsins. Þessi stærsta tónlistarhátíð Evrópu fagnar fjörutíu ára afmæli í ár.


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Forsíðumynd** Stefán Karlsson
**Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** Sigríður Hallgrímsdóttir
*sigridurh@365.is sími 512 5432* **Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

# Sumartilboð
## helgina 25-27 júní

# 20%

## afsláttur af öllu
## í versluninni

aðeins þessa helgi

the
**PIER**

**kemur stöðugt á óvart**
www.pier.is

afsláttur gildir til 27. Júní

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

# SKEMMTILEGAST Á SVI

***Hildur Kristín Stefánsdóttir* er söngkona hljómsveitarinnar Rökkurró, en hljómsveitin lék í gær á tónleikum í tengslum við listahátíðina Jónsvöku sem fram fer um helgina.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Ljósmyndir:* Stefán Karlsson



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hildur Kristín Stefánsdóttir** er söngkona hljómsveitarinnar Rökkurró.

Hildur Kristín segir tónlistina vera sitt helsta áhugamál og hefur hún stundað sellóleik frá sex ára aldri auk þess sem hún stundaði nám í klassískum söng í eitt ár. Hún bæði syngur og spilar á selló með Rökkurró og hefur einnig leikið á selló með tónlistarmanninum Ólafi Arnalds. „Ég byrjaði að læra á selló sex ára gömul og hélt áfram þar til ég varð fjórtán ára. Þá hætti ég og fór að eyða meiri tíma í íþróttir. Ég byrjaði svo aftur að spila nokkrum árum seinna,“ segir Hildur Kristín, sem nú stundar nám í japönsku við HÍ.

## GÓÐ BLANDA

Meðlimir hljómsveitarinnar kynntust þegar þeir stunduðu nám við MR og mynduðu Rökkurró árið 2006. „Strákarnir sáu mig spila á selló og spurðu hvort ég vildi spila með þeim, því þá langaði að hafa sellóleikara í hljómsveitinni sinni. Þannig varð eiginlega Rökkurró til. Fyrst vissum við ekkert hvað við vorum að gera en ákváðum samt að skrá okkur í Músíktilraunir árið 2006. Okkur gekk ekkert sérstaklega vel þar en ákváðum samt að hætta ekki að spila heldur æfa áfram,“ útskýrir Hildur Kristín, en auk hennar eru meðlimir Rökkurróar Árni Þór Árnason gítarleikari, Axel Ingi Jónsson sem einnig leikur á gítar, Björn Pálmi Pálmason á trommur og Ingibjörg Elsa Turchi á bassa.

Að sögn Hildar Kristínar leikur hljómsveitin blöndu af rokki, klassískri tónlist og indítónlist og kemur það til vegna mismunandi tónlistarsmekks meðlima. „Við erum með mjög ólíkan tónlistarsmekk. Björn Pálmi hlustar eiginlega bara á klassíska tónlist og Ingibjörg hefur mjög gaman af þjóðlagatónlist, á meðan við hin hlustum mest á rokk. Það er svolítið gaman að sjá hvernig þetta blandast allt saman í einn hrærigraut í okkar tónlist,“ segir hún.

## FEIMIN Í FYRSTU

Fyrsta plata Rökkurróar, Það kólnar í kvöld, kom út árið 2007 og var gefin út af 12 Tónum. „Við byrjuðum á því að gefa sjálf út EP plötu árið 2006 og ákváðum að prófa að fara með nokkur eintök niður í 12 Tóna og sjá hvort hún mundi seljast. Platan seldist eiginlega upp strax og við þurftum því að föndra fleiri og fleiri eintök af henni þar til við höfðum ekki undan að framleiða og hættum en fengum í kjölfarið samning hjá 12 Tónum. Fyrsti diskurinn kom svo út árið 2007 en við vorum eitthvað feimin þá og höfðum ekki beint vit á að koma okkur á framfæri. Þrátt fyrir það fékk platan góða dóma frá gagnrýnendum.“

Hljómplatan var einnig gefin út víðar í Evrópu og í kjölfarið fór hljómsveitin í tónleikaferðalag meðal annars um Þýskaland, Holland og Frakkland. „Þessi tónlist virðist fara vel í útlendinga því það var oftast uppselt á tónleikana okkar. Þjóðverjum virðist sérstaklega finnast allt íslenskt vera spennandi,“ segir hún og hlær.

## GÓÐIR VINIR

Aðspurð segir Hildur Kristín tónleikaferðalög vera undarlegt fyrirbæri sem geti oft tekið á taugar manna. „Okkur er öllum troðið inn í lítinn bíl og við erum saman allan daginn, alltaf, og þetta getur því verið hálf súrt. Á síðasta tónleikaferðalaginu spiluðum við á fimmtán tónleikum á sautján dögum. En við erum heppin því við erum öll bestu vinir og í raun er það alveg magnað hvað við rífumst lítið því maður hefur heyrt af hljómsveitum þar sem meðlimirnir rífast eins og hundar og kettir á tónleikaferðalögum.“

Hún segir margt skemmtilegt hafa gerst á ferðalagi þeirra um Evrópu og rifjar meðal annars upp tónleika á frönskum skemmtistað þar sem piltarnir í hljómsveitinni fengu óvænta athygli

## * bak við tjöldin



**Uppáhaldsstaðurinn?**
Sjanghæ, var þar um daginn og kolféll fyrir borginni.

**Besti tími dags?**
Kvöldin, allt er betra á kvöldin.

**Uppáhaldsmaturinn?**
Humar og hnetusteik.





**Uppáhaldstónlistarmaður?**
Þessa dagana er það Bill Callahan. Mig langar að giftast honum út af þessari rödd!

**Stjörnumerki?**
Ég er steingeit.



# POPP

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS • JÚNÍ 2010

# BRYNDÍS GYÐA

## GLAMÚRFYRIRSÆTA MEÐ BEIN Í NEFINU



4

6

8

9


**POPP** er fylgirit Fréttablaðsins. POPP kemur út einu sinni í mánuði.
**Ritstjóri:** Atli Fannar Bjarkason
atlifannar@frettabladid.is
**Útlitshönnun:** Arnór Bogason
**Sölustjóri:** Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@365.is • sími 512 5411
**Útgefandi:** 365 hf.

NÝ ÍSLENSK KVIKMYND FRUMSÝND Í JÚLÍ

# VITRANIR UM LÍFIÐ EFTIR DAUÐA Í BOÐBERA

Darri Ingólfsson og Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir leika í nýrri mynd sem verður frumsýnd hér á landi 7. júlí. Myndin heitir Boðberi og er Hjálmar Einarsson handritshöfundur og leikstjóri. Myndin fjallar um verkamanninn Pál, sem leikinn er af Darra. Hann hefur alla tíð haldið að hann sé bara eins og hver annar maður en allt breytist það þó þegar hann fer að upplifa vitranir um lífið eftir dauða. Páll flækist inn í fléttu valdamikilla manna og sértrúarhópa í samfélaginu sem gætu skaðað mikinn fjölda og valdið samfélagshruni.

Darri er nýkominn heim frá Los Angeles til að vera viðstaddur frumsýninguna sem verður 7. júlí. „Þetta var rosa ævintýri. Það voru mikil tengsl milli allra sem komu að þessu. Tökur áttu að taka nokkrar vikur til að byrja með en svo varð þetta alltaf stærra og stærra. Ég er orðinn verulega spenntur að fá að sjá lokaútgáfuna þar sem ég hef ekki séð myndina í heild,“ segir Darri.

Hjálmar Einarsson handritshöfundur skrifaði handritið fyrir efnahagshrunið hér á landi. Þar af leiðandi hafa skapast mjög skemmtilegar umræður um það hvort Hjálmar búi yfir sjötta skilningarvitinu og hafi séð fyrir örlög landsins. Samfélagið sem Páll býr í og spillingin sem á sér stað hjá valdameiri mönnum má á margan hátt líkja við það sem átti sér stað áður en efnahagshrunið skall á.

„Við skulum vona að þetta fari nú ekki á sama veg og gerist í handritinu. Það væri frekar slæmt,“ segir Darri. „En sjáum til, Jón Gnarr er orðinn borgarstjóri, þannig að Magnús Jónsson verður kannski næsti seðlabankastjóri.“


**BOÐBERAFÓLKIÐ** Darri Ingólfsson og Ísgerður Elfa.




# METALMESSA Á SÓDÓMU

Þungarokkshljómsveitirnar Dimma, Sólstafir og Swords of Chaos koma fram á Metalmess á Sódómu á morgun. Tónleikarnir hefjast að sjálfsögðu á miðnætti og aðgangseyrir er 1.200 krónur.

Sólstafi þekkja allir íslenskir þungarokksunnendur en sveitin hefur verið starfandi síðan 1995 og gefið út tvær breiðskífur og fjölmargar smáskífur. Þeir ætla að nota tækifærið og hita upp fyrir tónleika sína á Hróarskeldu um næstu helgi. Hljómsveitin sendi nýlega frá sér myndband sem hefur vakið mikla athygli, en stafræn tækni er harla lítið notuð við gerð þess.

Dimma var stofnuð árið 2004 og hefur einnig gefið út tvær breiðskífur og farið m.a.í tónleikaferð til Bandaríkjanna. Þetta verða einu tónleikar Dimmu á Íslandi á árinu.

Swords of Chaos er svo ung harðkjarnasveit sem er að leggja lokahönd á fyrstu breiðskífu sína sem kemur út í sumar og verður spennandi að fá að heyra lög af frumburðinum á Sódómu.


**BRJÁLÆÐI** Dimma kemur fram í fyrsta og eina skipti á Sódómu annað kvöld. Sólstafir komu fram á Hróarskelduhátíðinni í júlí.


Þykkvabæjar
Forsoðnar
Grillkartöflur
argus – 05-0302
FUNHEITAR EÐA SVALAR í grillveisluna
Þykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
kartöflusalat
hrásalat
Einfalt og gott!
Þykkvabæjar
KARTÖFLUSALAT
með lauk og graslauk
Þykkvabæjar
HRÁSALAT
400 g
Þykkvabæjar
KARTÖFLUSALAT
með sólþurrkuðum tómötum og ólífum
Þykkvabæjar

**POPPDÓMUR:** METALLICA, SLAYER OG MEGADETH OG ANTHRAX „KOMU FRAM“ Í KRINGLUNNI

# ÓSVIKIÐ STUÐ Á FÖLSUÐUM TÓNLEIKUM

Á miðvikudagskvöldið sem leið var boðið upp á heldur óvenjulega bíósýningu í Kringlubíói. Sýnt var frá rokktónleikum í Búlgaríu þar sem „The Big Four“ tróðu upp. Fyrir þá sem þekkja ekki fyrirbærið þá samanstanda „hinar stóru fjóru“ af vinsælustu thrash-metal hljómsveitum Bandaríkjanna á níunda áratugnum: Megadeth, Slayer, Anthrax og Metallica. Tónleikunum var varpað í gegnum gervihnött á bíótjöld víðs vegar um heiminn og hófst útsendingin rétt um það leyti sem tónleikunum var að ljúka. Ekki var semsagt um alveg „beina“ útsendingu að ræða, þó vissulega hafi ekki munað miklu.

Það er mjög sérstakt að upplifa rokktónleikastemningu í kvikmyndahúsi á meðan maður maular popp og sötrar kók. Stærsti salur Kringlubíós var því sem næst fullur og hvergi var kvenmann að sjá. Ég mætti þegar hljómsveitin Anthrax var hálfnuð með sitt prógramm. Hljómurinn var nokkuð góður og hljóðstyrkur var eins hár og bíóhús geta hækkað hann. Menn slömmuðu við hröðustu lög sveitanna, veifuðu kveikjurum og farsímum meðan á ballöðum stóð, en hasslyktina vantaði. Og það er mjög fyndið að sjá fólk slamma sitjandi.

Þegar Megadeth og Slayer höfðu lokið sér af var komið að Metallica. Burtséð frá allri nostalgíu til þeirra daga þegar þessar sveitir voru jafningjar verður ekki framhjá því litið að Metallica hefur hálfpartinn skilið hinar sveitirnar eftir í reykmekki sínum hvað vinsældir varðar. Á þessum tónleikum sá maður það eins skýrt og greinilega og hægt er hvers vegna Metallica hefur náð alheimshylli sem tónleikasveit. Samspil sveitarinnar er ekki ávallt fullkomið en fjandakornið, hún er bara svo skemmtileg á sviði.

Eins og á öllum góðum rokktónleikum var aðalnúmerið klappað upp. Skemmtilegt var að fylgjast með bíógestum taka þátt í þeim gjörningi, en það var mikið klappað og stappað. Vissulega gátu þeir engin áhrif haft á það hvort hljómsveitin birtist aftur en þetta var allt gert í nafni upplifunarinnar og hinnar skemmtilegu tálsýnar sem uppátækið vissulega er. Ég hálfpartinn vorkenndi litlu börnunum í salnum við hliðina sem sátu grunlaus að horfa á Toy Story 3 þegar allt byrjaði að leika á reiðiskjálfi. Foreldrar þeirra hafa eflaust haldið að Rússarnir væru að koma.



**HETFIELD FLOTTUR** Samspil Metallica er ekki ávallt fullkomið en fjandakornið, hún er bara svo skemmtileg á sviði.

Ég vona að þetta marki upphaf nýrrar hefðar. Ég hefði afskaplega gaman af því að geta rölt stöku sinnum í kvikmyndahús til að horfa á tónleika, og miðað við mætinguna á miðvikudaginn er ég viss um að það gæti myndast áframhaldandi spenningur fyrir svona uppákomum. Ég get til dæmis vel ímyndað mér að miðaldra karlar á sportbörum borgarinnar gætu hugsað sér að skella sér á Toto í Regnboganum eftir leik og nokkra bjóra.

Líkt og að horfa á góða eftirprentun af málverki voru tónleikarnir skemmtileg upplifun, en að sjálfsögðu ekki jafn áhrifarík og það að vera á staðnum. Að finna lyktina af fólkinu, vonda bjórnum og sprengingunum uppi á sviði. Já, og af blauta og loðna handarkrikanum sem skeggjaði maðurinn við hliðina á þér smyr reglulega þvert yfir andlitið á þér. Að sjá nánast ekki neitt en gleyma stað og stund og njóta þess að vera á góðum konsert. Það er að sjálfsögðu óviðjafnanlegt. En stuðið í Kringlunni var engu að síður ósvikið.

*Haukur Viðar Alfreðsson*





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ




**HEITIR Í DAG** Þessir gaurar eru ekki í frægustu hljómsveit heims, en eitthvað segir okkur að Foxy Shazam láti finna fyrir sér í tónlistarheiminum á næstunni.

# FOXY GOSPEL OG METAL BLANDA

Hljómsveitin Foxy Shazam frá Cincinnati þykir ein sú flottasta í Bandaríkjunum þessa dagana en hún var stofnuð árið 2004. Sveitin hitar upp fyrir Hole á væntanlegum sumartúr um Bandaríkin og eru margir spenntir fyrir að sjá sveitina á sviði því söngvarinn Eric Nally ku vera mikið ólíkindatól þegar á sviðið er komið.

Bandið var valið eitt af hundrað bestu böndum ársins 2008 af tímaritinu Alternative Press auk þess sem tímaritið Spin setti það á lista yfir þær tíu hljómsveitir sem lesendur þess yrðu að kynna sér árið 2010. Nýjasta plata sveitarinnar, sem ber heitið Foxy Shazam, er innblásin af ýmsum ólíkum tónlistarstefnum líkt og gospel, sálartónlist og metaltónlist og þykir sumum sveitin minna svolítið á hljómsveitirnar Queen og Meat Loaf. Söngvarinn Eric segir þó að sú plata sem hafi haft hvað mestu áhrif á hann sé Jagged Little Pill með kanadísku söngkonunni Alanis Morissette.

**POPPLEIKUR:** UFC 2010 UNDISPUTED

## HNITMIÐAÐ Á HARÐKJARNANN

UFC Undisputed 2010 er leikur um harðhausa fyrir harðhausa, eða a.m.k. aðdáendur þeirra. Eins og nafnið gefur til kynna snýst leikurinn um heim UFC bardagakeppninnar þar sem keppendum með mismunandi bardagastíla er att saman inni í læstu, sexhyrndu búri. Leikmenn geta stokkið í fótspor „þekktra“ bardagakappa og slegist eins og enginn sé morgundagurinn eða skapað sinn eigin slagsmálahund og byggt hann upp frá grunni.

Tæknilega séð er ekkert út á leikinn að setja. Á öllum sviðum er hann betrumbæting frá UFC 2009 og í heildina mjög heilsteyptur og þéttur slagsmálaleikur. Sú nýbreytni að láta notendur borga sérstaklega fyrir netspilunarhluta leiksins er hins vegar vafasöm.

Gallinn við UFC er sá að leikmenn þyrftu helst að hafa ágætis þekkingu á UFC til að geta notið leiksins. Fyrir nýgræðinga er leikurinn frekar óaðgengilegur og leikurinn gerir lítið til að kveikja áhuga þeirra áhugalausu. Leikurinn er þó líklega eins og blautur draumur fyrir aðdáendur UFC, en undirritaður er því miður ekki einn þeirra.

**HEITI Á TÖLVULEIKNUM**

| | |
|---|---|
| SPILUN | 4/5 |
| GRAFÍK | 4/5 |
| HLJÓÐ | 3/5 |
| ENDING | 3/5 |
| NIÐURSTAÐA | 3/5 |



**HARKA** Heimur UFC er harður og ekki fyrir viðkvæma.



**BARÁTTA** Gagnrýnandi fékk það á tilfinninguna að leikurinn væri hálfkláraður.

**POPPLEIKUR:** ALPHA PROTOCOL

## ALLS EKKI NÓGU GOTT

Í Alpha Protocol fara spilarar með hlutverk njósnarans Michaels Thorton. Þegar ríkisvaldið hefur snúið baki við Thorton þarf hann að taka á stóra sínum til að koma í veg fyrir yfirvofandi hamfarir. Líkt og með hinn nýlega Mass Effect 2 hafa spilarar fullt vald á leikmanninum sínum; hvort hann sé þaulvanur njósnari, berserkur eða græningi. Útkoma hvers og eins samtals í leiknum er í höndum spilarans og hann velur í hvaða tóntegund svörin eru.

Þrátt fyrir valmöguleikann á því hvernig línurnar eru sagðar, eru samtölin illa skrifuð. Söguþráðurinn sjálfur er eins og afkvæmi kvikmyndarinnar G.I. Joe sem kom út fyrir ári og Bourne-þríleiksins. Klunnaleg spilun og útlit leiksins fær mann til þess að halda að um hálfkláraðan leik sé að ræða. Stýringin er ólík því sem maður þekkir og hjálpar það ekki þegar leysa þarf þrautir í flýti (t.d. að hakka tölvu eða öryggiskerfi). Þeir sem vænta góðs hlutverkaleiks í bland við skotleik af Alpha Protocol þurfa því miður að leita annað.

**HEITI Á TÖLVULEIKNUM**

| | |
|---|---|
| SPILUN | 2/5 |
| GRAFÍK | 2/5 |
| HLJÓÐ | 3/5 |
| ENDING | 4/5 |
| NIÐURSTAÐA | 2/5 |




vísir.is
„...ég sá það á vísi“

# GLAMÚRFYRIRSÆTA M STERKAR SKOÐANIR

**Silíkonbrjóst, nærfatamyndatökur, fegurðarsamkeppnir og femínismi. Bryndís Gyða Grímsdóttir, 19 ára fyrirsæta með meiru, er með skoðanir á þessu öllu og hefur vakið eftirtekt fyrir hispurslaus skrif sín sem Pressupenni á Pressan.is. Þar deilir hún sinni reynslu af silíkonaðgerð, sem hún mælir hiklaust með, og umdeildu atviki sem hún lenti í í fegurðarsamkeppni í Þýskalandi. Pistlarnir eru allt frá stefnumótaráðleggingum til mataruppskrifta og því greinilegt að Bryndísi er margt til lista lagt.**

**ORÐ:** Álfrún Pálsdóttir
**MYNDIR:** Stefán Karlsson
**FÖT:** Spúútnik

Bryndís Gyða er uppalin á Höfn í Hornafirði en er að eigin sögn of mikið borgarbarn fyrir sveitina. Elst af þremur systkinum og á foreldra sem vilja helst hafa hana í bómull. Þrátt fyrir ungan aldur stefnir Bryndís hátt og er staðráðin í að láta alla sína drauma rætast, og þeir eru fleiri en einn.

„Ég er týpískur tvíburi (stjörnumerkið) og verð alltaf að hafa eitthvað í pípunum. Ég er alltaf að gera eitthvað nýtt og skipta um umhverfi," segir Bryndís og er meðal annars að fara í einkaþjálfaraskólann í haust. Útlit, tíska og heilsa eiga hug hennar allan en einna helst vill hún starfa í fjölmiðlum og sinna tónlistinni sinni en hún hefur mjög gaman af því að syngja. Og leika. „Ég stefni á að fara á fullt í að leika og syngja á næstunni. Ég er búin að finna pródúser sem vill vinna með mér og við sjáum hvað kemur út úr því." Bryndís segist einnig gjarna vilja prófa að vinna í sjónvarpi. „Ég mundi alveg vilja vera með minn eigin þátt um tísku og alls konar sniðugt fólk. Ég er með fullt af hugmyndum um hvernig þátt ég vil gera og er til dæmis með eitt spennandi verkefni í bígerð sem fer vonandi af stað í haust."

Bryndís hóf nám við Fjölbrautaskólann í Ármúla þegar hún flutti til Reykjavíkur en hætti á síðasta ári til að fara út að keppa í fegurðarsamkeppnum. „Ég tel að það sem ég vil gera í framtíðinni sé meira tengt listum og ætla að bíða aðeins með stúdentsprófið."

Þegar hún er ekki að sinna fyrirsætustörfum eða skrifa pistla á netið vinnur Bryndís á heimili fyrir langveika. Hún eyðir því hversdeginum milli mjög ólíkra heima og segir það að vinna með veiku fólki haldi sér á jörðinni.

### Femínismi og silíkon

Bryndís sóttist sjálf eftir því að verða pressupenni og telur sig hafa margt fram að færa við unga jafnt sem aldna. „Ég þarf ekki að hafa mikið fyrir því að skrifa og hef skoðanir á öllu." Innihald pistlanna hennar er mjög fjölbreytt. Hún ráðleggur fólki um allt milli himins og jarðar á milli þess sem hún viðrar sínar eigin skoðanir á málefnum líðandi stundar. „Ég hef alltaf haft sterkar skoðanir á öllu og er ekki hrædd við að segja hvað mér finnst. Stundum þarf ég að halda aftur af mér þegar ég er að skrifa og passa mig. Maður getur nú ekki sagt allt sem maður vill."

Innihald pistlanna er allt frá tísku að pólitík. „Ég hef miklar skoðanir á pólitík og finnst margt rangt í gangi í íslenskum stjórnmálum. Til dæmis finnst mér Sóley Tómasdóttir varpa skugga á flokkinn sem hún er í og á femínisma yfirhöfuð. Það hata sko ekki allir femínistar karla. Það er leiðinlegt þegar gott málefni eins og femínismi er eyðilagt af svona fólki," segir Bryndís og bætir við að hún vilji efla kvenréttindi en að það eigi líka að vera í lagi að raka sig undir höndunum og setja á sig maskara. „Er ég femínisti? Ég veit það ekki, jú, jú, eru ekki allar konur femínistar?"

Bryndís skrifaði færslu um hennar eigin reynslu af silíkon brjóstastækkun sem hún fór í 18 ára gömul. Mamma hennar og pabbi voru á móti aðgerðinni en strax fjórum dögum eftir 18 ára afmælisdaginn bókaði Bryndís tíma í brjóstastækkun. „Ég ákvað að skrifa pistil um þetta til að fá fólk til að skilja mína ákvörðun og sjá kannski aðra hlið á svona aðgerðum. Ég var mjög feimin að klæða mig úr bikinítoppnum í sundi og þetta var farið að há mér. Ég gerði þetta bara fyrir mig og engan annan," segir Bryndís og meinar að silíkonaðgerðin hafi breytt miklu fyrir hana og sjálfsöryggið.

Bryndís ráðleggur fólki hvernig best er að mála sig, gera á sér hárið og halda sér í formi í færslunum sínum. „Ég er bara sjálflærð í þessu en stefni á nám í förðun bráðlega. Ég hef alveg svakalega mikinn áhuga á öllu sem tengist útliti og er mjög oft beðin um að farða og ráðleggja fólki í kringum mig varðandi útlit. Ég hef fengið mikið hrós fyrir það."

Einnig sest hún í stól sambandsráðgjafa og ráðleggur fólki um samskipti kynjanna. „Ég tek bara vandamál sem vinir mínir og ég sjálf erum að eiga við og reyni að leysa þau í pistlunum mínum. Til dæmis skrifaði ég fyrir nokkru um hvernig stelpur eiga ekki að haga sér við stráka. Strákar vilja elta og stelpur eiga ekki að vera of ákafar."

Eftir að Bryndís byrjaði að skrifa á netið hefur pósthólfið hennar fyllst af bréfum og spurningum varðandi allt milli himins og jarðar. Hún segist svara öllum þeim póstum sem hún fái og vonar að sem flestir geti notið góðs af.

### Með bein í nefinu

Bryndís viðurkennir að hún er glamúrfyrirsæta og veigrar sér ekki við að sitja fyrir á nærfötum. „Ég hef ekkert á móti því að koma fram á nærfötum og sé engan mun á því og vera í bikiní í sundi. Þetta hylur alveg jafn mikið. Ég skil ekki alveg af hverju fólk er á móti nærfatafyrirsætum en fer svo í sund. Það er alveg það sama fyrir mér."

Þó svo að Bryndís hafi ekki tekið þátt í fegurðarsamkeppni Íslands hefur hún tekið þátt í tveimur fegurðarsamkeppnum á erlendri grundu. „Mér var boðin þátttaka í Ungfrú Ísland en ég hafði einfaldlega ekki tíma og ég veit ekki hvort ég mun gera það í framtíðinni." Henni bauðst þátttaka í Miss Civilization of the World í Tyrklandi og Top Model of the World í Þýskalandi í gegnum umboðsmann í Stokkhólmi. „Hann hafði séð myndir af mér á netinu og hafði samband. Ég hef mikinn áhuga á að ferðast og leit á þetta sem tækifæri fyrir mig að sjá heiminn." Bryndís segir að stelpur verði samt að passa sig og maður verði að athuga allt vel áður en haldið er út á vit ævintýranna. „Það eru margir svindlarar í þessum bransa."

Bryndís varð einmitt vitni að dökku hliðinni á þessum keppnum í Þýskalandi en einn af dómurunum í fegurðarsamkeppninni lofaði henni úrslitasæti í skiptum fyrir að hún kæmi með honum upp á herbergi. Bryndís afþakkaði pent og var ekki skemmt yfir upplifuninni. „Ég held að ég sé ekki þessi fegurðarsamkeppnistýpa. Ég nenni ekki að brosa bara og vera sæt eins og margar af þessum stelpum. Ég var ein af fáum sem þorðu að segja eitthvað og kvarta við aðstandendur keppnanna ef mér mislíkaði eitthvað," segir Bryndís og viðurkennir að hún sé með bein í nefinu og láti ekki vaða yfir sig. Hún vill þó ekki loka á frekari þátttöku innan fegurðargeirans en er núna með nóg í gangi. Til dæmis spennandi verkefni í Dúbaí sem hún er að íhuga. „Dúbaí er náttúrulega land sem er sko eins og Ísland í góðærinu sinnum 100. Þar er allt að gerast núna og ég fengið mörg tilboð þaðan, til dæmis að gera æfingamyndband, tónlistarmyndband og fyrirsætustörf. Ég er núna búin að taka þátt í tveimur keppnum á þessu ári og það er frekar mikið, en það er aldrei að vita hvað gerist ef gott tækifæri býðst."

**HVAÐ ÞURFA STRÁKAR AÐ GERA TIL AÐ NÆLA SÉR Í DRAUMADÍSINA?**

**Komdu fram við stelpuna þína eins og prinsessu. Láttu hana vita það að þú sért hrifinn af henni og bjóddu henni að gera eitthvað öðruvísi en það vanalega. Kynntu hana fyrir nýjum hlutum og hugsaðu út fyrir kassann.**

**Til dæmis fara í göngutúr, gefa öndunum brauð eða fara í riverrafting. Stelpur elska stráka sem þær geta lært eitthvað nýtt af. Það er mjög gefandi og gaman að vera með svoleiðis strákum.**

> **„ÉG HEF EKKERT Á MÓTI ÞVÍ AÐ KOMA FRAM Á NÆRFÖTUM OG SÉ ENGAN MUN Á ÞVÍ AÐ VERA Í BIKINÍ Í SUNDI. ÞETTA HYLUR ALVEG JAFN MIKIÐ. ÉG SKIL EKKI ALVEG AFHVERJU FÓLK ER Á MÓTI NÆRFATAFYRIRSÆTUM EN FER SVO Í SUND. ÞAÐ ER ALVEG ÞAÐ SAMA FYRIR MÉR."**



**ÓFEIMIN** Bryndís Gyð
engan mun á því að si
bikiní og nærfötum, e
fatnaðurinn það sama

# MEÐ



a sér
tja fyrir á
nda hylur
a.


# SÝNDU ÞÍNAR BESTU HLIÐAR

Ljósmyndasamkeppni Panasonic og Vísis



**1. VERÐLAUN**
**PANASONIC G2**
Glæný og byltingarkennd myndavél með útskiptanlegum linsum og snertiskjá.

**2. VERÐLAUN**
**PANASONIC TZ10**
Hágæða myndavél með 12x aðdrætti, GPS og fjölmörgum möguleikum.

**3. VERÐLAUN**
**PANASONIC BD65**
Vandaður Blu-ray spilari með minniskortarauf til að skoða ljósmyndirnar úr myndavélinni.

Taktu þátt í ljósmyndasamkeppni. Deildu þínum bestu myndum með okkur og þú átt möguleika á glæsilegum verðlaunum. Að auki er þráðlaus Panasonic KXTG1311 sími dreginn út í hverri viku.

Skilafrestur til **21. ágúst 2010**.
Allar nánari upplýsingar á visir.is.

Panasonic

VÍSIR.IS
Fyrstur með fréttirnar





**STOPWAITGO:** STOPWAITGO HLEYPIR OKKUR INN Í STÚDÍÓIÐ







**TÖLVUR FREKAR EN VINTAGE TÆKI** Strákarnir í StopWaitGo segjast nota aðallega tölvur við stúdíóvinnu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# iPADINN HÆKKAÐI DOUCH-STUÐULINN

**Allir hafa heyrt lagið Geðveikt fínn gaur sem var í þættinum Steindanum okkar. Færri vita að félagarnir í Stop-WaitGo sömdu og tóku lagið upp með Steinda, sem er nú orðinn popp-stjarna, þökk sé þeim.**

**1. 27“ iMac i5 Quad-Core/ 24“ iMac 2,8 GHz Core 2 Dou / 15“ MacBook Pro 2,66 Ghz Core 2 Dou:** „Við erum þrír og eru þetta tölvurnar okkar. Nánast allt sem við gerum í stúdíóinu er gert í tölvum, nema þá raddirnar og kannski gítar. Það af leiðandi er mikilvægt að tölvurnar séu fyrsta flokks.“

**2. Mbox2 Pro:** „Við erum að nota þetta hljóðkort í augnablikinu. Mboxið er mjög fín græja miðað við verð en við stefnum á að uppfæra hljóðkortið mjög fljótlega. Engu að síður erum við mjög ánægðir með hvað þessi litla græja gefur okkur þó góðan hljóm.“

**3. M-AUDIO KeyStudio 49i / M-AUDIO Oxygen 49:** „Stúdíóið okkar er nú frekar smátt í sniðum og er það af leiðandi ekki stútfullt af rándýrum hljóðfærum og græjum. Við látum okkur þessi tvö litlu MIDI-borð nægja og hafa þau staðið sig í stykkinu og rúmlega það.“

**4. M-AUDIO BX8a / Behringer Truth B2030A:** „Mixið okkar og öll lokavinnsla fer fram í gegnum BX8a monitora en svo notum við litlu Behringer-gaurana gjarnan til samanburðar sem og bílkerfi og fleira.“

**5. Antares AVP1 Vocal Producer:** „Ágætis „vocal unit“ sem upphaflega var keypt til að nota „live“ en nú erum við byrjaðir að nota það til að taka upp. Græjan gefur röddunum ákveðinn blæ eða ákveðið „sound“ sem við fílum.“

**6. iPad 3G/Wi-Fi 64GB:** „Við notum iPadinn eiginlega ekki í neitt sérstakt. Hann er bara svo kúl og eins og með allt sem Apple framleiðir, þá er bara gaman að horfa á hann því hann er svo fallegur! „Douche-stuðullinn“ okkar hækkaði um helming þegar við fengum þessa græju!“

Bræðurnir Ásgeir Orri og Pálmi Ragnar Ásgeirssynir ásamt félaga sínum Sæþóri Kristjánssyni skipa upptöku- og lagahöfundateymið StopWaitGo. Síðustu mánuði hafa þeir skotist nokkuð hratt inn í umræðu tónlistarmanna og nú liggur fjöldi verkefna á borðunum þeirra.

Ásgeir og Sæþór höfðu verið að leika sér með takta í bandi sem þeir voru í. Eftir að Pálmi bættist við hópinn fór boltinn að rúlla og þeir félagar ákváðu að taka að sér samvinnu við aðra listamenn.

Ásgeir er hluti af skemmtiþætti NFVÍ 12:00 og sáu strákarnir um lögin í þeim þætti. Um það leyti sem stelpurnar í Nylon voru að leita sér að lagahöfundi heyrðu þær þessi lög fyrir tilviljun. Þær höfðu því samband við þá og í samvinnu bjuggu þau til lögin sem komu stelpum þangað sem þær eru núna. Eftir það hafa listamenn á borð við Haffa Haff, Friðrik Dór og Steinda Jr. haft samband við þá til að fá þá í samstarf. Einnig hafa strákarnir tekið að sér lagasmíðar fyrir auglýsingar og að auki eru þeir með mörg verkefni á borðinu.

„Þetta er mikil samvinna. Oftast fer þetta þannig fram að við leggjum grunntakt á borðið og listamennirnir koma með sínar hugmyndir og semja sitt lag í kringum taktinn. Síðan í samvinnu koma allir með hugmyndir hvernig megi betrumbæta og laga,“ segir Ásgeir Orri. Það þarf því að vera mikil samvinna og virðing á beggja bóga þegar kemur að samstarfinu. Verkaskiptingin innan StopWaitGo er nokkuð jöfn samkvæmt Ásgeiri. „Við Pálmi sjáum aðallega um lagasmíðina og taktagerðina á meðan Sæþór gengur frá lögunum og gerir þau að þeim lögum sem þau verða með mixi, masteringu og raddútsetningu.“

Strákarnir eru ekki neitt lærðir í þessu heldur hafa þeir bara kennt sér sjálfir. Allir spila þeir á gítar og píanó og hafa samið lög í gegnum tíðina. „Þetta þróaðist út í það að við fengum okkur tónlistarforrit vegna þess að við þoldum ekki að geta aldrei heyrt tilbúið lag þegar við vorum að semja. Það er hægt að læra allt í gegnum Netið. Síðan höfum við keypt bækur og DVD-diska til að kenna okkur,“ segir Ásgeir.

# 11 BESTU RANDY-ÞÆTTIRNIR

Á vefsíðunni Southparkstudios.com er hægt að horfa á alla South Park-þættina frá upphafi frítt og löglega. Síðan er opinber vefsíða þáttarins og nýir þættir birtast nánast um leið og þeir eru sýndir í Bandaríkjunum. Persónan Randy Marsh, pabbi Stans, er vafalaust fyndnasta og besta aukapersóna þáttanna. Hann hreinlega eignar sér þættina sem hann kemur fram í. Popp ætlaði að taka saman tíu bestu Randy-þættina en það var of erfitt. Við tókum því saman ellefu bestu þættina. Við hvetjum lesendur til að fletta upp nöfnum þáttanna á vefsíðunni Southparkstudios.com.



**BLOODY MARY** Randy er alkóhólisti og neyðist til að berjast við sjúkdóminn, sem hann trúði ekki að hrjáði hann. Randy endar í hjólastól. Hvers vegna veit enginn.



**WITH APOLOGIES TO JESSE JACKSON** Randy verður á að segja harðbannað orð í sjónvarpinu. Hann neyðist til að biðja svertingja í Bandaríkjunum afsökunar.



**THE LOSING EDGE** Randy fer á hafnaboltaleiki sonar síns til að slást við aðra pabba. Hann lítur á það sem mikilvægt verkefni.



**TWO GUYS NAKED IN A HOT TUB** Randy fer í partí og endar nakinn í heitum potti með pabba Kyle og ýmsar óþekktar tilfinningar blossa upp.



**NIGHT OF THE LIVING HOMELESS** Heimilislaust fólk tekur yfir South Park og Randy dregur fram haglabyssuna.



**MORE CRAP** Randy kúkar stærsta kúk allra tíma. Hélt hann. Bono reynir að stela titlinum en Randy gefst ekki upp.



**OVER LOGGING** Netið dettur út og Randy leitar leiða til að geta skoðað brasilískt fótaklám. Hann þarf að leita ansi langt.



**GUITER QUEER-O** Randy skilur ekkert í því að sonur hans sé að spila á gítar í tölvuleik, enda kann hann að spila á alvörugítar.



**SOMETHING YOU CAN DO WITH YOUR FINGER** Stan byrjar í strákahljómsveit sem fer ekki vel í Randy, enda er hann fallin stórstjarna fortíðarinnar.



**TWO DAYS BEFORE THE DAY AFTER TOMORROW** Gróðurhúsaáhrifin skella á South Park og Randy reynir að sjálfsögðu að vera hetja dagsins.



**MEDICINAL FRIED CHICKEN** KFC er lokað og í staðinn er marijúana-apótek opnað. Randy reynir að veikjast til að fá að reykja gras.



## POPPLEIKUR: RED DEAD REDEMPTION



**HETJA** Red Dead er kannski ekki Lukku Láki en hann er fjári snöggur að skjóta.

# EFTIR GRESJUNNI KEMUR MAÐUR...

Red Dead Redemption er eins og hver annar sandkassaleikur þar sem notanda er gefið færi á að flakka um gríðarstórt landsvæði, leysa af hendi verkefni fyrir hina ýmsu íbúa svæðisins og dunda sér við alls kyns dægradvöl. Það sem aðskilur Red Dead frá hjörðinni er staðsetning, eða kannski frekar tímasetning hans, en leikurinn gerist í villta vestrinu. Snilldin við Red Dead er sú fjölbreytni sem umhverfið veitir manni. Villta vestrið er stútfullt af dýralífi, sem er ekki síður hættuminna en fullvopnaðar mannskepnunnar.

Á tæknilegu hliðinni stígur Red Dead vart feilspor, grafík og hljóð eru með ágætum og stjórnkerfi leiksins er einfalt og þægilegt í notkun. Galli leiksins er eiginlega sá sami og kosturinn, umhverfið. Oft á tíðum þurfa menn að senda þvert yfir gríðarstórt landsvæði, þar sem nánast ekkert er að sjá nema auðn og stöku kanínur. Þetta væri svosem þolanlegt á hraðskreiðum sportbíl en á truntu verður það með tímanum leiðinlegt. Það má samt ekki líta framhjá því að Red Dead gerir nánast allt mjög vel og er á endanum mjög góður leikur.

SPILUN 4/5 | GRAFÍK 4/5 | HLJÓÐ 5/5 | ENDING 5/5 | NIÐURSTAÐA: 4/5




## FRUMSÝNING: A NIGHTMARE ON ELM STREET



**SKUGGALEGUR** Freddy Krueger væri örugglega ekki til í að skera fyrir þig brauð.

# FREDDY KRUEGER ER AÐ FARA AÐ NÁ ÞÉR

**Brunafórnarlambið Freddy Krueger er kominn aftur. Það er reyndar eins og hann hafi aldrei farið því níunda myndin sem sýnir hann limlesta ungmenni er komin í bíó. Hann ásækir fólkið í draumi og takist honum að drepa það þar deyr það í raunveruleikanum. Lesendur Popps eru því hvattir til að horfa á kærleiksbirnina áður en þeir fara að sofa svo að hann banki örugglega ekki upp á í draumaheiminum.**



**Mamma**



„Þú myndir aldrei fá hana mömmu þína til að koma með þér á þessa mynd. Hvað er eiginlega að þér? Ég er ekki heldur viss um að ég vilji að þú farir og sjáir hana því hún virðist vera hrikalega ljót. Þú kemur allavega ekki vælandi heim til mín þegar þig dreymir þetta skrímsli!“

**Vinurinn**



Gaur. Við verðum að finna einhverjar stelpur til að koma með okkur á þessa. Ég veit að þetta er ógeðslega gamalt bragð, en það hlýtur að virka enn þá. Þú lofar líka að segja þeim ekki frá því þegar við förum að sjá Hostel. Það gerist ekki aftur. Ég lofa.“

**Bíónördinn**



„Myndirnar um Freddy Krueger mega muna sinn fífil fegurri, enda er þetta níunda myndin í seríunni. Þessi fær ekki góða dóma, en fæstar svona hrollvekjur hljóta náð fyrir augum gagnrýnenda. Hún er fín skemmtun ef maður er stilltur inn á slíka skemmtun.“

**Stelpan**



„Oj, þetta er örugglega ógeðsleg mynd, en mér finnst stundum gaman þegar mér bregður. Ég skal fara með þér á þessa ef ég má halda í höndina á þér og ef þú leikur þér ekki að því að bregða mér eftir myndina. Það er nóg að þurfa að horfa á þetta skrímsli.“

# NÝLEG, GÖMUL , GLÖTUÐ

**Þórdís Nadía Semichat er ein af stjörnunum í heimildarmyndinni Uppistandsstelpur sem verður forsýnd í Háskólabíói í kvöld. Hún er í uppistandshópi Hins hússins sem heldur Reykvíkingum hlæjandi í sumar.**

**Sá nýlega**

*The Hoax (2006).* Skemmtileg mynd um mann sem sannfærir heila bókaútgáfu að gefa út ævisögu Howard Hughes viðskiptafrömuðar, án þess að hafa nokkurn tímann hitt hann eða talað við hann. Myndin er sannsöguleg.




**Gömul**

*Mulholland Drive (2001).* David Lynch er í miklu uppáhaldi, ef ég væri Jón Gnarr þá myndi ég setja Mulholland Drive í skylduáhorf hjá öllum. Mögnuð mynd sem ég verð að horfa reglulega á.




**Glötuð**

*The Tenants (2005).* Bara það að sjá Snoop Dogg reyna að leika alvarlegan rithöfund verður til þess að myndin missir allan trúverðugleika. Hún er svo léleg að hún verður fyndin.



# SUMAR SPRENGJA!

STÓR-ÚTSALA!

## AUSTURHRAUNI 3, GARÐABÆ

FYRIR SUMAR, VETUR, VOR OG HAUST!

GERÐU KAUP ÁRSINS!

# 20-80% afsl.

## Á HÁGÆÐA ÚTIVISTARVÖRUM, FATNAÐI OG SKÓM!

BOLIR JAKKAR SUNDFÖT SKYRTUR BUXUR GÖNGUSKÓR VINDJAKKAR STUTTBUXUR ÚTIVISTARFÖT HLAUPASKÓR REGNJA
UNDIRFÖT KJÓLAR KVENJAKKAR HÚFUR SPORTFATNAÐUR FLÍS SÝNISHORN TILBOÐSHORN BARNAFÖT UNGBARNAFÖT GÖ
GUFÖT ÚTILEGUFÖT SANDALAR ÍÞRÓTTASKÓR NÆRFÖT BIKINÍ VETTLINGAR TREFLAR KVARTBUXUR T-BOLIR BOLIR JAKKA
SUNDFÖT SKYRTUR BUXUR GÖNGUSKÓR VINDJAKKAR STUTTBUXUR ÚTIVISTARFÖT HLAUPASKÓR REGNJAKKAR SANDALA

**Fyrsta flokks vörumerki á ótrúlegu verði!**

Einstakt tækifæri til þess að næla sér í gæðavörur á frábæru verði fyrir útivistina, ferðalagið, fjallgönguna, golfið, veiðina og allt þetta skemmtilega í lífinu.




**Opið:**

| | |
|---|---|
| Föstudag | kl. 10-18 |
| Laugardag | kl. 11-16 |
| Sunnudag | kl. 12-16 |

A3 OUTLET CENTER

Austurhrauni 3 ▪ Garðabæ ▪ Sími 533 3811

O'NEILL · SEAFOLLY · casall · Teva · CINTAMANI DRESS CODE ICELAND · asics

DYNAMO REYKJAVÍK

# 5 GÓÐ RÁÐ



## HVERNIG SKAL ÞYKJAST VERA HM-SPEKINGUR Á MEÐAN HORFT ER Á LEIKINA

**Hjörvar Hafliða fótboltaséní**



**1** **Vörin** Númer 1, 2 og 3 vertu með í vörinni og þú lítur út fyrir að vita eitthvað um fótbolta.

**2** **Kvartaðu** Kvartaðu undan lýsendum leiksins, þeir hafa engan skilning á leiknum!

**3** **Spyrðu** Taktu einn stóran sopa af bjórnum og horfðu svo á félagana og spurðu með undrandi röddu: „Af hverju fer hann ekki upp með bakverðina“ eða „er ekki algjört kjaftæði að vera að spila 4-4-2??!“

**4** **Röflaðu** Farðu á Wikipediu fyrir leikinn og skoðaðu hver á bekknum hefur skorað flest landsliðsmörk, strax í hálfleik röflarðu svo um af hverju þjálfarinn hafi ekki sett hann inn á fyrir löngu!

**5** **Dómari** Talaðu í tíma og ótíma um að dómarinn sé ekki að halda línunni (þ.e. hann gefur gult á sumt en annað ekki á hinum enda vallarins). Það er samt algjört lykilatriði að vera með munntóbak í vörinni!







POPP Auglýsingasími 512 5411

# ÐINU

frá karlkynsáhorfendum. „Strákarnir í bandinu fengu alveg rosalega athygli frá frönsku karlmönnunum sem virtust ekki einu sinni sjá okkur stelpurnar. Við skildum ekki alveg af hverju, hugsuðum hvort það hafði eitthvað með skemmtistaðinn að gera en urðum auðvitað frekar sárar. Við spiluðum einnig í Hollandi fyrir rúmu ári og eftir tónleikana spilaði bareigandinn lag sem hann tileinkaði okkur með textanum „Give us our money back“. Þar sem tónleikarnir höfðu ekki verið eins vel sóttir og við vonuðumst til, þá hélt ég í fyrstu að hann væri að gefa í skyn að við ættum að greiða honum til baka peninginn sem við fengum greiddan fyrir að spila og var orðin svolítið stressuð, en svo komumst við að því seinna um kvöldið að þetta var bara mjög djúpur brandari hjá honum um Icesave-málið.“

### ÍSLENSKAN VINSÆL

Allir textar hljómsveitarinnar eru á íslensku og segir Hildur Kristín það athyglisvert hvað það hafi hjálpað hljómsveitinni mikið við að koma sér á framfæri. „Starfsmenn 12 Tóna segja að það hafi verið mjög auðvelt að selja fyrri diskinn okkar því þangað koma svo margir erlendir ferðamenn í leit að íslenskri tónlist með íslenskum texta. Það eru ekkert sérstaklega mörg bönd sem syngja á íslensku í dag þannig að þetta gefur okkur ákveðið forskot. Ég hef sjálf aldrei orðið vör við að það sé erfiðara að selja tónlist sína þó maður syngi á íslensku eins og margir vilja meina.“

### GAMAN Á SVIÐI

Rökkurró lék í gærkvöldi á Jónsvöku og segir Hildur Kristín að henni þyki alltaf jafn gaman að spila á tónlistarhátíðum. „Við höfum tvisvar spilað á Airwaves og einnig á Innipúkanum og á Réttum. Mér finnst myndast alveg sérstök stemning á svona tónlistarhátíðum og það er voðalega gaman að fá að taka þátt í því þó það sé auðvitað líka gaman að spila á minni tónleikum.“

Ný hljómplata er væntanleg frá Rökkurró innan skamms og hefur hún hlotið heitið Í annan heim. Hildur Kristín segist afskaplega ánægð með plötuna og óttast ekki slæma gagnrýni tónlistarspekúlanta landsins. „Við erum öll svo rosalega stolt af þessari plötu og ánægð með útkomuna að ég held það muni ekki skipta okkur neinu máli hvort við fáum góða eða slæma dóma. Þessi plata er svolítið þyngri og tormeltari en sú fyrsta og við lögðum miklu meiri vinnu í alla hljóðvinnslu núna þannig að það er mikill munur á nýju plötunni og þeirri fyrri.“

Í framtíðinni segir Hildur Kristín það vera draum sinn að geta lifað á tónlistinni enda viti hún fátt skemmtilegra en að standa á sviði og syngja. „Er það ekki draumur allra tónlistarmanna að geta lifað á listinni? Ég veit í það minnsta ekkert skemmtilegra en þetta og það væri gaman að vinna bara við tónlistina. En svo veit maður ekki, kannski er þetta eitthvað sem er erfitt að vinna við til lengdar.“

## Svarta kremið



**The Black Cream frá The Make up Store er, eins og nafnið gefur til kynna, svart á litinn. Það stafar af blöndu af steinefnum sem kremið inniheldur og er ætlað að styrkja og örva endurnýjun húðfrumna og vernda húðina. Það er blandað með DermoLift Complex, blöndu af agae-prótínum sem styrkja húðina og gefa húðinni langvarandi þéttleika.**

## Dýrslegir ilmir frá Puma



**Flestir tengja Puma við íþróttavörur, en framleiðandinn gerir hins vegar líka heilmikið af fínum og ferskum snyrtivörum.**
**Það nýjasta eru ilmvötn fyrir karla og konur sem bera nafnið Animagical. Ilmurinn er innblásinn frá Afríku og bera glösin þess vott, eru með dýramunstri í glaðlegum litum.**
**Dömuilmurinn er ferskur, nýtískulegur með keimi af blómum, ávöxtum og viði. Herrailmurinn er hins vegar seiðandi, kraftmikill og glettinn, alveg eins og allir fyrirmyndarkarlar.**



# tíðin

✱ notað í bland við nýtt




**NAUÐSYNLEG VÖRN** Þó að flestum þyki gott að láta sólina skína á sig er nauðsynlegt að vernda húðina fyrir ágangi hennar. Þessi sólarvörn frá Hawaiian Tropic er sérstaklega gerð fyrir viðkvæma húð og andlit. Hún gefur öflugan raka og er olíu- og lyktarlaus.

## ✱ algjört möst



1 **Góð byrjun á föstudegi væri að splæsa á sig nýrri flík, af þú átt það skilið. Þetta blómlega pils fæst í Zöru.**



2 **Fjöldi hljómsveita treður upp á Jónsvöku á Nasa á föstudagskvöldið, þar á meðal Agent Fresco, Ensími og Seabear.**



3 **Það er tilvalið að fara í bröns á Gráa kettinum, þreyttur og súr á laugardagsmorgni, og halda hress út í daginn, fullur af pönnsum, beikoni og kaffi.**



4 **Ljúka svo helginni með því að kíkja á sýningu um The Weird Girls Project í Nýlistasafninu, kostulega stelpulistahópnum sem leiddur er af listakonunni Kitty von Sometime.**



***ÞESSA FALLEGU SLÁ*** saumaði amma á mömmu á sjöunda áratugnum og ég nota hana núna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



***BUMBULUXI,*** skúlptúr sem ég bjó til og er eina gæludýrið sem ég á eins og stendur.



***IITTALA BOLLASTELLIÐ*** sem ég er að safna og amma gefur mér í.

TOPP 10



# RAGNHEIÐUR KÁRADÓTTIR
**myndlistarmaður**



***MERLE HAGGARD*** platan sem var í gangi kvöldið sem ég hitti Baldur er í miklu uppáhaldi.



***ÞETTA FÍNA HÁLSMEN*** bjó stjúpdóttir mín, Eik, til og gaf mér í afmælisgjöf.



***DOGWALKER,*** undarlegar smásögur eftir Arthur Bradford. Bók sem hægt er að lesa aftur og aftur.



***HÁRSPÖNG*** frá Eight Of Hearts sem ég gat ekki staðið að kaupa mér.



***ÞETTA ER MYND*** sem kærastinn minn, Baldur Björnsson, bjó til handa mér.



**NAGGRÍSATASKA** sem Lína, vinkona mín, saumaði handa mér.



**SVANURINN EYRÚN,** verk eftir Lóu Hlín Hjálmtýsdóttur, sem ég fékk í afmælisgjöf frá kærastanum mínum.



BLÁTT ÁFRAM! Barnaheill í Vestmannaeyjum SOS-barnaþorpin UMHYGGJA

# HERMINATOR

**Langar þig á Herminator góðgerðarmótið í golfi næsta laugardag?**

Freistaðu gæfunnar í símanúmerinu 907-3030 og leggðu góðu málefni lið. Hvert símtal kostar 3000 kr. Söfnunarféð rennur óskert til Barnaspítala hringsins, Mæðrastyrksnefndar, SOS Barnaþorpa, Blátt áfram, Umhyggju og Barnaheilla í Vestmannaeyjum.

Heppnir aðilar eiga kost á að taka þátt í golfmótinu, fá áritaða treyju frá Hermanni Hreiðars og Eiði Smára, birgðir af Soccerade eða áskrift að Stöð 2 sport.

**Hringdu í 907-3030 og vertu þátttakandi í Herminator.**

Soccerade


habitat
30% afsláttur af nokkrum sumarlegum vörum
VILA borð
Áður 58.000 kr.
Nú 39.000 kr.
VILA stóll
Áður 31.290 kr.
Nú 19.000 kr.
Sólhlíf 39.000 kr.
FOLD fatastandur
Áður 20.790 kr.
Nú 14.500 kr.
JAVA garðhúsgögn
Gegnheilt tekk
Stækkanlegt borð (192/252)
og 4 stólar
Áður 339.000 kr.
Nú 237.300 kr.
NAPOKA handklæðaponsjó fyrir börn
Áður 4.400 kr.
Nú 2.900 kr.
WHEELIE barnakerra
Tilvalin fyrir börn sem
eru að læra að ganga
Áður 14.500 kr.
Nú 9.900 kr.
SAIDE plastlínan
Tilvalin í garðinn og fellihýsið
Verð frá 2.300 kr.
– fjögur glös í pakka
FABRIKAN
habitat Holtagörðum | S. 566 7070 | www.habitat.net


Citron-línan frá
Crabtree&Evelyn
20% afsláttur
út júní
Pisa tungusófi
Ljóst og brúnt áklæði
Verð áður 198.000
Verð nú 158.000
20% afsláttur
Verð nú
158.000
kr.
Allir blómapottar
með 30% afslætti
Öll SIA-kerti
með 30% afslætti
SUMARBOMBA
Opið laugardag 10-17
TEKK VÖRUHÚS
KAUPTÚNI (GEGNT IKEA) SÍMI 564 4499
TEKK COMPANY
Holtagörðum og Kringlunni – www.tekk.is
FABRIKAN



# FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

**Bergþóra Magnúsdóttir, nemi í grafískri hönnun**

1



Ég og dóttir mín byrjum þennan fullkomna morgun með Maríu Björk og Siggu Beinteins í Söngvaborg, nokkrum hressum sporum, örlítilli brúnku og söng.

2

Dóttir mín fer í leikskólann, ég fer í Kringluna og stunda þar andlega íhugun og skoða nærföt og baugahyljara.

3



Við stelpurnar (flestar fv. fegurðardrottningar, hinar bæta það upp með kynþokka í dag) hittumst í hádeginu og tökum hressandi áfengt heimaspa.

4

Úr heimaspa-inu höldum við vinkonurnar á vit ævintýranna, blikkum sjálfan Hlölla og fáum okkur einn línubát.

5

Kvöldið enda ég með nokkur járn í eldinum, á veraldarvefnum, vinkonum mínum á Barnalandi og Facebook og dáist að dóttur minni sofandi.




Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með

FH-ingar refsuðu fyrir það og komust yfir í uppbótartíma fyrri hálfleiksins þegar Ólafur Páll Snorrason skoraði. Jafnræði var svo með liðunum þar til Atli Guðnason krækti sér í vítaspyrnu eftir fallega sókn og Tommy Nielsen skoraði af öryggi úr spyrnunni.

Paul McShane minnkaði muninn með hörkuskoti áður en Atli Guðnason bætti við þriðja marki Fimleikafélagsins með skalla. Sex mínútum fyrir leikslok skoraði fyrirliðinn Haraldur Freyr Guðmundsson fyrir Keflavík og minnkaði muninn í 2-3 sem urðu lokatölur.

FH-ingum hefur gengið illa í Keflavík undanfarin ár og Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, fékk þá spurningu eftir leik hvort það væri eitthvað öðruvísi að spila í Njarðvík? „Það hlýtur að vera fyrst við náðum að vinna leikinn. Ég er samt fyrst og fremst ánægður með að við höfum náð að klára þetta,“ sagði Heimir.



Atli Viðar Björnsson var ánægður eftir leik. „Okkur líður vel þessa dagana. Við erum að fá úrslit og nú viljum við meina að okkur sé að ganga betur með Keflavík og við hlökkum bara til að koma aftur hingað,“ sagði Atli.

Haraldur Freyr Guðmundsson, fyrirliði Keflavíkur, telur sitt lið hafa verið sterkara í leiknum. „Mér fannst við vera ofan á eiginlega allan leikinn. Við fáum lítið fyrir það. Mér fannst við mæta slöku FH-liði í dag. Þetta er hrikalega svekkjandi en ef við reynum að líta eitthvað jákvætt á þetta þá fannst mér við vera að spila vel í dag þótt við höfum ekki farið með sigur af hólmi,“ sagði Haraldur augljóslega svekktur. “Við áttum að skora í fyrri hálfleik. Svo segja þeir að FH-ingur hafi varið boltann með hendi á línu en ef það er rétt átti það að vera víti og rautt.”

## ÚRSLIT

*VISA-bikarkeppni karla:*

| | |
|---|---|
| **Keflavík - FH** | **2-3** |
| 0-1 Ólafur Páll Snorrason (45.), 0-2 Tommy Nielsen (71.), 1-2 Paul McShane (75.), 1-3 Atli Guðnason (80.), 2-3 Haraldur Freyr Guðmundsson (84.). | |
| **Fylkir - Fram** | **0-2** |
| 0-1 Hjálmar Þórarinsson (32.), 0-2 Hjálmar Þórarinsson (83.). | |
| **Grindavík - KA** | **5-6 (1-1)** |
| 0-1 David Disztl (39.), 1-1 Grétar Ólafur Hjartar son (61.). KA vann í vítaspyrnukeppni, 5-4. | |

**LIÐIN Í FJÓRÐUNGSÚRSLITUM**

**Víkingur, Ó., Stjarnan, KR, Þróttur, Valur, KA, FH og Fram.**

KA sló út Grindavík:

## Hafði betur í bráðabana

**FÓTBOLTI 1. deildarlið KA sló út úrvalsdeildarlið Grindavíkur í bikarkeppninni í gær eftir framlengdan leik og vítaspyrnukeppni. Úrslit réðust ekki fyrr en í bráðabana. Þá skoraði Orri Gústafsson fyrst fyrir KA en fyrirliði Grindvíkinga, Auðun Helgason, skaut yfir úr næstu spyrnu.**

**David Disztl kom KA yfir með marki úr vítaspyrnu undir lok fyrri hálfleiks en Grétar Ólafur Hjartarson jafnaði metin fyrir heimamenn í þeim síðari. Bæði lið fengu færi til að tryggja sér sigurinn eftir það en tókst ekki.**

**- esá**

# Hefði gefið dómaranum rautt spjald

**Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, var allt annað en ánægður með dómgæsluna er hans menn töpuðu enn einum leiknum. Í þetta sinn tapaði Fylkir fyrir Fram í 16 liða úrslitum VISA-bikarkeppni karla, 2-0.**

**FÓTBOLTI** „Ég er mjög ósáttur með dómgæsluna, hún var ömurleg. Það liggur á borðinu að það hallaði mikið á Fylki í þessum leik. Það versta í þessu er að ég get ekki spjaldað dómarann. Ég hefði gefið honum rautt,“ sagði Ólafur Þórðarson, þjálfari Fylkis, eftir 0-2 tap sinna manna gegn Fram í 16 liða úrslitum Visa-bikarins í gærkvöldi.

Leikurinn fór varfærnislega af stað en Fram komst yfir með laglegu marki Hjálmars Þórarinssonar á 33. mínútu. Hann bætti svo við öðru marki á 82. mínútu þegar hann afgreiddi góða fyrirgjöf frá Ívari Björnssyni í netið.



**RAUTT** Jóhannes Valgeirsson lyftir rauða spjaldinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jóhannes Valgeirsson dómari eignaðist ekki marga stuðningsmenn í Árbænum því hann sendi tvo leikmenn Fylkis útaf með rautt spjald og einnig fékk Ólafur að fjúka af varamannabekknum með tvö gul spjöld fyrir mótmæli. Fyrra rauða spjaldið fékk Andrés Már Jóhannesson í upphafi síðari hálfleiks fyrir litlar sakir og svo fékk Ásgeir Börkur Ásgeirsson að líta beint rautt spjald fyrir olnbogaskot á Almarr Ormarsson sem lá blóðugur eftir.

Fylkismenn gáfust ekki upp þótt á móti blési og voru, ef eitthvað er, betra liðið á vellinum eftir að þeir misstu Andrés útaf. Framarar lágu aftarlega og ætluðu að sitja á sigrinum.

Eftirleikurinn var auðveldur fyrir þá bláklæddu þegar þeir urðu tveimur leikmönnum fleiri og vill Ólafur meina að dómarinn hafi eyðilegt leikinn.

„Við vorum ekki síðri en Fram í þessum leik en það er dómarinn sem eyðileggur þennan leik. Við reyndum að halda áfram en eftir því sem dómarinn fækkaði í liðinu hjá okkur, þeim mun erfiðara varð þetta,“ sagði Ólafur sem var ekkert að fela skoðun sína á frammistöðu dómarans.



**SKORAÐI TVÖ** Hjálmar Þórarinsson, lengst til hægri, skoraði bæði mörk Fram í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hjálmar Þórarinsson var sprækur í framlínunni hjá Fram og skoraði tvö mörk. Hann var óheppinn að ná ekki þrennunni. „Ég er mjög sáttur við að skora tvö mörk en ég fékk góð færi í báðum hálfleikjunum til að skora fleiri mörk. Það vantaði kannski örlitla heppni til að ná þrennunni.“

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, var öllu kátari en kollegi sinn og var ánægður með sigurinn. „Við náðum að stjórna leiknum og ég er mjög ánægður með það. Við lentum í örlitlum erfiðleikum eftir að við urðum leikmanni fleiri og það virkaði eins og við værum leikmanni færri. Við náðum hins vegar að klára verkefni og það er afar ánægjulegt,“ sagði Þorvaldur sem segir að innan liðsins séu bikardraumar.

„Við erum að bæta okkur en þetta var kannski besti leikur liðsins í sumar. Við reynum að komast eins langt og við getum í hverri keppni. Það hafa allir bikardrauma og sá draumur er enn þá á lífi hjá okkur.“

**- jjk**



# MANSAL ER STAÐREYND Á NORÐURLÖNDUM

# aldrei framar frjáls






© Flemming Gernyx

## SARA BLÆDEL KYNNIR NÝJA BÓK

**LOUISE RICK** á í höggi við forherta glæpamenn sem skirrast ekki við að misnota saklaust fólk og misþyrma því grimmilega til að þjóna eigin gróðasjónarmiðum. Mansal er staðreynd á Norðurlöndum. **SARA BLÆDEL** er einn vinsælasti rithöfundur Danmerkur.

---

## ÁRITUN Í EYMUNDSSON Í DAG

Í dag kl. 15:00-16:30 áritar **SARA BLÆDEL** bók sína í **EYMUNDSSON SKÓLAVÖRÐUSTÍG**.

---

## KYNNING Í NORRÆNA HÚSINU KL. 17:00

Í dag, 25. júní, kl. 17:00 verður kynning á bókinni og höfundinum í Norræna húsinu í tilefni af útgáfu **ALDREI FRAMAR FRJÁLS**.
Lesið verður úr bókinni á íslensku og dönsku. **SARA BLÆDEL** mun spjalla við gesti og sitja fyrir svörum. Allir velkomnir, aðgangur ókeypis.

UPPHEIMAR

UNDIRHEIMAR NORRÆNA HÚSIÐ Eymundsson Bóksali frá 1872

Uppheimar | Vesturgötu 45 | 300 Akranes | 511 2450 | uppheimar@uppheimar.is | www.uppheimar.is

Coca-Cola FAGNAÐU Á ÞINN HÁTT!



**JAPANSKUR FÖGNUÐUR** Leikmenn Japans fagna en Daniel Agger stendur niðurlútur álengdar. NORDIC PHOTOS/AFP

Holland og Japan áfram upp úr E-riðli:

# Danirnir slegnir í rot

**FÓTBOLTI** Danir eru úr leik á HM í Suður-Afríku eftir að hafa verið yfirspilaðir af frískum Japönum í gær. Japan vann leikinn örugglega, 3-1, og fylgja Hollendingum í 16 liða úrslitin. Holland vann 2-1 sigur á Kamerún á sama tíma og tryggði sér efsta sæti riðilsins með fullt hús stiga.

Holland og Argentína eru nú einu liðin sem hlutu fullt hús stiga í riðlakeppninni en Brasilía og Chile geta fylgt í fótspor þeirra í dag þegar síðustu tveir riðlarnir klárast. 16 liða úrslitin hefjast svo á morgun.

Japanir voru mun ákveðnari aðilinn í leik liðanna í gær og áttu sigurinn skilið. Tvö fyrstu mörkin komu úr aukaspyrnum áður en Jon Dahl Tomasson minnkaði muninn með sínu 52. landsliðsmarki skömmu fyrir leikslok. Það dugði þó ekki til þar sem Japanir bættu við þriðja markinu skömmu fyrir leisklok.

Holland fer fullt sjálfstrausts inn í útsláttarkeppnina þar sem liðið vann alla sína leiki í riðlinum. Arjen Robben kom inn á sem varamaður í sínum fyrsta leik á mótinu í gær. **- esá**


Egils Gull og Kareoke Sportbar kynna:

Allir helstu HM leikirnir í beinni á karoeke sportbar Frakkastíg 8.

Skemmtilegar uppákomur á milli leikja og Stór á 450 kr.

Egils gull og Kareoke sportbar - alvöru HM stemmning !





# Ítalirnir skelfingu lostnir

**Heimsmeistarar Ítalíu fylgdu í fótspor Frakka og féllu úr leik á HM með skömm eftir 3-2 tap fyrir Slóvakíu í gær. „Leikmenn voru skelfingu lostnir,“ sagði þjálfarinn Marcello Lippi eftir leikinn en það gæti átt við um landsmenn hans alla.**

**FÓTBOLTI** Liðin sem léku til úrslita á heimsmeistarakeppninni í Þýskalandi fyrir fjórum árum eru bæði fallin úr leik á HM í Suður-Afríku. Heimsmeistararnir, Ítalía, töpuðu í gær fyrir Slóvakíu, 3-2, og urðu þar með í neðsta sæti F-riðils. Eins fór fyrir Frökkum, hinu liðinu í áðurnefndum úrslitaleik, sem urðu í neðsta sæti í A-riðli eftir tap fyrir Suður-Afríku í lokaumferð riðlakeppninnar.

Þetta er í fyrsta sinn í sögunni að liðin sem léku til úrslita í síðustu keppni komast ekki áfram úr riðlakeppninni í þeirri næstu.

Með sigrinum tryggðu Slóvakar sér sæti í 16 liða úrslitum ásamt Paragvæ sem nægði markalaust jafntefli gegn Nýja-Sjálandi til að tryggja sér sigur í riðlinum. Sá leikur var heldur tilþrifalítill en Nýsjálendingar geta borið höfuðið hátt þar sem lið þeirra tapaði ekki leik í Suður-Afríku. Því bjuggust fáir við fyrirfram.

Ítölum hefði dugað jafntefli í gær til að komast áfram. Það var því mikið áfall fyrir þá að lenda 2-0 undir gegn Slóvökum með tveimur mörkum frá Robert Vittek.

Antonio Di Natale náði að minnka muninn fyrir Ítali þegar um tíu mínútur voru til leiksloka en þá hófust einhverjar æsilegustu lokamínúturnar í keppninni til þessa. Varamaðurinn Kamil Kopunek kom svo Slóvökum aftur í tveggja marka forystu með sinni fyrstu snertingu í leiknum áður en Fabio Quagliarella minnkaði aftur muninn í lok venjulegs leiktíma.

Ítalir fengu tækifæri til að skora jöfnunarmarkið í uppbótartímanum en allt kom fyrir ekki. Slóvakar fögnuðu af mikilli innlifun í leikslok enda voru þeir í neðsta sæti riðilsins þegar leikurinn hófst með aðeins eitt stig. Nú er fram undan hjá þeim leikur í 16 liða úrslitunum.

Vonbrigðin leyndu sér ekki hjá þeim ítölsku. Quagliarella hágrét á vellinum og þjálfarinn Marcello Lippi strunsaði beint inn í búningsklefa án þess að þakka kollega sínum í liði Slóvakíu fyrir leikinn. Hann stýrði Ítölum til heimsmeistaratitilsins fyrir fjórum árum og tók nú sökina á sig.

„Ég tek alla ábyrgð á því sem gerðist,“ sagði Lippi. „Ef leikmenn mæta skelfingu lostnir í hjarta sínu, hausum og fótleggjum í jafn mikilvægan leik og þennan þýðir það að þjálfarinn sinnti ekki skyldum sínum,“ bætti hann við.

„Ég átti von á öllu öðru en þeirri frammistöðu sem leikmenn sýndu í fyrri hálfleik, hvað þá þeim síðari. Mér finnst leiðinlegt að þetta hafi endað svona. Ég átti ekki von á þessu. Ég óska eftirmanni mínum alls hins besta og þakka fyrir þessi fjögur ár mín með liðinu. Sum voru frábær og önnur ekki.“

eirikur@frettabladid.is



**FYRIRLIÐINN** Fabio Cannovaro lyfti HM-styttunni frægu fyrir fjórum árum en í gær greip hann sársvekktur um andlitið. NORDIC PHOTOS/AFP


LED 3D SJÓNVÖRP FRÁ SAMSUNG

FREMSTIR Á MARKAÐNUM

KYNNING Í SÍÐUMÚLA 9

FÖSTUDAG KL. 10-18 og LAUGARDAG KL. 11-15

EINNIG KYNNING HJÁ ORMSSON-RADIONAUST, AKUREYRI, Í DAG FÖSTUDAG KL. 10-18



SAMSUNG UE40C7705WS

40" LED-SJÓNVARPSTÆKI
3-víddar tæknin innbyggð
· 200 Hz · Internet@TV
„ALLSHARE“-tæknin innbyggð
(upptaka inn á USB eða á harðan disk)
Verð kr. 399.900

NÝTT! KYNNUM EINNIG „ALLSHARE“ TÆKNINA Í SAMSUNG SJÓNVÖRPUM

ÓTRÚLEG UPPLIFUN!



SAMSUNG SSG-2100AP

HÁGÆÐA SAMSUNG 3-VÍDDAR GLERAUGU
Verð kr. 16.900

EIN SAMSUNG 3-VÍDDAR GLERAUGU FYLGJA FRÍTT MEÐ HVERJU SAMSUNG 3-VÍDDAR SJÓNVARPI

EIN SAMSUNG 3-VÍDDAR GLERAUGU OG LEIKUR FYLGJA FRÍTT MEÐ HVERJUM SAMSUNG 3-VÍDDAR BLU-RAY SPILARA

BLU-RAY 3-VÍDDARSPILARI
Verð kr. 84.900
– Eðalgripur frá SAMSUNG




SAMSUNG BD-C6900

KOMDU Á KYNNINGUNA!
..OG LÁTTU SJÁ ÞIG Í 3-VÍDD!

ORMSSON



SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900 · ORMSSON.IS

KVIKA


## ÚRSLIT

### E-RIÐILL

**Danmörk - Japan** **1-3**
0-1 Keisuke Honda (17.), 0-2 Yasuhito Endo (30.), 1-2 Jon Dahl Tomasson, víti (81.), 1-3 Shinji Okazaki (87.).

**Kamerún - Holland** **1-2**
0-1 Robin van Persie (36.), 1-1 Samuel Eto'o (65.), 1-2 Klaas-Jan Huntelaar (83.).

### LOKASTAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Holland** | **3** | **3** | **0** | **0** | **5-1** | **9** |
| Japan | 3 | 2 | 0 | 1 | 4-2 | 6 |
| **Danmörk** | **3** | **1** | **0** | **2** | **3-6** | **3** |
| Kamerún | 3 | 0 | 0 | 3 | 2-5 | 0 |

### F-RIÐILL

**Slóvakía - Ítalía** **3-2**
1-0 Robert Vittek (25.), 2-0 Robert Vittek (73.), 2-1 Antonio Di Natale (81.), 3-1 Kamil Kopunek (89.), 3-2 Fabio Quagliarella (90.).

**Paragvæ - Nýja-Sjáland** **0-0**

### LOKASTAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Paragvæ** | **3** | **1** | **2** | **0** | **3-1** | **5** |
| Slóvakía | 3 | 1 | 1 | 1 | 4-5 | 4 |
| **Nýja-Sjáland** | **3** | **0** | **3** | **0** | **2-2** | **3** |
| Ítalía | 3 | 0 | 2 | 1 | 4-5 | 2 |

### 16 LIÐA ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| **Úrúgvæ - S-Kórea** | **á morgun kl. 14.00** |
| Bandaríkin - Gana | á morgun kl. 18.30 |
| **Þýskaland - England** | **sunnudag kl. 14.00** |
| Argentína - Mexíkó | sunnudag kl. 18.30 |
| **Holland - Slóvakía** | **mánudag kl. 14.00** |
| Paragvæ - Japan | þriðjudag kl. 14.00 |

### LEIKIR DAGSINS

| | |
|---|---|
| **G-riðill: Portúgal - Brasilía** | **kl. 14.00** |
| G-riðill: N-Kórea - Fílabeinsströndin | kl. 14.00 |
| **H-riðill: Chile - Spánn** | **kl. 18.30** |
| H-riðill: Sviss - Hondúras | kl. 18.30 |




# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR ALLA

## Enn betra aðgengi að Fréttablaðinu

Breytingar voru gerðar á frídreifingu og lausasölu Fréttablaðsins 1. júní. Blaðinu er áfram dreift ókeypis í lúgur og Fréttablaðskassa á kjarnadreifingarsvæði* okkar. Nýbreytnin felst í að frídreifingu í verslunum og á bensínstöðvum á kjarnadreifingarsvæði verður hætt, en blaðið í staðinn selt í lausasölu um land allt samhliða fyrrgreindri frídreifingu heim eða í hverfi. Lausasölustöðum verður fjölgað til muna auk þess sem fjöldi Fréttablaðskassa í íbúðahverfum verður nærri þrefaldaður, úr 60 í um 170. Nánari upplýsingar um dreifingu Fréttablaðsins má nálgast á **visir.is/dreifing**.

### FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða um allt land

**Suðurnes**
N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
10-11, Keflavík
N1 verslun, Keflavík
Olís, Básinn, Reykjanesbæ
10-11, Leifsstöð
Eymundsson, Leifsstöð
Bónus, Fitjum, Njarðvík

**Vesturland**
Olís, Kjalarnesi
Krónan, Akranesi
Olís, Akranesi
Bónus, Akranesi
N1 verslun, Akranesi
Olís, Borgarnesi
Bónus, Borgarnesi
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Olís, Stykkishólmi
Bónus, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
N1, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi
N1 þjónustustöð, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði
N1 verslun, Ísafirði
Bónus, Ísafirði
Smáalind, Patreksfirði

**Norðurland**
N1 Staðarskála
Kaupfélagið Hvammstanga
Verslun Víðigerði
N1 Blönduósi
Potturinn og pannan, Blönduósi
Olís, Skagaströnd
Hlíðarkaup, Sauðárkróki
Kaupfélag Skagfirðinga, Sauðárkróki
N1 Sauðárkróki
Shellskáli, Sauðárkróki
10-11, Akureyri
N1 Hörgárbraut, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1 Leiruvegi, Akureyri
Olís, Akureyri
Bónus, Akureyri
N1, Dalvík
Olís, Dalvík
Olís, Ólafsfirði
Eyjabúðin/Eyjaljósið, Hrísey
N1, Húsavík
Shellskáli, Húsavík
Olís, Húsavík
Goðafossveitingar, Fosshóli
Búðin, Kópaskeri
Verslunin Ásbyrgi
Verslunin Urð, Raufarhöfn
N1, Þórshöfn

**Suðurland**
Olís, Selfossi
Krónan, Selfossi
Bónus, Selfossi
N1 Fossnesti, Selfossi
N1 verslun Selfossi
Verslunin Árborg, Selfossi
Bjarnabúð, Brautarhóli (Reykholti)
Ferðaþjónustan Úthlíð
Þrastalundur, Grímsnesi
Minni-Borg, Grímsnesi
N1, Hveragerði
Bónus, Hveragerði
Glóðarsel, Laugarvatni
Olís, Hellu
Söluskálinn Landvegamótum
N1, Hvolsvelli
Söluskálinn Björk, Hvolsvelli
N1 Skaftárskáli, Kirkjubæjarklaustri
Skýlið, Vestmannaeyjum
Vöruval, Vestmannaeyjum
N1, Vestmannaeyjum
Olís, Vestmannaeyjum
Krónan, Vestmannaeyjum

**Austurland**
Mónakó, Bakkafirði
N1, Vopnafirði
N1 þjónustustöð, Egilsstöðum
Bónus, Egilsstöðum
Olís, Fellabæ
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði
Olís, Reyðarfirði
Shellskáli, Eskifirði
Olís, Neskaupstað
N1, Höfn
Olís, Höfn




**Allt sem þú þarft...**

*Kjarnadreifingarsvæði Fréttablaðsins er höfuðborgarsvæðið, Akureyri, Stokkseyri, Eyrarbakki, Hveragerði, Selfoss, Borgarnes, Akranes, Reykjanesbær, Þorlákshöfn, Keilir, Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar.

## > Sylvester Stallone

„Ég er föðurlandsvinur hjartans.“

***Sylvester Stallone fer með hlutverk lögreglumanns í spennumyndinni Lögguland sem er á dagskrá Sjónvarpsins kl. 22.45.***



# dags

## VIÐ TÆKIÐ LINDA SÆBERG OG KONUÞÆTTIRNIR

# *Eðlilegt að sakna tilfinningahryllingsins?*

Ég er ein af þeim konum sem hægt er að kalla „konuþáttasjúka“. Hef alla tíð verið meira fyrir þá, en eftir að ég átti barn hefur þetta aukist svo um munar. Þegar maður eignast barn vill útstáelsi á kvöldin minnka. Þar sem ég finn mig ekki í sjónvarpsdagskrá þeirra sjónvarpsstöðva sem fátækur námsmaður hefur efni á að vera með tók ég til þeirra örþrifaráða að byrja að fylgjast með konuþáttum í gegnum netið. Þegar „mínar“ seríur klárast ein af annarri, eða fara í pásu, leita ég mér að nýjum seríum til að fylgjast með og þar af leiðandi fjölgar þeim sífellt. Og þegar hér er komið sögu, þremur og hálfu ári eftir barn, hef ég ekki tölu á því hversu mörgum seríum ég hef fylgst með. Það sem verra er, ég hef ekki tölu á hversu mörgum seríum ég er að fylgjast með þegar þetta er ritað – það er að segja ef með eru taldar þær sem eru í pásu en ekki komnar úr sýningu. Til dæmis er ég bara rétt núna, mánuði eftir síðasta próf, að ná að vinna upp allt það efni sem ég setti á bið í prófatíð.



Nú eru einmitt flestir þessara þátta í pásu yfir sumartímann og því greip ég hinn nýja þátt Courtney Cox, Cougar Town, til að byrja að fylgjast með. Hann er fínn, hann er léttur og ég hlæ mikið. En mér til mikillar furðu tók mig ekki langan tíma að tala makann inn á að fylgjast með þeim. Einn þáttur og hann var með! Hvort það er sökum þess að Courtney er fáklædd af og til í þáttunum, karlmennirnir í þeim eru frekar fyndnar týpur eða vegna þess að það er ekki tilgangur höfunda að þvinga fram tár og vanlíðan hjá áhorfendum með dramatískum tilfinningahryllingi veit ég ekki. Það sem skiptir máli er að hann horfir og hlær. Ég hef samt fundið að ég leiði hugann að því af og til að það vanti smá drama í hann. Ég tilheyri þeim hópi kvenna sem sækist í þá þætti sem fá mig til að fella tár. Mér líkar vel við þessa hressu, en það er bara eitthvað við þennan tilfinningahrylling.

## FÖSTUDAGUR



▶ **19.00** Being Erica SKJÁR EINN



▶ **20.10** Lois and Clark: The New Adventure STÖÐ2 EXTRA



▶ **20.50** The Power of One STÖÐ 2



▶ **21.00** 4-4-2 STÖÐ2 SPORT 2



▶ **21.05** Fía Fóstra SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**11.40 HM í fótbolta** Paragvæ - Nýja-Sjáland, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**13.30 HM-stofa**

**14.00 HM í fótbolta** Portúgal - Brasilía, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**16.00 Mörk vikunnar** Í þættinum er fjallað um íslenska kvennafótboltann.

**16.30 Fyndin og furðuleg dýr** (17:26)

**16.35 Manni meistari** (3:13)

**17.00 Leó** (14:52)

**17.05 Táknmálsfréttir**

**17.15 HM-stofa** Hitað upp fyrir leik á HM í fótbolta.

**18.00 Fréttir**

**18.20 HM í fótbolta** Síle - Spánn, bein útsending frá leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**20.30 HM-kvöld**

**21.00 Veðurfréttir**

▶**21.05 Fía fóstra** (Nanny McPhee) Bandarísk bíómynd frá 2006. Börn ekkjumannsins Cedrics Browns hrekja burt hverja barnfóstruna af annarri, þangað til að hann fær töfrum gædda konu til að gæta þeirra.

**22.45 Lögguland** (Cop Land) Bandarísk spennumynd frá 1997. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

**00.30 HM-kvöld** (e)

**00.55 HM í fótbolta** Norður-Kórea - Fílabeinsströndin, upptaka af leik í úrslitakeppni HM í fótbolta í Suður-Afríku.

**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 The Truth About Love**

**10.00 27 Dresses**

**12.00 Unstable Fables:3 Pigs & a Baby**

**14.00 The Truth About Love**

**16.00 27 Dresses**

**18.00 Unstable Fables:3 Pigs & a Baby**

**20.00 Piccadilly Jim**

**22.00 Code 46**

**00.00 Dave Chappelle's Block Party**

**02.00 Planes, Trains and Automobiles**

**04.00 Code 46**

**06.00 First Wives Club**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Tommi og Jenni, Elías, Hvellur keppnisbíll, Kalli litli Kanína og vinir, Lalli

**08.15 Bold and the Beautiful**

**08.35 Í fínu formi**

**08.50 Oprah**

**09.30 The Doctors**

**10.15 The Moment of Truth** (19:25)

**11.00 Extreme Makeover. Home Edition** (25:25) Fjórða þáttaröð hins sívinsæla Extreme Makeover. Home Edition.

**11.50 Chuck** (19:22)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Project Runway** (3:14)

**13.45 La Fea Más Bella** (190:300)

**14.30 La Fea Más Bella** (191:300)

**15.30 Wonder Years** (6:6)

**16.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Aðalkötturinn, Kalli litli Kanína og vinir

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons**

**18.23 Veður** Markaðurinn

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.09 Veður**

**19.15 American Dad** (1:20)

**19.40 The Simpsons** (1:21)

**20.05 Wipeout USA** Stórskemmtilegur skemmtiþáttur og nú í bandarísku útgáfunni þar sem buslugangurinn er gjörsamlega botnlaus og glíman við rauðu boltana aldrei fyndnari.

▶**20.50 The Power of One** Bráðskemmtilegur þáttur þar sem dávaldurinn Peter Powers ferðast um og finnur sjálfboðaliða sem eru tilbúnir að láta dáleiða sig og taka uppá ýmsum kostulegum hlutum.

**21.20 Rock Star** Rokkarinn Chris Cole býr enn í foreldrahúsum og hefur lífibrauð af því að gera við ljósritunarvélar.

**23.05 Perfect Stranger** Hörkuspennandi sálfræðitryllir með Halle Berry og Bruce Willis í aðalhlutverkum.

**00.50 28 Weeks Later** Hrollvekjandi kvikmynd sem er sjálfstætt framhald 28 Days Later.

**02.30 The Namesake**

**04.30 Wipeout USA**

**05.15 The Simpsons** (1:21)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**18.05 Inside the PGA Tour 2010** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Árið sem framundan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mergjar.

**19.30 F1 föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.

**20.00 Road To The Finale** Sýnt frá Ultimate Fighter þar sem margir af bestu bardagamönnum heims mæta til leiks.

**22.05 Main Event. Day 7** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**22.55 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

**23.40 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**06.10 4 4 2**

**07.00 4 4 2**

**07.45 4 4 2**

**08.30 4 4 2**

**09.15 Slóvakía - Ítalía** HM 2010(e)

**11.10 Kamerún - Holland** HM 2010 (e)

**13.00 4 4 2**

**13.45 N- Kórea - Fílabeinsströndin** Bein útsending frá leik Norður Kóreu og Fílabeinsstrandarinnar á HM 2010

**16.00 Portúgal - Brasilía** HM 2010 (e)

**18.15 Sviss - Hondúras** Bein útsending frá leik Sviss og Hondúras á HM 2010

**20.30 Ronaldinho** Í þessum þætti verður fjallað um Ronaldinho sem var af mörgum talinn einn af bestu knattspyrnumönnum heims snemma á þessum áratugi

▶**21.00 4 4 2**

**21.45 Chile - Spánn** HM 2010 (e)

**23.40 Portúgal - Brasilía** HM 2010 (e)

**01.35 N- Kórea - Fílabeinsströndin** HM 2010 (e)

**03.30 Sviss - Hondúras** HM 2010 (e)

**05.25 4 4 2**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.35 Sumarhvellurinn** (2:9) (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Rachael Ray** (e)

**09.30 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Sumarhvellurinn** (2:9) (e)

**12.20 Pepsi MAX tónlist**

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.15 Three Rivers** (3:13) (e) Dramatísk og spennandi þáttaröð um lækna sem leggja allt í sölurnar til að bjarga sjúklingum sínum.

▶**19.00 Being Erica** (7:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um unga konu sem hefur ekki staðið undir eigin væntingum í lífinu en fær óvænt tækifæri til að breyta því sem aflaga hefur farið.

**19.45 King of Queens** (16:22)

**20.10 Biggest Loser** (9:18) Bandarísk raunveruleikasería um baráttuna við mittismálið.

**21.35 The Bachelor** (5:10) Raunveruleikaþáttur þar sem rómantíkin ræður ríkjum.

**22.25 Parks & Recreation** (8:24) (e) Bandarísk gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverki.

**22.50 Law & Order UK** (7:13) (e)

**23.40 Life** (10:21) (e)

**00.30 Saturday Night Live** (22:24) (e)

**01.20 King of Queens** (16:22) (e)

**01.45 Heroes** (10:19) (e)

**02.30 Heroes** (11:19) (e)

**03.15 Heroes** (12:19) (e)

**04.00 Heroes** (13:19) (e)

**04.45 Heroes** (14:19) (e)

**05.30 Girlfriends** (6:22) (e)

**05.50 Pepsi MAX tónlist** (e)

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórn ÍNN: Jón Kristinn Snæhólm, Guðlaugur Þór Þórðarson og gestaráðherra ræða um það sem er efst á baugi í þjóðfélaginu í dag.

**21.00 Golf fyrir alla** Golfþáttur með Ólafi Má og Brynjari Geirssyni.

**21.30 Grínland**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 19.40**

### The Simpsons



Lokskins, loksins! Tuttugasta þáttaröðin í þessum langlífasta gamanþætti bandarískrar sjónvarpssögu. Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátækjasamari. Í þætti kvöldsins lendir Hómer í vandræðum á áfengislausri skemmtun á meðan Marge uppgötvar leynda hæfileika í kökubakstri.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Rockstar**

**Stöð 2 kl. 21.20**

Rokkarinn Chris Cole býr enn í foreldrahúsum og hefur lifibrauð af því að gera við ljósritunarvélar. Tónlistin er honum samt allt og þegar Chris fær tækifæri til að ganga til liðs við uppáhaldshljómsveitina sína, Steel Dragon, verður ekki aftur snúið. Chris verður þekktur á svipstundu en frægðin getur verið dýru verði keypt.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Af minnisstæðu fólki
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Hádegisútvarpið
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hraustir sveinar og horskar meyjar
**14.03** Girni, grúsk og gloríur
**15.03** Útvarpssagan: Út að stela hestum
**15.25** List og losti
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Fnykur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.20** Auglýsingar
**18.22** Syrpan
**18.50** Veðurfregnir
**19.00** Tónlist fólksins
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hringsól
**21.30** Kvöldsagan: Konan í dalnum og dæturnar sjö
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors** The Doctors eru glænýir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

▶**20.10 Lois and Clark: The New Adventure** (18:21) Sígildir þættir um blaðamanninn Clark Kent sem vinnur hjá Daily Planet þar sem hann tekur að sér mörg verkefni og leysir vel af hendi, bæði sem blaðamaður og Ofurmennið.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.45 NCIS** (25:25) Spennuþáttaröð sem er í röð þeirra allra vinsælustu í Bandaríkjunum og fjallar um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**22.30 Fringe** (19:23) Önnur þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.

**23.15 The Wire** (4:10) Fimmta syrpan í hörkuspennandi myndaflokki sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum.

**00.15 The Doctors**

**01.00 Lois and Clark. The New Adventure** (18:21)

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.30** My Hero **12.55** My Hero **13.25** My Family **13.55** My Family **14.25** The Weakest Link **15.10** The Inspector Lynley Mysteries **16.00** Doctor Who **16.45** The Weakest Link **17.30** Fawlty Towers **18.00** Benidorm **18.25** Spooks **19.15** Spooks **20.10** Benidorm **20.30** The Jonathan Ross Show **21.20** Doctor Who **22.05** Benidorm **22.30** Benidorm **22.55** The Jonathan Ross Show **23.45** The Visitor

## DR 1

**12.00** Hestebrødrene **12.30** Dyrehospitalet **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie **15.05** Landet for længe siden **15.30** Palle Gris på eventyr **15.55** Molly Monster **16.00** VM Studiet **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** VM 2010 studiet **18.30** Fodbold-VM **19.20** TV Avisen **19.30** Fodbold-VM **20.30** VM 2010 studiet **21.00** Mean Machine **22.35** Pieces of April **23.50** Boogie

## NRK 1

**12.25** Par i hjerter **13.15** Dallas **14.05** Bedre enn sitt rykte **15.30** Lisa goes to Hollywood **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Nyheter på tegnspråk **16.10** Kokkekamp **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **18.00** Dei blå hav **18.50** 20 sporsmål **19.15** Detektimen: Tause vitner **21.00** Kveldsnytt **21.15** En velutstyrt mann **21.45** Da Stones gikk i eksil **22.45** Brura blei lura **23.40** Country jukeboks u/chat

## SVT 1

**12.35** Gomorron Sverige **13.25** Rapport **13.30** Fotbolls-VM **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Minnenas television **17.25** K-märkta ord **17.30** Rapport med A-ekonomi **17.45** AB Svenska ords klassiker **18.00** Midsommar med Ola **19.00** Nina Frisk **20.20** Rapport **20.30** Fotbolls-VM: Höjdpunkter **21.15** Minnenas television **22.20** Alla säger I Love You **00.00** Sverige!



## GOTT Á GRILLIÐ



*„Mér finnst afskaplega gott að grilla kryddleginn fisk og eru lúða, hlýri og langa í miklu uppáhaldi. Með fiskinum hef ég grillaðar paprikur, lauk og kartöflur ásamt fersku salati og heimatilbúinni jógúrtsósu.“*

Katla Ásgeirsdóttir grillari.

# Rændar tvisvar sama daginn

Áslaug Rán Einarsdóttir, eða Ása eins og hún er kölluð, og Aníta Hafdís Björnsdóttir ákváðu í desember að hætta í vinnu sinni, selja eigur sínar og halda á vit ævintýranna.

Stúlkurnar stunda báðar svifvængjaflug og munu ferðast um heiminn næstu tvö árin og stunda íþróttina. Þær settu einnig á laggirnar verkefni sem kallast The Flying Effect í samstarfi við UNIFEM á Íslandi og er verkefninu ætlað að vekja athygli á frelsismálum kvenna á heimsvísu.

„Við byrjuðum ferðalagið í Nepal sem var yndislegt fyrir utan magapestina sem ég held að allir fá þegar þeir koma til landsins. Því næst tókum við strætó yfir til Indlands og dvöldum þar í tvo mánuði,“ segir Ása Rán. Stúlkurnar lentu tvisvar í óprúttnum aðilum á leið sinni til Indlands, en Ása Rán segir þó flesta Indverjar vera gott fólk og gestrisið. „Við vorum rændar á fyrsta degi í Indlandi, eiginlega um leið og við komum yfir landamærin. Þá komu tveir menn inn í vagninn og hræddu okkur upp úr skónum, tóku af okkur lestarmiðana okkar og fengu okkur svo til að kaupa þá aftur. Stuttu síðar gerðist þetta aftur þannig að við enduðum á því að þríkaupa lestarmiðana okkar. Þegar við svo komum loks á lestarstöðina þá var búið að aflýsa ferðinni.“

Ása Rán og Aníta ferðuðust því næst til Taílands og Malasíu en ferðalaginu lauk í Frakklandi. Ása hyggst dvelja hér á landi fram á haust þegar ferðalaginu verður haldið áfram og þá um Suður-Ameríku. Innt eftir því hvort hún þreytist ekki á því að stunda svifvængjaflug eins mikið og hún gerir svarar hún því neitandi. „Þetta er alltaf jafn gaman. En það koma dagar þar sem ég er hræddari en venjulega því, ótrúlegt en satt, þá er ég mjög lofthrædd og áður en ég byrjaði á þessu gat ég ekki einu sinni staðið uppi á stól,“ segir Ása Rán að lokum.

Www.theflyingeffect.wordpress.com er vefsíða stelpnanna. -sm



**GÓÐIR FERÐAFÉLAGAR** Ása Rán ásamt ferðafélaga sínum, Anítu Hafdísi Björnsdóttur. Þær seldu eigur sínar og hyggjast ferðast um heiminn næstu tvö árin. Á myndinni eru stúlkurnar ferðbúnar á vespum á Balí í Indónesíu.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** skrambi, **6.** hróp, **8.** óhróður, **9.** samræði, **11.** í röð, **12.** uppskafningsháttur, **14.** ljúka, **16.** guð, **17.** sérstaklega, **18.** slöngu, **20.** tveir eins, **21.** tala.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mats, **3.** ónefndur, **4.** fax, **5.** starf, **7.** ræflarokkari, **10.** eldsneyti, **13.** hólf, **15.** illgresi, **16.** skarð, **19.** 2000.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ansi, **6.** óp, **8.** níð, **9.** mök, **11.** mn, **12.** snobb, **14.** klára, **16.** ra, **17.** sér, **18.** orm, **20.** ff, **21.** fimm.
**LÓÐRÉTT: 1.** dóms, **3.** nn, **4.** símbréf, **5.** iðn, **7.** pönkari, **10.** kol, **13.** bás, **15.** arfi, **16.** rof, **19.** mm.

vísir.is
“...ég sá það á vísi”

SUPER PIZZA
Nýbýlavegi 32
Tilboð
16” Tex Mex
Lamba Pizza
1,099- kr.

ATHENA RAGNA: LEIKSTJÓRINN HAFÐI SAMBAND Á FACEBOOK

# Leikur í sinni fyrstu mynd með Isabellu Rossellini

„Ég var að fá flugmiðann í hendurnar og fer til Kanada 24. júlí,“ segir Athena Ragna, starfsmaður Tals í Kringlunni og fyrirsæta í hjáverkum, sem hefur fengið hlutverk í kvikmyndinni Keyhole eftir kanadíska leikstjórann Guy Maddin. Með aðalhlutverk í myndinni fara leikararnir Isabella Rossellini og Jason Patric og hefjast tökur í Kanada í júlí.

Athena er nýútskrifuð frá Fjölbrautaskóla Vesturlands og fyrir utan eitt barnaleikrit í sex ára bekk, hefur hún lítið sem ekkert leikið áður. „Ég hef aðeins verið að sitja fyrir á ljósmyndum og Guy Maddin, leikstjóri myndarinnar, hafði samband gegnum samskiptavefinn Facebook. Hann sagðist hafa séð eina mynd af mér fyrir tveimur árum og leitaði mig uppi. Hann vill meina að ég sé fullkomin í eitt hlutverk myndarinnar.“

**400** milljónir manna nota Facebook að staðaldri. Helmingur þeirra heimsækir síðuna daglega.

**HEIMILD:** FACEBOOK.COM

Athena var mjög efins í fyrstu og hélt að þetta væri eitthvert rugl en eftir að fleiri aðilar í kringum myndina höfðu samband við hana ákvað hún að skoða málin betur. Hún býst við að fá handritið í hendurnar í vikunni og getur lítið sagt um sitt framlag til myndarinnar fyrr en hún er búin að lesa það. „Ég held að þetta sé bara eitthvert lítið hlutverk en ég verð í tökum í rúma viku.“

Myndin heitir Keyhole og er söguþráðurinn byggður á Hómerskviðunum. Guy Maddin er kanadískur leikstjóri með mörg kvikmyndaverkefni á ferilskránni. Fegurðardísin Isabella Rossellini skaust upp á stjörnuhimininn eftir að hún lék í kvikmyndum leikstjórans Davids Lynch, Blue Velvet og Wild at Heart, og er í dag þekkt nafn í kvikmyndaheiminum. Jason Patric er þekktur út sjónvarpsþættinum Entourage, kvikmyndinni My sister´s keeper og nú síðast má sjá hann í bíóhúsum borgarinnar í myndinni The Losers. Einnig er leikarinn Kevin McDonald orðaður við hlutverk í myndinni en hann er þekktur frá sjónvarpsþáttum eins og Friends, Seinfeld og Ellen. Áætluð er að Keyhole verði frumsýnd árið 2011.

„Þessi mynd er ekki með mikið fjármagn og leikstjórinn er að borga úr sínum eigin vasa til að fá mig út. Það er því eins gott að ég standi mig og verði ekki send heim því ég kann ekki að leika,“ segir Athena hlæjandi að lokum.

alfrun@frettabladid.is



**ATHENA RAGNA JÚLÍUSDÓTTIR** Fékk kvikmyndahlutverk gegnum í Facebook.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Damien Rice** er á leiðinni til landsins enn á ný. Hann kemur fram á tónleikunum á vegum Inspired by Iceland-verkefnisins í Hamragörðum undir Eyjafjöllum 1. júlí. Damien ætlaði í fyrstu aðeins að koma fram á tónleikunum á myndbandi, eins og nokkrir listamenn, en ákvað á síðustu stundu að slá til og mæta í eigin persónu. Rice kom síðast til landsins seint á síðasta ári þegar hann tók upp tónleika í hljóðverinu Sundlaugin ásamt því að bregða á leik með leikskólabörnum í Reykjavík ...



**Hafdís Huld** hefur einnig bæst í hópinn sem kemur fram á tónleikunum, en fyrir voru listamenn á borð við Lay Low, Diktu og Amiinu. Þá kemur gítarleikarinn Pétur Hallgrímsson fram undir nafninu Pondus. Pétur tók nýverið upp dúett með Shirley Manson úr hljómsveitinni Garbage sem naut mikilla vinsælda á seinni hluta tíunda áratugarins. Hljómsveitin kom til landsins árið 1999 og hélt tónleika á þaki Faxaskála. Hann hefur nú verið rifinn, en kaldhæðni örlaganna hagar því þannig að tónlistarhúsið Harpa rís á rústunum ...



Shirley er ekki væntanleg til landsins til að syngja lagið með Pétri, en í stað hennar mætir argentínska þokkadísin **Mia Maestro**. Mia þessi er stórvinkona Sölmu Hayek, sem er, að öðrum konum ólöstuðum, útlits- og líkamlegt þrekvirki. Mia hefur komið víða við og leikið í Alias-þáttunum sem Íslendingar þekkja af RÚV ásamt því hafa leikið í fjölmörgum kvikmyndum og talað inn á þátt af Family Guy. Hún er einnig gallharður stuðningsmaður argentínska landsliðsins og miðað við ástríðu Miu fyrir fótboltanum skulum við vona að Maradona og félagar í Argentínu verði komnir í átta liða úrslit þegar hún mætir til landsins. - afb



Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755
HUMAR HUMAR HUMAR
2000 KR.KG.
EIGUM TIL MARKÍL Í BEITU FYRIR VEIÐIMENNINA
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Plötusnúðar snúa bökum saman

„Við skiljum ekki af hverju við erum ekki löngu búnir að vinna saman áður, enda búnir að vera félagar í mörg ár,“ segir Jón Atli Helgason, plötusnúður með meiru, um nýja hljómsveit hans og Gísla Galdurs Þorgeirsonar, HumanWoman. Þeir hafa báðir staðið við plötusnúðaborðið á mörgum af helstu skemmtistöðum borgarinnar og eru þekktir undir nöfnunum Sexy Lazer og Dj. Magic. „Við byrjuðum með HumanWoman sem svona remix verkefni. Við endurhljóðblönduðum til dæmis lagið Thin Ice með GusGus sem heppnaðist mjög vel,“ segir Jón Atli en vegna velgengi samstarfsins ákváðu þeir að stofna hljómsveitina. Gísli og Jón Atli skiptast á um að syngja og leika á hin ýmsu hljóðfæri.

Félagarnir hafa eytt síðustu mánuðum í stúdíói og lýsa tónlist sinni sem poppi med „goth-glam“ ívafi.

Fyrsta lag sveitarinnar fór í spilun fyrr í vikunni en það ber nafnið Delusional og mun eflaust heyrast á nokkrum dansgólfum um helgina. „Núna erum við að leggja lokahönd á plötuna sem mun koma út með haustinu. Þá verða tónleikar og tilheyrandi húllumhæ,“ segir Jón Atli að lokum.



**HUMANWOMAN** Tveir helstu plötusnúðar Íslands hafa leitt saman hesta sína og stofnað hljómsveit. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

66° NORÐUR
ÍSLENSKIR FJALLALEIÐSÖGUMENN

# Til hamingju með árangurinn


















## TOPPAÐU *með* 66°NORÐUR
### & ÍSLENSKUM FJALLALEIÐSÖGUMÖNNUM

**Þátttakendur í Toppaðu með 66°NORÐUR og Íslenskum Fjallaleiðsögumönnum hafa í ár gengið á fjórtán tinda sem samsvarar 12.024 m hækkun.**

**Um 600 manns hafa klifið hæsta tind Íslands, Hvannadalshnúk, með okkur í Toppaðu verkefninu undanfarin 3 ár og við erum strax farin að hlakka til næstu ferðar.**

Nánari upplýsingar á www.66nordur.is og www.fjallaleidsogumenn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Össur reiður

Óvænt uppákoma varð í gær á ráðherrafundi EFTA, sem haldinn er í Reykjavík þessa dagana í tilefni af 50 ára afmæli samtakanna. Per Sanderud, forseti Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), flutti þar erindi um mál, sem stofnunin hefur til umfjöllunar og nefndi m.a. Icesavemálið. Sanderud sagði eitthvað á þá leið að Ísland virtist hvorki hafa getu né vilja til að ljúka málinu. Þessu reiddist **Össur Skarphéðinsson** utanríkisráðherra ákaflega, en hann hafði fram að þessu stjórnað fundinum settlega. Fékk Sanderud væna ofanígjöf hjá utanríkisráðherra, sem sakaði forsetann meðal annars um fordóma í garð Íslendinga. Í fundarhléi jós utanríkisráðherrann svo áfram úr skálum reiði sinnar við fulltrúa norskra fjölmiðla, sem höfðu á orði að hann hefði talað í fyrirsögnum.



### Litla Ísland

Útlendur ferðamaður, sem staddur er í Reykjavík, brá sér inn á fótboltabarinn Bjarna Fel. í Austurstræti í fyrradag til að horfa á leik í HM. Hann pantaði sér bjór og spurði svo tvo menn kurteislega hvort sætið á milli þeirra væri laust. Þeir héldu það nú og útlendingurinn fékk sér sæti. Eftir dálitla stund fór hann að gaumgæfa sessunauta sína og áttaði sig þá á því að hann sat á milli þeirra **Eiðs Smára Guðjohnsens** og Hermanns Hreiðarssonar. Á Íslandi þekkja allir alla, meira að segja erlendir ferðamenn.



## Mest lesið visir.is

1. Málning skemmir bíla á Suðurlandsvegi
2. Heimilisofbeldi: Konur gerendur í fjórðungi mála
3. Einar K.: Flokkurinn er ekki að klofna
4. Sakar Jón Gnarr um pólitískar ráðningar
5. Bensínbetlarinn náðist á eftirlitsmyndavél





